FRÉTTABLAÐIÐ
227. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 26. SEPTEMBER 2016



Fjöldi ferðamanna var á Jökulsárlóni um helgina. Þeir urðu, ásamt ljósmyndara Fréttablaðsins, vitni að miklu sjónarspili þegar einum ísjakanum hvolfdi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

# Gagnrýnir launabónusa til forystu KSÍ

**Stjórn Knattspyrnusambands Íslands greiðir starfsmönnum launauppbót vegna EM í Frakklandi í sumar. Upphæðin samsvarar mánaðarlaunum hvers starfsmanns. Formaður eins stærsta aðildarfélags KSÍ segir að upplýsa þurfi betur um heimildir fyrir greiðslunum.**

**ÍÞRÓTTIR** Stjórn KSÍ hefur samþykkt að greiða starfsfólki sambandsins launauppbót sökum álags í tengslum við þátttöku A-landsliðs karla á EM í Frakklandi í sumar. Uppbótin samsvarar mánaðarlaunum hvers starfsmanns.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Gylfi Þór Orrason, gjaldkeri og formaður fjárhagsnefndar KSÍ, að tillaga um launauppbótina hefði verið samþykkt í júlí, en Geir Þorsteinsson formaður bar upp tillöguna. Ekki var gert ráð fyrir greiðslu til hans í henni. Á stjórnarfundi í ágúst bar Gylfi fram tillögu fjárhagsnefndar þess efnis að Geir fengi greiðslu líkt og aðrir starfsmenn.

Geir vék af fundi þegar tillagan var afgreidd. „Það var rosalega mikið álag á starfsfólkinu okkar í sumar,“ segir Gylfi um ákvörðunina.

„Starfsfólk KSÍ hefur unnið langt umfram það sem umsamið er og þá var komið til móts við það eins og í öðrum fyrirtækjum,“ segir Geir Þorsteinsson. Hann segir greiðslurnar innan eðlilegra marka. Ekki fékkst gefið upp hversu háar greiðslurnar voru að krónutölu. Samkvæmt ársreikningi KSÍ 2015 námu laun og launatengd gjöld 136,1 milljón króna og því má ætla að uppbótin nemi nokkrum milljónum króna.

Samkvæmt tekjublaði DV námu laun Geirs 1.390 þúsund krónum á mánuði í fyrra. „Ég verð að viðurkenna að mér finnst þetta í hæsta máti óeðlilegt,“ segir Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH, um málið. Hann segir að KSÍ þurfi að upplýsa betur um hvaða heimildir séu fyrir greiðslunum og hvernig þær komu til. Að öðru leyti vildi hann ekki tjá sig um málið. – hlh

## Hóf söngferilinn 13 ára gömul

**DÆGURMÁL** Söngkonan Joss Stone er væntanleg til Íslands í október, þar sem hún mun koma fram á tónleikum. Söngkonan á langan feril að baki en hún hefur meðal annars hlotið Grammy-verðlaun og tvenn BRIT-verðlaun á ferli sínum.

Boltinn fór að rúlla hjá þessari ungu söngkonu þegar hún var 13 ára. „Þetta gerðist allt mjög hratt, ég tók þátt í hæfileikakeppni á sjónvarpsstöðinni BBC þegar ég var þrettán ára gömul. Umboðsmaðurinn minn hafði samband við mig stuttu eftir þetta kvöld,“ segir Joss Stone.



– gjs / sjá síðu 20

## Flest tilfellin í Skagafirði

**LANDBÚNAÐUR** „Það er bara verið að kippa undan manni fótunum og við getum ekkert gert í þessu,“ segir Ragnheiður G. Kolbeins, bóndi á Brautarholti. Greint var frá því fyrir helgi að riðuveiki hefði komið upp á bænum.

**13**

**staðfest riðutilfelli hafa komið upp á landinu á 10 árum.**

Á síðustu tíu árum hafa þrettán staðfest riðutilfelli komið upp á landinu. Flest tilfellin hafa komið upp í Skagafirði en einnig eru dæmi um tilfelli á Suðurlandi og í Húnaþingi vestra. – sa / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag



Halldór 10

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um búð í Englandi sem vill banna okkur að nota vörumerkið Iceland. 11

**SPORT** Fylkir í afar erfiðum málum. 12

**LÍFIÐ** Norskir raunveruleikaþættir voru teknir upp á Þingvöllum og Nesjavöllum. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Hjálpin, fréttablað Rauða krossins fylgir blaðinu í dag.




Rauði krossinn



## Veður




Norðvestan 10-15 m/s á annesjum norðanlands í dag, annars hægari vindur. Rigning eða slydda norðvestan til og einnig við norðausturströndina, en þurrt og bjart veður á Suður- og Austurlandi. **SJÁ SÍÐU 16**

# Athyglin á besta vini mannsins



**Smáhundasýning** Hundaræktarfélags Íslands og Garðheima fór fram um helgina. Þar var fjöldi smáhunda af ýmsum gerðum ásamt eigendum þeirra sem sýndu sig og sáu aðra. Ekki er annað að sjá en að hundarnir á þessari mynd hafi tekið athyglinni vel. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Óvíst um þinglok

**STJÓRNMÁL** Almennar stjórnmálaumræður, eldhúsdagsumræður, fara fram klukkan 19.40 í kvöld og verða sendar út í útvarpi og sjónvarpi. Starfsáætlun Alþingis gerir svo ráð fyrir að síðasti þingfundur fyrir kosningar fari fram á fimmtudaginn. Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, er ekki tilbúinn til þess að fullyrða að sú starfsáætlun standist.

„Ég treysti mér nú bara ekki til þess að segja það á þessu stigi. Það er auðvitað ljóst mál að það er farið að þrengja mjög að þessu tímaplani og þess vegna mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvaða mál muni klárast áður en þingi lýkur,“ segir Einar.

Vegna eldhúsdagsumræðna verða engir aðrir þingfundir á morgun. **– jhh**



**Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis**

# Braut á rétti bankamanna

**STJÓRNSÝSLA** Páll Winkel fangelsismálastjóri braut lagareglur með ummælum í fjölmiðlum um fyrrverandi stjórnendur Kaupþings á meðan þeir afplánuðu á Kvíabryggju. Þetta er niðurstaða umboðsmanns Alþingis, en fréttastofa RÚV greindi frá henni í gær. Fangarnir kvörtuðu undan ummælum Páls um að þeir hafi viljað rauðvín með matnum á Kvíabryggju og að almannatengslafyrirtæki hafi haft samband við hann í kjölfar frétta í tengslum við málið.

Í öðru lagi fullyrtu þeir að Michael Moore kvikmyndagerðarmaður hefði, með leyfi Páls, fengið aðgang að fangelsinu til að ná af þeim myndum. Í þriðja lagi kvörtuðu þeir yfir ummælum Páls sem þeir túlkuðu sem dylgjur um mútur fanga. Í fjórða lagi kvörtuðu þeir yfir fréttum þess efnis að til hafi staðið að þeir færu á reiðnámskeið á Kvíabryggju og ummælum Páls um þær fréttir. **– jhh**

# Sviss samþykkir eftirlitslöggjöf

**SVISS** Yfirvöld í Sviss fá heimild til þess að hlera síma, lesa tölvupósta og nota faldar myndavélar og annan hlerunarbúnað í kjölfar þess að löggjöf um slíkar heimildir var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær.

Alls samþykktu um 65 prósent kjósenda lögin. Umræddar heimildir eru þó háðar samþykki dómstóla, varnarmálaráðuneytis og ríkisstjórnar.

Andstæðingar löggjafarinnar hafa lýst yfir áhyggjum sínum um að hún grafi undan friðhelgi einkalífsins en ríkisstjórnin fullyrðir að einungis verði sóst eftir slíkum heimildum til að fylgjast með einstaklingum sem taldir eru ógna þjóðaröryggi.

Guy Parmelin, varnarmálaráðherra landsins, segir lögin ekki sambærileg föðurlandslöggjöf Bandaríkjanna. Segir Parmelin að sú löggjöf, sem heimilar víðtækar persónunjósnir, fari langt yfir strikið og brjóti á friðhelgi einkalífsins. **– þea**

LYFJA
– Lífið heil

20 ára

Heilsutjútt
26. sept.–3. okt.

Allt að 30% AFSLÁTTUR af heilsuvörum

Nýttu tækifærið og hugaðu að heilsunni. Kíktu í bækling Lyfju og skoðaðu úrval tilboða á völdum heilsuvörum.

www.lyfja.is

# Gunnar segir grafið undan formanninum

**Gunnar Bragi Sveinsson styður Sigmund Davíð og Lilju Alfreðsdóttur til að leiða flokkinn í komandi kosningabaráttu. Segir hann varaformann og ritara flokksins reyna að grafa undan formanni og augljósar klofningslínur hafa myndast.**

**STJÓRNMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur herst í stuðningi sínum við Sigmund Davíð Gunnlaugsson eftir atburði síðustu daga. Segir hann Sigurð Inga og Eygló Harðardóttur hafa unnið saman að því að grafa undan formanni flokksins og segir það svik.

„Ég styð enn þá Sigmund Davíð eins og ég hef stutt hann alla tíð og hef bara herst í þeirri afstöðu eftir vendingar helgarinnar. Það sem ég á við með því er að Eygló og Sigurður Ingi hafa unnið að því í sameiningu að grafa undan formanni flokksins og ætla sér að komast til valda í flokknum,“ segir Gunnar Bragi. „Átökin eru augljós en ef við kjósum sterka forystu með Sigmund Davíð og Lilju Alfreðsdóttur þá tel ég okkur geta náð góðum árangri í kosningunum í lok október og komist í ríkisstjórn.“

Lilja Dögg Alfreðsdóttir sagðist í gær einnig styðja formanninn til endurkjörs. Því hafa allir oddvitar Framsóknarflokksins gefið upp afstöðu sína. Oddvitarnir í Suðurkjördæmi og Norðausturkjördæmi stefna báðir á formannssætið en hinir fjórir skiptast jafnt á milli þeirra. Því eru átakalínurnar nokkuð augljósar í flokknum. Grétar Þór Eyþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, segir flokkinn augljóslega klofinn í afstöðu sinni. „Þetta virðist vera farið að skýrast nokkuð mikið. Þó flokkurinn sé alls ekki klofinn í afstöðu til málefna þá er klofningur innan flokksins um það hver eigi að stjórna honum í nánustu framtíð,“ segir Grétar Þór.

Gunnar Bragi segir Sigmund Davíð líklegan til að geta komið flokknum í ríkisstjórn og blæs á þær vangaveltur að fáir vilji vinna með honum. „Þegar í kosningar og svo stjórnarmyndunarviðræður er komið velta menn því ekki fyrir sér og láta það ekki hafa áhrif á sig. Sigmundur hefur sýnt það að hann getur unnið stórsigra og er vel til þess fallinn að leiða flokkinn.“

sveinn@frettabladid.is



**Þegar allt lék í lyndi. Nú berjast þau um stjórnartaumana í flokknum. Sigurður Ingi og Eygló gegn Sigmundi Davíð og Lilju Alfreðsdóttur. Gunnar Bragi styður síðarnefnda hópinn dyggilega. Brátt kemur í ljós hvorir hafa betur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Oddvitar í tveimur fylkingum

Lilja Dögg Alfreðsdóttir og Gunnar Bragi Sveinsson hafa lýst yfir stuðningi við Sigmund Davíð Gunnlaugsson.



Eygló Harðardóttir og Karl Garðarsson hafa lýst yfir stuðningi við Sigurð Inga Jóhannsson.



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# FYRIRSMURNIR Á ÞARFAÞINGI

**Sértilboð á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum 15.–30. september.**




ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 81200 09/16

## 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru*

## 15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

# Hótel, baðlón, skíðalyfta og gróðurhús í Hveradölum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss hefur heimilað að mikil uppbygging sem áætluð er við Skíðaskálann í Hveradölum fari áfram í lögboðið ferli.

Fram kemur í fundargerð nefndarinnar að byggt verði allt að 210 herbergja hótel og að gert verði 8.500 fermetra baðlón í botni Stóradals ásamt baðhúsi sem verður sambyggt hótelinu.

„Fyrirhugað er að nýta heitt affallsvatn sem fellur frá Hellisheiðarvirkjun sem er skiljuvatn eða úrgangsvatn sem verður endurnýtt fyrir starfsemina,“ segir um baðlónið.

**210**

**herbergja hótel gæti risið við Skíðaskálann í Hveradölum.**

Þá er sagt fyrirhugað að setja upp skíðalyftu á sama svæði og gamla lyftan var á í Hveradölum og byggja aðstöðuhús við skíðabrekkuna. Byggja eigi gróðurhús sunnan við skíðaaðstöðuna. „Gróðurhús eða þjónustuhús gæti verið um 1.000 fermetrar með fjölbreytni í ræktunarmöguleikum og verslun og veitingar.“

Áætlað er að aðalbygging hótelsins verði þrjár hæðir með um 180 herbergjum og síðan verði annað hús með um 30 herbergjum.

„Nánast öll uppbyggingin er á röskuðu svæði sem hefur verið útivistarsvæði,“ segir skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss. **– gar**



**Skíðaskálinn er sagður áfram verða „sjálfstæð eining í endurbættri mynd“.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Lagði áherslu á réttarríkið

**UTANRÍKISMÁL** Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra gerði menntun og baráttuna fyrir bættu stjórnarfari og virðingu fyrir réttarríkinu að meginefni ræðu sinnar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York á laugardaginn. Hún gerði fólksflutninga að umtalsefni og sagði að langtímamarkmið alþjóðasamfélagsins yrði að vera að breyta átökum í frið og skapa efnahagsleg tækifæri þar sem engin væru fyrir. **– jhh**



**Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra**

## Segist eiga meiri rétt á nafninu

**BRETLAND** „Við erum með fimm milljónir viðskiptavina í hverri viku. Á meðan búa 300.000 manns á Íslandi,“ sagði Malcolm Walker, eigandi Iceland Food, í viðtali við Daily Mail um helgina. Walker segir enn fremur að Iceland eigi meiri rétt á því að nota nafnið en Ísland. „Þetta mál kemur alltaf upp á nokkurra ára fresti og það er algjör brandari. Ég held að það séu kosningar á næsta leiti hjá þeim. Þetta er einhvers konar almannatengslabrella,“ sagði Walker einnig.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir helgi að Íslandsstofa, utanríkisráðuneytið og Samtök atvinnulífsins í samstarfi við Árnason faktor skoði möguleikann á að leggja fram kröfu um ógildingu á skráningu vörumerkis verslanakeðjunnar í ríkjum innan Evrópusambandsins. **– þea**



**Malcolm Walker, eigandi Iceland.**

# Takast á við riðutilfelli aftur

**Ragnheiður G. Kolbeins, bóndi á Brautarholti í Skagafirði, þarf að skera allt sitt fé í annað sinn eftir að riða greindist í fjögurra vetra kind á búinu. Hún segir verið að taka af henni lifibrauðið en lítið fáist í bætur.**

**LANDBÚNAÐUR** „Það er bara verið að kippa undan manni fótunum og við getum ekkert gert í þessu,“ segir Ragnheiður G. Kolbeins, bóndi á Brautarholti.

Greint var frá því á föstudag að riðuveiki hefði komið upp á bænum Brautarholti í Skagafirði. Þetta er í annað skipti sem ábúendur á jörðinni lenda í þessum áföllum, síðast árið 1987.

Á síðustu tíu árum hafa þrettán staðfest riðutilfelli komið upp á landinu. Flest hafa þau komið upp í Skagafirði en einnig á Suðurlandi og í Húnaþingi vestra. Riðutilfellið nú á Brautarholti er fjórða tilfellið á síðasta ári sem hefur komið upp á Norðurlandi vestra en fyrir þann tíma hafði ekki greinst riða á svæðinu síðan 2010.

Ragnheiður hafði grun um að ein fjögurra vetra ær hjá sér væri með riðu og hafði samband við héraðsdýralækni. Tilfellið var staðfest og því þarf að drepa allt það fé sem er á bænum; rétt tæplega þrjú hundruð ær auk lamba úr sauðburði vorsins.

„Einnig þurfum við að taka allt timbur úr útihúsum og brenna það auk þess að jarðvegsskipta á stóru svæði utan við fjárhúsin. Svo þarf að bíða í tvö ár,“ segir Ragnheiður. „Þetta er áfall, og í annað skiptið sem við þurfum að ganga í gegnum þessar hörmungar. Bætur sem við fáum munu aldrei ná upp í allan þann kostnað sem af hlýst. Það er bara verið að rífa frá okkur lifibrauðið.“

Nokkur svæði á landinu eru riðulaus og hefur riða aldrei greinst á þeim svæðum. Til að mynda á Ströndum, á Snæfellsnesi, í Öræfum og Þistilfirði. Varnargirðingar og bann við flutningi sauðfjár og heyja hafa komið í veg fyrir að riða berist á þau svæði.

Ragnheiður segir skorta vitneskju um sjúkdóminn. „Það kom upp riða á mörgum bæjum hér um miðjan níunda áratuginn og svo virðist sem þetta sé að blossa upp núna. Á sama tíma virðist skorta á þekkinguna, hvað það er sem nákvæmlega veldur þessu,“ segir Ragnheiður.

sveinn@frettabladid.is

### Riðutilfelli sem komið hafa á árunum 2006-2016




## Hvað er riðuveiki?

Riðuveiki er arfbundinn smitsjúkdómur í sauðfé og geitum, langvinnur og ólæknandi. Hún veldur svampkenndum hrörnunarskemmdum í heila og mænu. Flestar kindur, sem veikjast eru 1½-5 ára. Smitefnið er hvorki baktería né veira heldur prótein sem hefur breytt lögun og við það orðið sjúklegt og fádæma lífseigt, þolir langa suðu og flest sótthreinsiefni nema klór. Veikin er lengi að búa um sig áður en hún uppgötvast á nýjum stað. Miklu varðar að finna hana sem fyrst. Þekking á fjárbúskap hefur minnkað, sömuleiðis virðing fyrir reglum. Ný fljótvirk aðferð við greiningu veikinnar er fram komin og sett upp á Keldum. Hún er nákvæm en dýr, en finnur riðu fyrr en eldri aðferðir og vekur vonir. *Heimild: Matvælastofnun.*






GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




# Verkamannaflokkurinn fundar í Liverpool




**Þátttakendur á flokksþingi Verkamannaflokksins í Bretlandi fylgdust áhugasamir með umræðum sem fram fóru. Fundurinn er haldinn í Liverpool. Hann hófst í gær og stendur fram á miðvikudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Næstum þriðji hver fangi vill ekki vinna

**Nægjanlegt vinnuframboð er fyrir fanga á Litla-Hrauni og Sogni. 19 af 69 föngum á Litla-Hrauni vilja ekki vinna. Flestir fangarnir á Sogni í vinnu eða skóla.**

**FANGELSISMÁL** Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður á Litla-Hrauni og Sogni, segir að vinnuframboð fyrir fanga sé nokkuð gott í báðum fangelsunum. Af 69 föngum sem dvelja á Litla-Hrauni eru 19 sem vilja ekki vinna af ýmsum ástæðum. Helstu verkefni sem fangar sinna á Litla-Hrauni eru meðal annars bílnúmeraframleiðsla, þvottahús, öskjugerð, vegstikuviðgerðir, bílaþrif, þrif á sameignum, trésmíðaverkefni, endurvinnsluverkefni, umhirða lóðar og húsa, létt viðhaldsverkefni, afgreiðslustörf í verslun og fleira. Þegar Fréttablaðið hafði samband hafði enginn af þessum 19 óskað eftir vinnu. „Hægt væri að finna störf handa mörgum þeirra ef þeir kærðu sig um það,“ segir Halldór.

Á Sogni eru nú 20 fangar og helmingurinn er í vinnu og sex í skóla. Á degi sem Halldór valdi af handahófi í september var einn fangi óvinnufær.

„Þrír höfðu verið í vinnu eða skóla og næg verkefni til staðar en voru ýmist að búa sig undir að yfirgefa fangelsið eða gátu ekki unnið þennan tiltekna dag af öðrum ástæðum.



**Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður á Litla-Hrauni og Sogni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í haust hefur frekar verið vandamál á Sogni að geta ekki sinnt öllum verkefnum sem þarf að sinna,“ segir hann. Helstu verkefni fanga á Sogni eru útseld vinna við endurvinnslustörf, garðyrkjustörf, ljósmyndaskönnum, umhirða hænsnfugla og fiskeldis, umhirða lóðar og húsa og fleiri tímabundin verkefni.

„Þrátt fyrir þetta erum við alltaf að leita nýrra verkefna og viljum hafa þau sem fjölbreyttust svo þau hæfi líka þeim sem hafa minni starfsgetu. Það stendur til að bæta úr því og stefnan er sú að vinnustöðum fjölgi strax á næstu mánuðum.

Svo er draumurinn að geta byggt upp fullnægjandi aðstöðu til verknámskennslu í fangelsinu en það væri æskilegt að geta virkjað fleiri til náms, líka þá sem vilja ekki bóknámið.“ **benediktboas@365.is**


Verulega myndarlegur
#audiA1stakur á einstöku verði frá 3.290.000 kr.
Þú getur hannað þinn eigin Audi A1 eftir þínum óskum. Gefðu honum sportlegt yfirbragð eða undirstrikaðu hönnunina. Veldu ólík stílbrigði. Þú ræður. Hvað sem þú velur mun hver þessara kosta gera aksturinn í Audi A1 að einstakri upplifun.
5 ára ábyrgð
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 / www.Audi.is

# Ýjar að því að Rússar fremji stríðsglæpi

**Utanríkisráðherra Bretlands veltir því fyrir sér hvort Rússlandsher gerist sekur um stríðsglæpi. Bílalest með nauðsynjavörum varð fyrir árás á leið til borgarinnar Aleppo í Sýrlandi. Rússar neita ábyrgð og kenna Bandaríkjamönnum um.**

**SÝRLAND** „Þeir eru sekir um að lengja þetta stríð og gera það mun viðurstyggilegra og ég held að þegar komi að árásum á bílalestir góðgerðarsamtaka þurfi að rannsaka hvort þær árásir séu gerðar vitandi það að skotmarkið sé saklaust með öllu,“ sagði Boris Johnson, utanríkisráðherra Bretlands, í viðtali við BBC í gær. Vísar Johnson þar til aðgerða Rússlandshers í Sýrlandi, nánar tiltekið við borgina Aleppo.

Rússar eru sakaðir um að hafa gert árás á bílalest góðgerðarsamtaka, með nauðsynjavörur á borð við mat og lyf, sem ætluð var borgurum Aleppo. Átján vörubílar eyðilögðust í árásinni og fórust tuttugu. Rússar hafa hins vegar neitað ábyrgð á árásinni og sagt að annaðhvort hafi þarna verið að verki bandarískur dróni eða sýrlenskir uppreisnarmenn.

„Við búum við þann veruleika að sprengjum er síendurtekið varpað á Aleppo á villimannslegan hátt,“ sagði Johnson einnig.

Árásin var gerð síðastliðinn mánudag þegar bílalestin var um tuttugu kílómetra frá borginni. „Ef þeir sem réðust á bílalestina gerðu það, vitandi að hún væri frá góðgerðarsamtökum, væru þeir sekir um stríðsglæp. Það er alveg skýrt,“ sagði Stephen O'Brien, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna á sviði mannúðarmála, á mánudagskvöld.

Þá hefur einn sendiherra Sameinuðu þjóðanna á svæðinu, Staffan de Mistura, sagt að tvær rússneskar herþotur hafi ráðist á bílalestina. Hann sagði þó ekki vitað hvort ráðist hafi verið á hana af ásettu ráði.

Johnson segir það hins vegar vel mögulegt. Vladimír Pútín, forseti Rússlands, væri ekki bara að aðstoða Bashar al-Assad, forseta Sýrlands, heldur tæki hann sjálfur virkan þátt í stríðinu.

„Við þurfum að rannsaka hvort sjónum hafi verið beint að bílalestinni, vitandi að skotmarkið væri saklaust. Það væri stríðsglæpur,“ sagði Johnson.

Þá fórust einnig sex börn í sprengjuárás ríkisstjórnarhersins í Aleppo í gær. Stjórnarherinn hefur barist við uppreisnarmenn, Kúrda og Íslamska ríkið nærri borginni frá árinu 2012. Kúrdar, uppreisnarmenn og stjórnarherinn hafa nú yfirráð víðs vegar um borgina. **thorgnyr@frettabladid.is**



**Nauðsynjavörur ætlaðar borgurum lágu á víð og dreif í kjölfar árásarinnar.** NORDICPHOTOS/AFP




## Búsetuþróun til 2030

**Ráðstefna um sviðsmyndagreiningu og byggðastefnu,** á Grand Hótel Reykjavík, 27. september 2016 kl. 13–17.

**Dagskrá**

12.30 **Léttur hádegisverður** (súpa og brauð)
13.00 **Setning**
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar
13.10 **Ávarp**
Gunnar Bragi Sveinsson, byggðamálaráðherra
13.20 **Búsetuþróun til 2030**
Niðurstöður sviðsmyndagreiningar
Karl Friðriksson og Sævar Kristinsson, Framtíðarsetri Íslands
14.20 **Áhrif niðurstaðna fyrir stefnumótun byggðaáætlunar 2017–2023**
Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri
14.30 **Umræður í hópum** undir stjórn umræðustjóra
16.00 **Niðurstöður umræðuhópa** kynntar
17.00 **Ráðstefnulok**

**Ráðstefnustjóri:**
Herdís Á Sæmundardóttir, formaður stjórnar Byggðastofnunar

**Skráning:**
www.byggdastofnun.is

BYGGÐASTOFNUN
ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ








SAFT
Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**






## Nýjar persónuverndarreglur 2018

Hvað þýðir það fyrir þig og þína starfsemi?

Föstudaginn 30. september 2016 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura 13:15-15:00

Persónuvernd boðar til málstofu um nýjar reglur á sviði persónuverndar sem munu taka gildi árið 2018. Hið nýja regluverk markar tímamót í sögu persónuverndarlöggjafar í Evrópu. Um er að ræða umfangsmestu endurbætur á löggjöfinni sem gerðar hafa verið í rúma tvo áratugi. Meðal þess sem verður rætt er:

- Öll íslensk fyrirtæki og aðrir sem vinna persónuupplýsingar fá nýjar skyldur
- Grundvallarréttur einstaklinga til persónuverndar er styrktur
- Stórauknar sektarheimildir - aukin samvinna evrópskra persónuverndaryfirvalda

**Dagskrá:**



**Setning og fundarstjórn**
Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar



**Aukin réttarvernd einstaklinga**
Vigdís Eva Líndal, verkefnisstjóri EES-mála hjá Persónuvernd



**Nýjar og breyttar skyldur í starfsemi fyrirtækja og stofnana**
Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd

Málstofan er sú fyrsta í fundaröð Persónuverndar um hið breytta regluverk og fer fram á **Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi, föstudaginn 30. september 2016, kl. 13:15 - 15:00.** Vinsamlegast skráið þátttöku á postur@personuvernd.is.

# PIZZA OG KÓK




**Iceland Pizza og 2L Kók**

Aðeins

**599**

Thin & crispy eða Deep pan pizza + 2 lítra Kók

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

# Óvildarpólitík



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það þykir jafnan tíðindum sæta þegar Íslendingar eru sammála, en nánast án undantekninga snýst slík samheldni þjóðarinnar um eigið ágæti. Um hversu frábær við erum í íþróttum, hvað við eigum frjótt listafólk, erum harðger, vinnusöm og rosalega töff. Þess utan er hver höndin oft upp á móti annarri svona dags daglega. Þessu fylgja oft heilbrigð og hressileg skoðanaskipti þar sem hver og einn berst fyrir því sem viðkomandi telur bæði rétt og farsælt til betra lífs fyrir landsmenn og það er allt gott um það að segja.

Hins vegar er það öllu raunalegra hvernig sumir stjórnmálamenn nýta sér hagsmuni stakra hópa, einkum þeirra sem minna mega sín innan samfélagsins, sem réttlætingu fyrir ýmist fordómum eða slælegri frammistöðu í stökum málaflokkum. Þessa orðræðu þekkja flestir. Hún getur til að mynda snúist um að við sem þjóð getum ekki verið að verja peningum í að bjarga sveltandi börnum úti í heimi því það eru líka fátæk börn á Íslandi. Eða að við getum ekki varið svona miklum peningum í menningarstarfsemi því að fullt af eldri borgurum á Íslandi hafi ekki til hnífs og skeiðar.

Þetta er auðvitað óttalegt rugl. Þetta er vafasöm framsetning sem elur á óeiningu og tortryggni í samfélaginu, fremur en að leitast sé við að gera betur í mörgum og óskyldum málefnum. Elur á hugmyndum á borð við þær að með því að gera sómasamlega við eldri borgara á Íslandi séum við að ganga af listalífinu dauðu eða útiloka fjárfestingar í bættri menntun unga fólksins. Og það án þess að hafa á orði hvert eða hvernig samfélagið geti sótt sér tekjur með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Nýjasta útspilið í þessum efnum eru ummæli Ásmundar Friðrikssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um kostnaðinn við hælisleitendur sem hingað leita. Ásmundur sagði að fyrir fjármagnið sem gert er ráð fyrir í útlendingastofnun væri hægt að reka skurðstofur á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum og bætti svo um betur með því að benda á að dvalargjöld hælisleitenda væru hærri en lágmarkslífeyrir. Þetta er að ala á óeiningu með fádæma smekklausum hætti og reyna að tryggja sér atkvæði þeirra fjölmörgu Íslendinga sem búa við laskað heilbrigðiskerfi og óviðunandi lífskjör. Þetta er döpur og smánarleg fordómapólitík.

Ásmundur Friðriksson er þingmaður núverandi meirihluta og kjósendur í kjördæmi þingmannsins hljóta að velta því fyrir sér hvort það hafi verið honum kappsmál að bæta heilbrigðisþjónustuna í Vestmannaeyjum eða hækka lágmarkslífeyri. Ekki er vanþörf á. En sé ferill Ásmundar skoðaður þá er nú erfitt að sjá að þessi málefni hafi verið í forgangi hjá þingmanninum. En það virðist lækkun auðlindagjalds aftur á móti hafa verið, með meðfylgjandi tekjutapi fyrir ríkissjóð. Fyrir þá upphæð hefði ríkisstjórnin hæglega getið rekið skurðstofu í Eyjum og jafnvel splæst í að allir aldraðir á Íslandi gætu átt sómasamlegt ævikvöld. Vonandi gerir Ásmundur þau verkefni að sínum baráttumálum á komandi vetri fremur en að ala á tortryggni og óvild í garð hælisleitenda sem hingað leita í neyð sinni.

**Þetta er vafasöm framsetning sem elur á óeiningu og tortryggni í samfélaginu, fremur en að leitast við að gera betur í mörgum og óskyldum málefnum.**

Íbúðalánasjóður

# Óskum eftir samfélagslega sinnuðum leigusölum

Kynning á stofnframlögum sem veitt verða til byggingar á hagkvæmum íbúðum með lágri leigu.

**Morgunverðarfundur á Grand hóteli á morgun, þriðjudaginn 27. september, kl. 9–10.**

www.ils.is 569 6900 8–16

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hræðsluviðbrögðin**

**Átakanlegt hefur verið að fylgjast með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins, bregðast við fréttum af fyrirhuguðu formannsframboði Sigurðar Inga Jóhannssonar í Framsóknarflokknum. Viðbrögð Sigmundar hafa einkum verið þau að saka Sigurð Inga um að ganga á bak orða sinna um að bjóða sig ekki fram gegn honum. Sigurviss formaður myndi fagna mótframboðinu, enda væru kosningar með alvöru mótframbjóðanda lýðræðisleg leið fyrir hann til þess að endurnýja umboð sitt til að gegna formennsku. Hræðsluviðbrögðin benda hins vegar til þess að hann geri nú þegar ráð fyrir að mótframbjóðandinn muni hafa betur.**

**Tregðan við að hverfa á braut**

**Annars er það merkilegt hve stjórnmálamenn eru gjarnir á að standa á stöðum sínum eins og hundar á roði. Sigmundur Davíð, sem hefur verið staðráðinn í að halda áfram í formannsembætti Framsóknarflokksins þrátt fyrir mikinn trúnaðarbrest, er þar engin undantekning. Mættu stjórnmálamennirnir gjarnan horfa til norrænna samstarfsmanna sinna, sem flestir eru fljótir að fara af póstum sínum þegar traust á þeim rýrnar. Og skilja ábyrgðarstöður eftir handa þeim sem njóta meira trausts.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Kjósum gott líf



Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður Samtaka iðnaðarins

Öflugt, fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf er forsenda góðra lífskjara hér á landi. Samkeppnishæfni íslensks iðnaðar ræðst að miklu leyti af þeirri umgjörð sem stjórnvöld á hverjum tíma skapa. Þegar kosið er til Alþingis er því í reynd verið að kjósa um samkeppnishæfni sem er forsenda góðs lífs hjá öllum landsmönnum.

Í aðdraganda þingkosninga sem verða í október vilja Samtök iðnaðarins leggja sitt af mörkum til umræðunnar. 1.400 fyrirtæki og sjálfstæðir atvinnurekendur mynda SI og eru þar af leiðandi stærstu samtök atvinnurekenda á Íslandi. Samtökin vinna að því að efla íslenskan iðnað og samkeppnishæfni hans. Það er mikilvægt að frambjóðendur allra flokka taki tillit til helstu málefna atvinnulífsins til að bæta samkeppnishæfni Íslands. Því viljum við að frambjóðendur setji okkar málefni á oddinn þegar þeir sannfæra kjósendur um að setja X á réttan stað. Samtök iðnaðarins ætla að leggja fram sex málefni sem skipta atvinnulífið og þar með fólkið í landinu miklu máli. Þessi málefni snúa að efnahagslegum stöðugleika sem er nauðsynlegur sjálfbærum vexti, húsnæði sem er grunnþörf bæði yngri og eldri kynslóða, menntun sem er forsenda bættra lífskjara og aukinnar framleiðni, samgöngum og innviðum sem eru lífæð heilbrigðs samfélags, orku og umhverfi en fjölbreyttur iðnaður vill starfa í sátt við umhverfið og nýsköpun sem er drifkraftur verðmætasköpunar og gjaldeyristekna. Öll þessi málefni leggjum við inn í umræðuna á næstunni.

Þegar ungt fólk velur sér menntun eða starf viljum við að Ísland bjóði upp á bestu kostina. Það skiptir máli fyrir samfélagið að það takist að halda í unga fólkið okkar á sama tíma og hugað er að þörfum eldri kynslóðanna. Til þess að svo megi verða þurfa stjórnvöld að hafa skýra framtíðarsýn og áræðni til að taka ákvarðanir sem leiða til árangurs. Það eru margar áskoranir sem bíða nýrrar ríkisstjórnar og því mikilvægt að forgangsraða með það að markmiði að á Íslandi sé boðið upp á gott líf.

Við viljum eiga gott samstarf við stjórnvöld að kosningum loknum og væntum þess að þau séu reiðubúin að hlusta. Mestu máli skiptir að ákvarðanir nýrra stjórnvalda leiði til framfara á Íslandi bæði fyrir fólk og fyrirtæki.

**Þegar ungt fólk velur sér menntun eða starf viljum við að Ísland bjóði upp á bestu kostina.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Umboðslaust mannhatur

**Í DAG**



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Það er einhver búð í Englandi sem kallar sig Iceland og vill banna íslenskum stjórnvöldum að nota þetta „vörumerki“ í markaðssetningu á ferðalögum til landsins. „Hjá okkur versla milljónir, þeir eru bara 300.000!“ segja þeir drembilega eins og réttlætið sé spursmál um mannafla. Okkur er að sjálfsögðu öllum ákaflega misboðið yfir þessu. Eiginlega er það sambærilegt við að staðarhaldarar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði reyndu að setja lögbann á að samnefnd borg í Skotlandi fái að nota nafnið til að kynna menningarhátíðina sína.

### Ekki í mínu nafni

Kaupmangara-frekja. Stórþjóðarþótti. Manni verður heitt í hamsi við það eitt að leiða hugann að þessu.

Um svipað leyti hafa orðið æ rúmfrekari í þjóðfélagsumræðunni nokkrir einstaklingar sem kenna sig við íslenska þjóðfylkingu og láta sem þeir tali í nafni lands og þjóðar – okkar hinna – Íslendinga – þegar þeir boða andúð á innflytjendum. Þessir einstaklingar finnast mér eiga ámóta mikið tilkall til þess að tala í nafni lands og þjóðar og ensku kaupahéðnarnir að nota einir enskt nafn landsins okkar. Mér finnst það óþægilegt sem Íslendingi að þeir skuli gera það.

Þessir einstaklingar hafa að minnsta kosti ekkert umboð frá mér og mig langar að mælast til þess að þeir kenni sig ekki við þjóðina mína þegar þeir eru að viðra ótta sinn og hégiljur. Fulltrúi þeirra var í sjónvarpsumræðum á dögunum – einn af foringjum flokkanna sem bjóða nú fram til alþingis, og stóð þarna eins og hann væri húsum hæfur. Hann hélt því fram að lögreglan vogi sér ekki inn í viss hverfi í Svíþjóð og að þar gildi sjaríalög. Þetta er rangt, svipað fleipur og Donald Trump hefur farið með um London.

(Annað mál er að fólki fylgir alltaf vesen og alls konar úrlausnarefni, og í vissum hverfum í Svíþjóð, eins og um allan heim, hafa að sjálfsögðu orðið til samfélög innflytjenda, með kostum og ókostum sem slíku fylgja og þar hafa glæpagengi verið til vandræða og herjað á íbúa; siðir frá gamla landinu rekast á siði í nýja landinu, gamlar trúargrillur og hugmynda-usli skapar uppnám og sumir jafnvel móttækilegir fyrir hatursboðskap af svipuðu tagi og þjóðfylkingarmenn hér aðhyllast.)




En þarna stóð sem sé þessi maður og hélt þessum firrum fram um hverfin í Svíþjóð – hafði heyrt þetta einhvers staðar – mundi samt ekki alveg hvernig þetta var nákvæmlega, sem ekki var von því að hann fór með fleipur. Vissi bara að hann er á móti „þeim“. Kannski tímanna tákn að slíkur maður komi að borðinu í íslenskum stjórnmálaumræðum – það gat ekki gengið endalaust að við hér gætum státað okkur af langvinnu gengisleysi rasista, eins og hefur verið fram til þessa í þessu tiltölulega frjálslynda og víðsýna samfélagi sem hér er.

Hann stóð þarna sem fulltrúi þeirra sjónarmiða að ekki eigi að rétta öðru fólki hjálparhönd – ekki eigi að sýna öðru fólki umburðarlyndi; ekki eigi að gefa öðru fólki tækifæri til að sýna sig og sanna heldur eigi að dæma fólk fyrirfram út af uppruna, klæðaburði, útliti, fasi. Fulltrúi þeirra sjónarmiða að sumt fólk eigi ekki að njóta mannréttinda; rétt sé að mismuna fólki á grundvelli uppruna, útlits og klæðaburðar. Fulltrúi þeirra sjónarmiða að samfélagið skiptist skýrt í „okkur“ og „hin“ og að „við“ séum betri en „þau“. Fulltrúi þeirra sjónarmiða að það „verði að taka umræðuna“ um það hvort annað fólk eigi skilið að lifa og starfa og anda eða hvort slíkt eigi bara að vera fyrir „okkur“. Fulltrúi þeirra sjónarmiða að mismunun sé æskileg, óréttlæti sé nauðsyn.

Og heldur þessu öllu fram – leynt og ljóst – sem einhvers konar fulltrúi Íslendinga. Mætti ég fara fram á að hann, og skoðanasystkini hans, hætti því?

Íslendingar eru ekki gömul þjóð; af þjóðum að vera eru þeir eins og hálfgerð Surtsey, verða til á tíundu öld eftir Krist. Og hafa skráð tilveru sína hjá sér næstum jafnharðan, alveg frá Landnámu og Íslendingabók. Á sínum tíma byggðist landið frá Noregi, Orkneyjum – og Írlandi. Það sýna genarannsóknir. Og víðar að – og í slíku fámenni munar vitaskuld um hvern og einn sem er „nýr og öðruvísi“. Strax við landnám verður til pottur hér, fólk af ýmsum uppruna sem býr hér saman við misjafna sátt og samlyndi – en þetta var frjó menning á meðan hún naut reglulegra siglinga. Íslensk menning er í eðli sínu fjölmenning. Þetta er eymenning og verður til úr því svolítið tilviljanakennda safni sem hingað skolar á strendur. Íslandssagan sýnir það að íslensk menning nær alltaf mestum blóma þegar landið er sem opnast og siglingar eru sem greiðastar, hvort sem viðskiptin voru við Hamborgarkaupmenn eða Englendinga. Um leið og landið lokast trénast líka menningin og hún er eins og geymd í pækli í nokkur hundruð ár, allt þar til landið tekur á ný að opnast undir lok 19. aldar.

> **Eiginlega er það sambærilegt við að staðarhaldarar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði reyndu að setja lögbann á að samnefnd borg í Skotlandi fái að nota nafnið til að kynna menningarhátíðina sína.**

En Íslendingar eru ágætir. Sum þjóðareinkenni skemmtileg, sumt í arfinum stórmerkilegt, annað heimóttarlegur búraskapur. Eins og gengur. Við eigum okkar skömm, þar sem eru Spánverjavígin á 16. öld og framkoman við gyðinga á flótta undan nasistum á 20. öld. En við eigum líka margar sögur um skipbrotsmenn sem nutu aðhlynningar á íslenskum sveitabæjum og var hjúkrað á ný til lífs af íslensku alþýðufólki.

Spurningin er bara hvorum arfinum við viljum halda á lofti.

# Vandræðagangur



Pétur Gunnarsson
rithöfundur

Hvað á að segja um vandræðaganginn sem ríkir í ferðaþjónustunni? Minnir hann ekki á söguna af fátæku hjónunum sem alls óvænt stóð til boða að fá þrjár óskir uppfylltar? Og konan, sem var svöng, óskaði sér bjúga. Við það trylltist bóndinn og í hefndarskyni óskaði hann að bjúgað hoppaði upp á nefið á konunni. Og honum varð að ósk sinni. Þá var aðeins ein ósk eftir og auðmjúk fóru þau fram á að bjúgað hyrfi af nefi kerlingar. Í sárabætur skulum við gera ráð fyrir að þau hafi fengið að éta bjúgað sem eftir stóð.

Handarbakavinnan, vindhöggin og vandræðagangurinn sem ríkir í ferðamálum okkar er með hreinum ólíkindum. Staðan er þessi: vel á aðra milljón erlendra ferðamanna steypast yfir landið þessi misserin og viðbúnaður af hálfu hins opinbera er enginn. Ég tel ekki með þegar ráðherra málaflokksins smíðaði apparat utan um flokksgæðing á ofurlaunum sem ungaði út einni tillögu: að einkavæða náðhús hringinn í kringum landið. En vegakerfið, til að mynda, sem á að flytja allt þetta fólk út í dásemdina er með öllu vanbúið, enda deyja erlendir ferðamenn hér eins og flugur, eða öllu heldur eins og farfuglarnir sem umferðin straujar yfir um hásumartímann.

Þjónustugeirinn er sá eini sem þekkir sinn vitjunartíma, lundabúðir leggja undir sig miðbæinn, veitingastaðir og barir – og hótel. Rándýrar hótelbyggingar þjóta upp eins og gorkúlur – og munu standa eftir eins og fallnir kúalubbar þegar ferðamannabylgjan hefur fjarað út – því það mun hún gera fyrr eða síðar. Ríkið aftur á móti situr uppi með smáaura í skatttekjur.

> **Það er ekki hægt að hleypa inn á skemmtistað löngu eftir að hann er orðinn fullur og Ísland hefur breyst í skemmtistað.**

### Ísland hefur breyst í skemmtistað

Blasir ekki við að Ísland er þjóðgarður? Innkomugjald á að innheimta með líkum hætti og flugvallarskatt. „Já, en það fælir frá,“ segja ferðaskrifstofurnar, „við erum í samkeppni.“ Og hvað með það, við þurfum einmitt að fækka ferðamönnum, talsvert. Það er ekki hægt að hleypa inn á skemmtistað löngu eftir að hann er orðinn fullur og Ísland hefur breyst í skemmtistað.

En hvernig stendur á að okkur er svo fyrirmunað að njóta góðs af gæftum þessa lands? Einhver auðugustu fiskimið í heimi eru notuð til þess að rústa sjávarplássunum og arðurinn settur í troðna og skekna vasa örfárra sem þurfa háþróuð fjármálavísindi til að koma honum fyrir, helst í skattaskjólum. Raforka fallvatnanna er boðin erlendum álrisum sem með gabbhreyfingu koma ofurgróðanum í til þess gerð dótturfélög ...

Hvernig má þetta vera? Getur verið að svarið sé að við vorum nýlenda í sjö aldir? Við höfum ekki verið sjálfstæð nema í örfá ár. Enn er á meðal okkar fólk sem fæddist árið sem við urðum sjálfstæð, 1918. Við erum byrjendur. Aftur á móti höfum við margra alda reynslu í því að láta traðka á okkur. Og ef við missum hina útlendu herra komum við okkur upp innlendum.

Hvað heitir á máli sálfræðinnar þegar menn hafa nautn af því að vera kvaldir? Masókismi? Eða jafnvel sadó-masókismi, þegar kvalalosti og sjálfspíslarhvöt fara saman.

Góðir landsmenn, er ekki mál að rísa upp af gólfinu?









Súrt. Fylkir náði ekki að leggja botnlið Þróttar í gær og Fylkismenn munu líklega elta Þróttara niður í kjölfarið. Vonbrigðin leyndu sér ekki eftir leik. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fylkir í afar erfiðum málum

ÍBV er svo gott sem sloppið við fall úr Pepsi-deild karla eftir að hafa valtað yfir Valsmenn. Þróttur er fallinn og Fylkir er í mjög í erfiðri stöðu. Stjarnan stökk í annað sætið og það verður barátta um Evrópusætin.

**FÓTBOLTI** Næstsíðasta umferðin í Pepsi-deild karla var heldur betur dramatísk. Línur eru farnar að skýrast í fallbaráttu sem og baráttunni um Evrópusætin en það verður engu að síður mikil spenna í lokaumferðinni.

Þróttur féll formlega í gær en liðið hékk uppi á tölfræðinni einni saman fyrir leiki gærdagsins. Þróttur og Fylkir gerðu 2-2 jafntefli og Fylkismenn eru því í hinu fallsætinu fyrir lokaumferðina.

### Þarf allt að ganga upp

Fylkir þarf að vinna KR í lokaumferðinni og treysta á að Stjarnan skelli Víkingi frá Ólafsvík til þess að halda sér uppi. Fylkir getur líka náð ÍBV að stigum en Eyjamenn eiga átta mörk í plús á Fylki þannig að líkurnar á að Fylkir komist upp fyrir ÍBV eru litlar.

„Við eigum erfiðan útivöll og getum bara reynt að vinna þann leik, þetta er ekki flóknara en það,“ sagði Hermann Hreiðarsson, þjálfari Fylkis, en hann var skiljanlega svekktur að hafa ekki unnið leikinn svakalega gegn Þrótti þar sem bæði lið fengu heldur betur færi. Fylkir vildi fá víti seint í leiknum en fékk ekki.

„Jú, ég átti að fá víti,“ sagði Fylkismaðurinn Ragnar Bragi Sveinsson um atvikið. „Boltinn kemur þvert fyrir markið. Ég er að fara að pota honum inn og þá er rifið aftan í treyjuna á mér, þá missi ég af þessum sentímetrum sem mig vantaði til að ná til boltans.“



Það var gríðarlega hart barist í leik Fjölnis og Stjörnunnar. fréttablaðið/eyþór

### Eyjamenn í stuði

Eyjamenn fögnuðu innilega á Hásteinsvelli eftir frekar óvæntan stórsigur á andlausum Valsmönnum. Þeir vissu sem var að þessi sigur sér væntanlega til þess að það verði áfram Pepsi-deildarbolti á vellinum næsta sumar.

„Ég er mjög ánægður með leikinn. Þetta var frábær sigur, liðssigur. Það voru allir tilbúnir að berjast fyrir ÍBV,“ sagði Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Eyjamanna. „Við erum ekki búnir að redda okkur frá falli skilst mér. Þetta er klárlega stórt skref, það er gaman að sjá strákana finna það á sér að þeir geti unnið hvaða lið sem er á góðum degi.“

### Fjölnir klúðraði góðri stöðu

Stjarnan er komin í annað sætið eftir mikinn Evrópuslag gegn Fjölni og er með Evrópuörlög sín í eigin höndum. Fjölnismenn hafa aftur á móti farið illa að ráði sínu í síðustu leikjum.

„Frábær úrslit sem halda þessu á lífi fyrir okkur. Við máttum ekki tapa þessum leik. Nú er bara úrslitaleikur um næstu helgi,“ sagði Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari Stjörnunnar, kampakátur en Stjarnan spilar við Ólafsvíkur-Víkinga um næstu helgi.

„Við erum að mæta liði sem er í bullandi fallslag og við að berjast um að komast í Evrópukeppni. Það verður bara hörkuleikur. Við þurfum að sigra í þeim leik ætlum við að tryggja okkur þangað, það er ekkert öðruvísi en það.“

### Upprisa KR

KR er heldur betur búið að rétta úr kútnum og er í fjórða sæti. Með sama stigafjölda og Breiðablik og stigi minna en Stjarnan. KR vann 0-1 í Ólafsvík þar sem mark var dæmt af Ólafsvíkingum. Það var afar umdeilt en Þorsteinn Már Ragnarsson var dæmdur brotlegur eftir átök í teignum.

„Mér fannst ég ekki gera neitt rangt. Við vorum í klafsi, ég, Stefán og Indriði [Sigurðsson],“ sagði Þorsteinn eftir leik. „Indriði ýtir í mig, svo bakka ég og Stefán er allt í einu kominn ofan á mig og það er dæmd aukaspyrna á mig. Ég veit ekki hvað Erlendur [Eiríksson, dómari leiksins] sá þarna. Hvert á ég að fara? Hvað á ég að gera? Ég skil ekki af hverju hann dæmdi aukaspyrnu á mig.“

Þetta atvik blasti ekki alveg eins við markverði KR, Stefáni Loga Magnússyni.

„Þeir áttu tvö horn áður. Steini vinnur nú við að temja hesta, þannig að hann er nautsterkur og frábær strákur. Ég er líka svolítið sterkur sjálfur en reglurnar eru þannig að það má ekki ýta,“ sagði Stefán Logi. „Hann byrjar á því að labba með mig inn í markið. Það var sem sagt ekkert brot þegar ég hoppa upp en brotið átti sér stað á undan því og dómarinn dæmdi kannski á það,“ bætti markvörðurinn við.

### Súrir Blikar

Blikar hefðu verið í frábærri stöðu í baráttunni um Evrópusæti hefði liðið náð að vinna ÍA á Akranesi. Það gekk ekki eftir og þjálfari liðsins, Arnar Grétarsson, var að vonum súr eftir leik.

„Þetta er búið að vera sama sagan í sumar. Við fáum nóg af færum, nýtum þau ekki og fáum ódýr mörk í bakið á okkur. Það er að kosta okkur en við eigum einn leik til að bjarga Evrópusætinu fyrir næsta tímabil.“ **henry@frettabladid.is**

ENDURNÝJUN
OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍBV - Valur 4-0**
1-0 Hafsteinn Briem (10.), 2-0 Aron Bjarnason (33.), 3-0 Aron Bjarnason (41.), 4-0 Aron Bjarnason (85.).

**Fylkir - Þróttur 2-2**
0-1 Karl Brynjar Björnsson (12.), 1-1 Garðar Jóhannsson (19.), 2-1 Ragnar Bragi Sveinsson (21.), 2-2 Guðmundur Friðriksson (60.).

**Víkingur R. - FH 1-0**
1-0 Alex Freyr Hilmarsson (14.).

**ÍA - Breiðablik 1-0**
1-0 Guðmundur Böðvar Guðjónsson (56.).

**Fjölnir - Stjarnan 0-1**
0-1 Daníel Laxdal (65.).

**Víkingur Ó. - KR 0-1**
0-1 Pálmi Rafn Pálmason (28.).

**Lokaumferðin:**
Þróttur - Víkingur R.
KR - Fylkir
FH - ÍBV
Valur - ÍA
Stjarnan - Víkingur Ó.
Breiðablik - Fjölnir.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| FH | 42 | ÍA | 31 |
| Stjarnan | 36 | Víkingur R. | 29 |
| Breiðablik | 35 | ÍBV | 22 |
| KR | 35 | Víkingur Ó. | 21 |
| Fjölnir | 34 | Fylkir | 19 |
| Valur | 32 | Þróttur | 14 |

**Enska úrvalsdeildin**

| | | |
|---|---|---|
| West Ham | 0–3 | Southampton |
| Man. Utd | 4–1 | Leicester |
| Stoke | 1–1 | WBA |
| Sunderland | 2–3 | C. Palace |
| Liverpool | 5–1 | Hull City |
| Bournemouth | 1–0 | Everton |
| Middlesbr. | 1–2 | Tottenham |
| Swansea | 1–3 | Man. City |
| Arsenal | 3–0 | Chelsea |

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 18 | Swansea | 4 |
| Tottenham | 14 | Burnley | 4 |
| Arsenal | 13 | West Ham | 3 |
| Liverpool | 13 | Stoke | 2 |
| Everton | 13 | Sunderland | 1 |

**Hvað gerði Gylfi?**
Gylfi Þór Sigurðsson var að vanda í byrjunarliði Swansea sem tapaði fyrir Man. City. Gylfi lagði upp mark Swansea í leiknum.



**Stærstu úrslitin** Arsenal hélt upp á 20 ára starfsafmæli Arsene Wenger með stæl því liðið lék frábæran fótbolta gegn Chelsea og vann sanngjarnan stórsigur.
**Hetjan** Christian Benteke skilaði Crystal Palace þremur risastórum stigum gegn Sunderland með sigurmarki fjórum mínútum inn í uppbótartímann.
**Kom á óvart** Everton var búið að vera á mikilli siglingu en liðið sigldi í strand gegn Bournemouth. Liðið er engu að síður enn í toppbaráttu.

**Olís-deild karla**

**Stjarnan - Grótta 21-21**
**FH - ÍBV 36-30**

**Olís-deild kvenna**

**ÍBV - Fylkir 33-18**
**Selfoss - Valur 25-27**
**Stjarnan - Grótta 29-26**
**Haukar - Fram 20-24**

## Í dag

**18.50 Burnley - Watford** Sport
**21.00 Messan** Sport

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
26. SEPTEMBER 2016 MÁNUDAGUR



**Brynhildur Pálsdóttir og Ólöf Erla Bjarnadóttir vinna að því að búa til uppskrift að íslensku postulíni.** MYND/ANTON BRINK

# FYRSTU PRUFUR LOFA GÓÐU

Leitin að íslenska postulíninu hófst snemma í sumar og lofa fyrstu prufur úr brennsluofninum góðu. Þær **Brynhildur Pálsdóttir** og **Ólöf Erla Bjarnadóttir** leiða verkefnið ásamt Snæbirni Guðmundssyni jarðfræðingi.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is

Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður og Ólöf Erla Bjarnadóttir keramikhönnuður höfu leit sína að íslensku postulíni í sumar en verkefnið fékk styrk úr Hönnunarsjóði í vor. Undanfarnar vikur hafa þær ferðast um landið ásamt Snæbirni Guðmundssyni jarðfræðingi í leit að efnum.

Á vinnustofunni fara fram tilraunir með jarðefni frá ólíkum landshlutum sem blandað er saman og umbreytt í eitt efni. „Fyrstu tilraunir lofa góðu. Við erum ekki að reyna að búa til hið hefðbundna hvíta postulín heldur snýst verkefnið um að nýta íslensk jarðefni til postulínsgerðar sem mun síðan koma í ljós hvernig lítur út, það gæti verið grátt, kornótt eða jafnvel bleikt,“ segir Brynhildur. „Við látum Ísor og fleiri stofnanir efnagreina sýnin sem við öflum í leiðangrinum til þess að átta okkur á efnasamsetningu og þá um leið notkunarmöguleikum.“

Að sögn Brynhildar er heilmikil vinna framundan, frekari efnisleit og tilraunir. »





Greipur Gíslason, stjórnarformaður HönnunarMars. MYND/VILHELM

# Hönnun er út um allt

## Samfélagsmiðlar hafa breytt því hvernig við fylgjumst með hönnun innan veggja heimilisins.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Greipur Gíslason, stjórnarformaður HönnunarMars, segir okkur nánar frá því hvernig hann fylgist með hönnun á samfélagsmiðlum.

**Hvaða samfélagsmiðla notar þú helst til að skoða hönnun?** Ég nota Instagram mest, mér finnst Facebook ekki henta í þetta og ég hef ekki tileinkað mér Pinterest nægilega vel en hyggst gera það. Mér finnst Instagram hafa það sem þarf, aðalatriðið er mynd og það er auðvelt að leita sér frekari upplýsinga. Ég nota Instagram oft þannig að ég byrja að fylgja einhverju sem ég ætla að skoða betur eða kaupa og hætti svo að fylgja því þegar ég missi áhugann eða er hreinlega búinn að undirrita samninginn.

**Hverjum fylgir þú helst eftir á Instagram?** Á meðan og nú í kjölfar þess að hafa unnið í hringiðu hönnunar á Íslandi og fengið tækifæri til að kynnast mörgu góðu fólki úr alþjóðlega hönnunarbransanum hef ég helst fylgt þeim fyrirtækjum sem ég hef heillast af eða kynnst persónulega. Mér dettur strax í hug að nefna @nina_bruun en hún vinnur hjá danska fyrirtækinu Muuto og býr í Kaupmannahöfn. Ég verð líka að nefna Kanadamanninn @john_at_mjolk sem rekur verslun með norræna hönnun í Toronto. Frábært yfirlit yfir það besta í nýrri og klassískri norrænni hönnun sem er í uppáhaldi hjá mér. Til að fylgjast með því ferskasta sem er að gerast á Íslandi fylgi ég @HaDesignMag og @IcelandDesignCentre. Ég er frekar vandfýsinn á þá sem ég fylgi og undanfarið hef ég skipt út hönnun fyrir annað áhugamál, gin. Fylgi bæði @copenhagendistillery og @spiritofnjord sem eru dönsk ginfyrirtæki. Það er auðvitað orðið þannig að matarframleiðendur og fleiri vilja að Instagram-myndirnar líti vel út og því er hönnun og lífsstíll sjaldan langt undan.

**Getur þú nefnt dæmi um hugmynd sem þú sást á samfélagsmiðli sem varð að veruleika heima fyrir?** Ég sé daglega hugmyndir sem ég myndi gjarna vilja að yrðu að veruleika heima. Ég hef auðvitað séð hluti á Instagram sem ég hef svo keypt skömmu síðar. Annars er ég kannski ekki beint þessi týpa sem er alltaf að fegra heimilið. En ætli ég verði ekki að segja að þær hugmyndir sem undanfarið hafa orðið helst að veruleika eru hinar bráðskemmtilegu föstudagsdrykkjaruppskriftir krakkanna í @norr11iceland á Hverfisgötu. Þær eru hressandi, aðgengilegar og auðframkvæmanlegar.

GEZE




Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JÁRN & GLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is



Kaólín finnst í Bleikjuholti á Steinadalsheiði og þangað lagði þríeykið leið sína í sumar. MYND/BRYNHILDUR PÁLSDÓTTIR

» Hún segir mikinn feng að fá jarðfræðing til liðs við verkefnið. „Snæbjörn kemur með mikilvæga sérþekkingu á efnasamsetningu steina, hvar vænlegast sé að leita efnanna og hvernig á að ganga um landið og fleira. Þar að auki hefur hann fullan skilning á þessu skapandi ferli og smellpassaði því inn í verkefnið,“ segir Brynhildur. Þrjú efni þarf til að búa til postulín, kaólín, kvars og feldspat. Leiðangurinn sótti kaólín í kulnaða eldstöð, Bleikjuholt á Steinadalsheiði, sem að sögn Brynhildar er fræg fyrir þennan hvíta leir. Á vinnustofunni gerðu þau tilraunir með að blanda granít og granófýr saman við kaólínið í stað feldspats og kvars.

„Við möluðum steinana niður í púður, hreinsuðum járnsteindir úr þeim og blönduðum við kaólínið. Prufurnar lofa ótrúlega góðu, það er svo áhugavert að geta umbreytt bergi og leir í annað efni eins og postulín. Það má auðveldlega gleyma sér í þessari vegferð. Við höfum þegar gert nokkrar brennslur en það er mikil vinna eftir. Við eigum eftir að sækja meira af efni og sýnum á fleiri stöðum og vinna í hlutföllum og brennslustigum. Á endanum vonumst við til að standa uppi með stabíla uppskrift að íslensku postulíni sem hægt verður að nota til framleiðslu.“



Brynhildur segir leiðangurinn og leitina sjálfa að efnunum ekki síður mikilvæga en lokatilganginn.



Leiðangurinn tók sýni sem síðan voru efnagreind hjá Ísor.



„Á endanum vonumst við til að standa uppi með stabíla uppskrift að íslensku postulíni sem hægt verður að nota til framleiðslu.“



Granít var notað til blöndunar við kaólín á vinnustofunni.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# Hjálpin

Fréttablað Rauða Krossins

26. september 2016

Rauði krossinn

# Sjálfboðaliðar eru mikilvægasti hlekkurinn



## Vinsælar búðir

**Fatabúðir Rauða krossins njóta vaxandi vinsælda um allt land og hafa fengið hressilega andlitslyftingu á þessu ári.** **SÍÐA 2**

## Fjölbreytt starf

**Um allt land starfa sjálfboðaliðar Rauða krossins að mikilvægum verkefnum. Á Vesturlandi og Vestfjörðum er afar líflegt starf.** **SÍÐUR 6-7**

## Samfélagsleg ábyrgð

**Birna Pétursdóttir tók að sér að verða stuðningsfulltrúi ungrar sýrlenskrar fjölskyldu í janúar.** **SÍÐA 8**



# Ágæti lesandi


**Sveinn Kristinsson**
formaður


**Kristín S. Hjálmtýsdóttir**
framkvæmdastjóri

Hugmyndin að mannúðarstarfi Rauða krossins varð til þegar Henri Dunant, svissneskur kaupsýslumaður, gekk inn á vígvöll við Solferínó árið 1859. Hugmynd hans var í sjálfu sér einföld. Að veita hjálp þar sem hjálpar væri mest þörf hverju sinni og að sú hjálp væri veitt af sjálfboðaliðum. Dunant safnaði saman sjálfboðaliðum frá þorpunum nærri átakasvæðinu og þeir veittu særðum hermönnum aðstoð. Þar skipti litur búninga þeirra engu máli, heldur fengu þeir hermenn aðstoð fyrst sem verst voru staddir. Þetta var grunnurinn að starfi hreyfingarinnar þá og hann er sá sami enn í dag. Það er því ekki ofsögum sagt að segja sjálfboðaliða mikilvægasta hlekkinn í þeirri keðju sem myndar starf Rauða krossins um allan heim.

Nú er gengin í garð kynningarvika Rauða krossins á Íslandi. Að þessu sinni viljum við varpa ljósi á hið umfangsmikla starf sjálfboðaliðanna, hornstein félagsins, og hvernig því er háttað um allt land. Fyrir ári beindum við kastljósinu að Norðurlandi þegar ljóst var að sjálfboðaliðar Eyjafjarðardeildar myndu taka á móti hópi flóttafólks frá Sýrlandi og vissulega hafa flóttamannaverkefni félagsins verið í brennidepli að undanförnu.

Saga slíkra verkefna nær rúmlega hálfa öld aftur í tímann og Rauði krossinn hefur frá árinu 1956, þegar fyrstu flóttamennirnir komu hingað til lands, getað reitt sig á fórnfúst starf hundraða sjálfboðaliða í þessum málaflokki. Fyrir þessa fórnfýsi þarf að þakka. Nú er undirbúningur hafinn fyrir komu næsta hóps og Rauðakrossdeildirnar í Reykjavík og Árnessýslu eru þegar farnar að skipuleggja hana.

Verkefni sjálfboðaliða Rauða krossins eru margvísleg, þeir sitja sjaldnast auðum höndum. Það er von okkar að með þessu blaði kynnist lesendur starfi þeirra og fólkinu sem því sinnir. Um leið vonum við að frásagnir þeirra verði lesendum hvatning til að leggja Rauða krossinum lið. Mannúðarstarf er einstaklega gefandi og það er sérstök tilfinning að starfa undir merkjum alheimshreyfingar sem hefur 20 milljónir sjálfboðaliða í sínum röðum. Þar hafa allir að leiðarljósi að hjálpa þeim sem helst þurfa á hjálp að halda.

*Við bjóðum ykkur velkomin til liðs við Rauða krossinn á Íslandi.*
*Sveinn Kristinsson formaður*
*Kristín S.Hjálmtýsdóttir framkvæmdastjóri*

ÚTGEFANDI | Rauði krossinn
ÁBYRGÐARMAÐUR Hildur Björk Hilmarsdóttir




„Ég get ekki annað en mælt með því að vera sjálfboðaliði. Það er einhver sérstök innri ánægja sem það veitir mér," segir Arndís Pétursdóttir. MYND/GVA

# Sjálfboðaliðar í fatabúðum: „Flestir fíla það í drasl!"

Fatabúðir Rauða krossins njóta vaxandi vinsælda um allt land. Á þessu ári hafa búðirnar fengið hressilega andlitslyftingu. Búðin við Hlemm hefur gengið í endurnýjun lífdaga og þá var einnig opnuð glæný búð á Skólavörðustíg 12. Þar má finna sérvalinn fatnað, oftar en ekki frá frægustu tískumerkjum heims.

Fataverkefni Rauða krossins verða sífellt mikilvægari í starfsemi félagsins. Ekki aðeins sem framlag til umhverfisvænni og sjálfbærari lífsstíls þjóðarinnar heldur einnig sem mikilvæg tekjulind. Með því að lengja líftíma fatnaðar og fullnýta textílvörur stuðlum við að betra umhverfi og minnkandi vistspori sem nýtist öllum.

### Hafði nægan tíma og ákvað að prófa

Í fatabúðunum eru ávallt sjálfboðaliðar að störfum. Oftar en ekki eru þar miklir tískuvitar á ferð sem hafa lengi haft áhuga á störfum í fatabúðum. Og síðan eru auðvitað sjálfboðaliðar sem hafa langa og dýrmæta reynslu á því sviði. Arndís Pétursdóttir er bókmenntafræðingur og afleysingakennari í grunnskólum Hafnarfjarðar. Hana hafði lengi dreymt um að prófa að vera búðarkona. „Ég hef unnið sem stundakennari síðastliðin misseri og er oftast búin milli 13 og 14 á daginn. Ég hafði því nokkurn lausan tíma og datt í hug að prófa að vera sjálfboðaliði og valdi að vera á Skólavörðustíg 12, í nýjustu búðinni. Skemmst er frá því að segja að þetta er bráðskemmtilegt, bæði að afgreiða, spjalla við fólk og einnig að stilla upp og raða og halda öllu fínu. Ég get ekki annað en mælt með því að vera sjálfboðaliði því það er gott að gefa tíma sinn í gott málefni, það er einhver sérstök innri ánægja sem það veitir mér. Ég vil nota tækifærið og hvetja fólk sem hefur rúman tíma til að koma og prófa að vinna í verslunum Rauða krossins, flestir fíla það í drasl."

### Hef alltaf keypt notaðan fatnað

Arndís bætir því við að áður en hún tók skrefið að afgreiða í fatabúð Rauða krossins hafði hún lengi keypt notaðan fatnað. „Ég hef verslað mikið við Rauðakrossbúðirnar í gegnum tíðina og áður en þær voru opnaðar þá verslaði ég gjarnan við aðrar góðgerðarverslanir eins og Hjálpræðishersbúðirnar. Ég hef til allrar hamingju aldrei liðið skort, ávallt haft góða starfsorku og því haft nóg að bíta og brenna. Engu að síður, kannski vegna þess að ég var alin þannig upp, hefur mér alltaf fundist mikilvægt að fara vel með fé og eyða ekki of miklu í óþarfa án þess þó að vera nánös. Þegar dætur mínar þrjár, sem nú eru allar á þrítugsaldri, voru ungar þá hvarflaði ekki að mér að kaupa jólaskó á þær í dýrum skóverslunum, ég keypti frekar notaða og vel með farna lakkskó á þær og gaf þá svo aftur fljótlega eftir áramótin. Eins var með annan fatnað, útigalla, stígvél og svo margt, margt fleira. Sjálfri fannst mér gaman að gramsa og finna eitthvert algerlega einstakt dót á sjálfa mig. Þannig er ég enn þá og elsta dóttir mín sagði við mig þegar ég byrjaði að vinna sem sjálfboðaliði síðasta vetur: „Mamma, ég veit nákvæmlega af hverju þú ert að vinna hjá Rauða, það er til að vera langfyrst í góssið." Þetta var auðvitað alveg rétt hjá henni en ekki eina ástæðan samt," segir Arndís, skælbrosandi.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 16-0276
VIÐ GERUM OKKUR MAT ÚR ÞESSU!
TÖKUM VIÐ ÖLLU TAUI OG FÖTUM, LÍKA GÖMLUM, SLITNUM OG GÖTÓTTUM. ÞAU ERU SÍÐAN SELD TIL ENDURVINNSLU. ÞANNIG FJÁRMÖGNUM VIÐ ÝMIS AÐKALLANDI VERKEFNI.
RAUÐI KROSSINN
ICELANDIC RED CROSS



Basarinn er gífurlega vinsæll til dæmis til jólagjafakaupa.

# Alltaf biðröð fyrir utan basarinn

Prjónahópurinn Síðasta umferðin hefur starfað í húsi Rauða krossins á Selfossi undanfarin tíu ár. Þar hittast yfir þrjátíu konur í hverri viku og prjóna varning sem seldur er á basar, ágóðinn rennur í „Sjóðinn góða“ sem varðveittur er af kirkjunni á Selfossi, þar er úthlutað úr honum fyrir jólin til þeirra sem minna mega sín.

„Fyrir tíu árum tóku sig saman nokkrar konur og fóru að hittast í húsi Rauða krossins á Selfossi og prjóna. Afraksturinn selja þær á basar. Á hverju ári hafa safnast í kringum níu hundruð þúsund krónur. Ágóðinn rennur til Rauða krossins og þá er einnig þeim sem hafa lítið milli handanna úthlutað einhverju fyrir jólin,“ útskýrir Þórunn Guðnadóttir, starfsmaður Árnesingadeildar Rauða krossins.

Til að byrja með mættu átta til tíu konur einu sinni í viku. Fljótlega fjölgaði þó í hópnum þegar orðið fór að berast og nú mæta yfir þrjátíu konur flesta mánudaga. Garnið útvegar Rauði krossinn og þá fær hópurinn gjarnan gefins garn til að prjóna úr.

„Hópurinn samanstendur af eldri konum hér úr bæjarfélaginu. Þær eru hættar að vinna og samveran og félagsskapurinn gefur þeim mikið. Þær deila uppskriftum og læra hver af annarri. Þær prjóna einnig heilmikið heima og gefa á basarinn. Þetta er afar fjölbreytt framleiðsla, sokkar, vettlingar, peysur og húfur og alls konar leikföng, einnig gera þær margs konar skraut sem tilheyrir jólunum“ segir Þórunn.

„Þetta er svo vinsælt, að það myndast alltaf biðröð fyrir utan dyrnar þegar kemur að því að opna basarinn. Sama fólkið kemur aftur og aftur og kaupir jólagjafirnar handa barnabörnunum. Þetta verkefni hefur því lukkast afar vel og er mjög vel þegið af öllum.“



**Þórunn Guðnadóttir**

**Aldur:** 73
**Áhugamál:** Margs konar handavinna og útivera
**Fjölskyldustaða:** Gift og bý með manni mínum í eigin íbúð
**Uppáhaldsmatur:** Kjúklingur eldaður á ótal vegu
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Vopnafjörður

# Dýrmæt gjöf til Hvíta-Rússlands

Allt frá árinu 2012 hefur Rauði krossinn sent hlýjan fatnað til Hvíta-Rússlands. Þar ber helst að nefna sérútbúna barnapakka sem sjálfboðaliðar félagsins útbúa. Það dýrmætasta sem finna má í þessum pökkum er án efa prjónafatnaðurinn. Þar á meðal eru peysur, húfur og vettlingar sem prjónahópar Rauða krossins töfra fram. Guðný Nielsen er verkefnisstjóri alþjóðastarfs í Austur-Evrópu og Miðausturlöndum. Hún heimsótti úkraínska flóttafjölskyldu í Hvíta-Rússlandi í byrjun september.

„Hjónin eru bæði 23 ára og eiga þrjú ung börn; fjögurra mánaða, eins árs og tveggja og hálfs árs. Þau koma frá rússneskumælandi hluta Úkraínu og ástandið er þannig í landinu að fólk sem kemur úr þeim hluta er stimplað svikarar við heimalandið.“ Alína, móðirin, tók á móti Guðnýju á samyrkjubúi nálægt Mogilev. Þótt aðstæður fjölskyldunnar væru lélegar, voru móttökurnar hlýjar.

„Fjölskyldan hefur þurft að reiða sig á aðstoð hvítrússneska Rauða krossins um nokkurra mánaða skeið og hafa þau meðal annars þurft að þiggja matarhjálp. Þau eru afskaplega þakklát. Þegar Alína opnaði dyrnar og tók á móti okkur kom breitt bros á andlit hennar og börnin hlupu fram í forstofuna til okkar spennt. Það var yndislegt að sjá hana opna pakkann með fötunum á Tímor litla sem hún gerði mjög varlega, eins og hann væri afskaplega dýrmætur. Sem hann vissulega er. Alína mátaði strax fötin á Tímor og fallega prjónapeysan smellpassaði á hann.“



Alína með Tímor, sem er hæstánægður með nýja peysu frá Íslandi.



Kátur sönghópur heimsóknavina Rauða krossins í Hveragerði.

# Gefur okkur mikið

Hjá Hveragerðisdeild Rauða krossins er starfræktur sönghópur heimsóknavina sem mætir reglulega á hjúkrunar- og dvalarheimili í bænum til að syngja fyrir og með íbúum og sjúklingum.

„Þetta starf hófst fyrir nokkrum árum þegar kona setti saman sönghóp til að syngja með vistfólkinu á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Ási. Þegar hún veiktist tók ég við og útvíkkaði hugmyndina dálítið,“ segir Örn Guðmundsson, fyrrverandi formaður Hveragerðisdeildar Rauða krossins, sem nú syngur með sönghópi heimsóknarvina.

„Ég fékk Bassa, Björn Þórarinsson sem var í Mánum og er tónlistarkennari hér í Hveragerði, til að vera söngstjórinn okkar og spila með okkur. Hann er burðarásinn í þessu,“ segir Örn en sönghópurinn kemur saman hálfsmánaðarlega til að syngja með og fyrir vistmenn. „Bassi er liðtækur á öll hljóðfæri og spilar oftast á harmóníku eða píanó, svo hefur dóttir hans stundum spilað með okkur á fiðlu.“

Sönghópurinn er blandaður konum og körlum á öllum aldri, sá elsti 93 ára. „Við æfum ekki neitt enda margir úr kórnum líka í kór eldri borgara í bænum. Við syngjum einradda og hver með sínu nefi,“ segir Örn glettinn en helst verða gömul íslensk lög fyrir valinu.

Örn segir sönghópinn ávallt fá góðar móttökur. „Fólk hefur mjög gaman af þessu, sumir syngja með, aðrir hlusta. Þetta gefur okkur líka mikla ánægju.“

**„ Ég fékk Bassa, sem var í Mánum og er tónlistarkennari hér í Hveragerði, til að vera söngstjórinn okkar og spila með okkur. Hann er burðarásinn í þessu.**

*Örn Guðmundsson*

**Örn Guðmundsson**

**Aldur:** Sjötugur
**Hve lengi hefur þú verið í Rauða krossinum:** Í ýmsum verkefnum í um 12 ár
**Áhugamál:** Starfið hjá Rauða krossinum, að læra á harmóníku, föndra ýmislegt og veiði.
**Fjölskyldustaða:** Giftur en börnin sjö uppkomin og farin að heiman
**Uppáhaldsmatur:** Lambakjöt, hryggur, læri og kjöt í karrýi.
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Hveragerði



# Afar jákvæð viðbrögð

Átakið Heimanámsaðstoð í bókasafni einblínir á að hjálpa grunnskólabörnum af erlendum uppruna við lestur á íslensku. Viðtökurnar hafa verið afar góðar.

Vestmannaeyjadeild Rauða krossins ásamt grunnskóla og bókasafni bæjarins hófu í upphafi árs átakið Heimanámsaðstoð í bókasafni. Verkefnið er aðallega ætlað þeim grunnskólabörnum sem eru af erlendum uppruna og eiga erfitt með íslenskuna að sögn Geirs Jóns Þórissonar, formanns Vestmannaeyjadeildar Rauða krossins.

Hugmyndina að verkefninu má rekja til þess að Rauði kross Íslands hóf verkefnið Hvar þrengir að? fyrir nokkrum árum. Segir hann félaga sína í deildinni í Eyjum hafa kannað hvernig slíkt verkefni gæti komið sér best í Eyjum. „Við áttum m.a. samtal við forráðamenn grunnskóla Vestmannaeyja og forstöðumann bókasafns Vestmannaeyja. Í þeim samtölum kom fram að grunnskólabörn af erlendum uppruna ættu mjög erfitt með íslenskuna. Var því ákveðið að þessir þrír aðilar tækju upp samstarf í að leiðbeina þessum börnum með lestur og fleira eftir atvikum. Verkefnið fór af stað í byrjun ársins og er þessum börnum boðið að koma þrisvar í viku í rúma klukkustund í senn á bókasafnið.“

Að sögn Geirs Jóns fer aðstoðin þannig fram að sjálfboðaliðar setjast með hverjum og einum og fara yfir texta úr þeim bókum sem börnin eru að nota í skólanum. „Við látum þau lesa yfir textann oftast tvisvar sinnum, en stundum les sjálfboðaliði einnig yfir textann til að auðvelda nemandanum hljóðfall íslenskunnar. Reynt er að hafa textann ekki of langan svo að viðkomandi missi ekki einbeitinguna.“



**Geir Jón Þórisson**

**Aldur:** 64
**Hversu lengi hefur þú starfað með Rauða krossinum:** Í Vestmannaeyjum frá 2014
**Áhugamál:** Mannleg samskipti, söngur og ýmis félagsleg starfsemi
**Fjölskyldustaða:** Giftur og við hjónin eigum fjögur börn og tólf barnabörn
**Uppáhalds matur:** Íslenskt lambakjöt og Eyjafiskur
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Vestmannaeyjar

**„ Það ánægjulega hefur gerst að foreldrar flestra barnanna koma með þeim og taka þátt líka.**

*Geir Jón Þórisson, formaður Vestmannaeyjadeildar Rauða krossins*

Viðtökurnar hafa verið mjög góðar að hans sögn. „Það ánægjulega hefur gerst að foreldrar flestra barnanna koma með þeim og taka þátt líka. Hefur það reynst afar jákvætt. Síðan höfum við eftir lesturinn farið í leiki sem byggja á íslenskum orðum og fáum við þá fleiri tækifæri til að útskýra fyrir þeim þýðingu þeirra og merkingu.“

Og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. „Það hefur komið í ljós að þau börn sem hafa nýtt sér þessa aðstoð hafa verið að koma betur út í íslenskunni í sínum bekk. Við höfum fengið afar jákvæð viðbrögð kennara og foreldra. Við finnum ekki annað en að börnin séu mjög sátt enda hjálpar þetta þeim enn betur að ná tökum á íslenskunni og gerir þeim kleift að ná betri samskiptum í samfélaginu.“

# Aðaláhyggjuefnið að ná til ferðamanna

Ef af Kötlugosi yrði þyrfti að rýma helming húsa í Vík í Mýrdal. Auk þess þyrfti að koma þúsundum ferðamanna á svæðinu í öruggt skjól. Mikið álag yrði því á neyðarvarnarhóp Rauða krossins í Vík en fyrstu tveir tímarnir eftir tilkynningu um gos skera úr um ástandið.

Undanfarið hefur Katla verið að bæra á sér. Ef eldgos yrði myndi mikið mæða á neyðarvarnarhópi Rauða krossins í Vík. Sveinn Þorsteinsson, formaður Víkurdeildar, segir virka sjálfboðaliða deildarinnar í þess konar vá vera fimmtán til tuttugu manns. „Sjálfboðaliðar fá fræðslu og þjálfun í að bregðast við þessari neyð og deildin tekur þátt í árlegri rýmingaráætlun vegna Kötlugoss. Ef gos yrði og vatn myndi flæða hér yfir þyrfti að rýma allan neðri hluta bæjarins,“ útskýrir Sveinn.

Um sex hundruð manns búa í Vík og eru haldnar skrár yfir alla íbúa sem eru uppfærðar árlega. Skýr aðgerðaáætlun er til ef tilkynnt er um að Katla sé að fara að gjósa og von sé á flóði. Talið er að það taki vatnið um tvo klukkutíma að fara frá Kötlu og niður á þjóðveg. „Á þeim tíma ættum við að ná að rýma neðri hluta þorpsins. Um leið og tilkynning um Kötlugos kemur fer björgunarsveitin af stað og hlaupa sex hlauparar hús úr húsi í þessum hluta þorpsins því ekki er vitað hvort símar muni virka. Allir íbúar eiga að hafa í sínum fórum spjald til að setja út í glugga eða á áberandi stað sem sýnir að húsið sé yfirgefið og mæta til skráningar upp í fjöldahjálparstöð. Hlaupararnir banka þar sem skiltin eru ekki komin upp. Þegar þeir hafa farið í öll húsin sín þá koma þeir upp í fjöldahjálparstöð til okkar með sín gögn um hvert þeir hafa farið og hvar ekki var svarað. Ef viðkomandi manneskja er ekki búin að gefa sig fram í fjöldahjálparstöðinni fara björgunarsveitarmennirnir aftur þangað og kanna af hverju ekki var svarað.“

Hlutverk sjálfboðaliða Rauða krossins í slíku ástandi er að opna fjöldahjálparstöð. „Þar tökum við á móti fólki, skráum alla íbúana og segjum þeim í hvaða hús þeir eigi að leita eftir húsaskjóli. Við þurfum einnig að sinna ferðamönnum en ekki er endanlega ákveðið hvernig þeir verða skráðir,“ segir Sveinn og bætir við að sá mikli fjöldi ferðamanna sem er á svæðinu verði helsta vandamálið ef til goss kæmi.

„Starfssvæði Víkurdeildar er stórt, það nær frá Múlakvísl að Steinum undir Austur-Eyjafjöllum og á þessu svæði er mikið af vinsælum ferðamannastöðum, meðal annars Skógar, Vík og Reynisfjara. Engin skrá er yfir alla þessa ferðamenn en ef Katla byrjar að gjósa þá eru sms-skilaboð send í alla síma sem eru á svæðinu samkvæmt staðsetningarbúnaði. Einnig ferðast björgunarsveita- og lögreglumenn um svæðið og koma boðum til ferðamanna og vara þá við hættunni.“

Sveinn segir að komi til þess að Katla gjósi muni fyrstu tveir tímarnir skera úr um hvernig ástandið verður. „Það fer allt eftir því hvernig þetta hagar sér, hvort við getum sent ferðamennina út úr bænum, áleiðis til Reykjavíkur. Annars verðum við að finna bílastæði fyrir fólk sem er á bílum og koma þeim sem ekki eru á bílum í hús, þá erum við að horfa til kirkjunnar,“ útskýrir hann.

Rýmingaráætlanir eru æfðar reglulega í bænum og að sögn Sveins vita flestir íbúar hvernig á að haga sér ef þetta gerist. „Fólk hér hefur alltaf áhyggjur af Kötlugosi og þetta er alltaf í undirmeðvitundinni hjá fólki. Þegar hún er að rumska eins og hún hefur gert að undanförnu verður umræðan meiri en maður finnur þó ekki fyrir hræðslu hjá fólki því það veit upp á hár hvert það á að fara. Mestar áhyggjur í þessu sambandi höfum við af erlendum íbúum okkar. Þeir vita ekki alveg hvernig þetta virkar hjá okkur. Það er fyrirhugað að fara á næstunni og heimsækja þá íbúa og er verið að vinna í því hvernig það verður framkvæmt.“



**Sveinn Þorsteinsson**

**Aldur:** 65 ára
**Áhugamál:** Mannúðarmál og íþróttir
**Fjölskyldustaða:** Giftur, á fjögur börn og átta barnabörn
**Uppáhaldsmatur:** Lambakjöt
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Vík og Vestmannaeyjar
**Hve lengi hefur þú starfað hjá Rauða krossinum?** Síðan 2006 og formaður deildar síðan 2007

> **Deildin tekur þátt í árlegri rýmingaráætlun vegna Kötlugoss.**
> *Sveinn Þorsteinsson*




**Á þessari teikningu um viðbúnaðaráætlun Almannavarna ríkisins má sjá fjöldahjálparstöðvar, lokun vega, helstu hlaupaleiðir, framrás hlaups og hámarks útbreiðslusvæði hlaups.**

# Hvert heimili undirbúið

Verkefninu **3 Dagar** var nýverið hleypt af stokkunum hjá Rauða krossinum. Því er ætlað að efla viðnám Íslendinga gagnvart rofi á innviðum. Hvert heimili er þá viðbúið hamförum og neyðarástandi með heimilisáætlun og viðlagakassa. Sjónum er aðallega beint að landsbyggðinni.

„Við hjá Rauða krossinum höfum að undanförnu lagt mikla áherslu á að koma upp neyðarvarnaráætlun, nauðsynlegum búnaði og að þjálfa starfsfólk og sjálfboðaliða. Nú fannst okkur kominn tími til að setja meiri kraft í almennings- og forvarnarfræðslu og sóttum um styrk til Land Rover í Bretlandi en fyrirtækið hefur styrkt landsfélög Rauða krossins um allan heim í ýmsum verkefnum sem tengjast neyðarvörnum,“ upplýsir Hjálmar Karlsson, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum.

Verkefnin eru ólík eftir svæðum. Í Kanada er Rauði krossinn með skógareldaverkefni og í Ástralíu þurrkaverkefni en verkefnin eru eðli málsins samkvæmt löguð að aðstæðum á hverjum stað. „Við hyggjumst ferðast um landsbyggðina og fræða almenning um hvernig bregðast skal við ef einhvers konar hamfarir verða. Stór hluti hinna dreifðu byggða er byggður upp í kringum svæði þar sem reglulega koma upp óveður og hlaup í ám. Þá geta sums staðar orðið jarðskjálftar, eldgos og snjóflóð. Með verkefninu vill Rauði krossinn undirstrika mikilvægi þess að fólk geti bjargað sér í þrjá daga ef til þess kemur að rof verði á innviðum,“ segir Hjálmar.

Hann segir dæmi um að vegir lokist og að fólk sé án rafmagns, rennandi vatns, net- og símasambands í einhverja daga. „Með því að hafa vaðið fyrir neðan sig má komast hjá ýmsu tjóni auk þess sem góður undirbúningur minnkar álag á viðbragðsaðilum eins og björgunarsveitum þegar mikið liggur við,“ útskýrir Hjálmar.

Fræðslan hefst á Vesturlandi nú í lok mánaðar. „Við fikrum okkur svo landshluta eftir landshluta allan hringinn. Við komum til með að halda fræðslufundi fyrir almenning en leggjum líka ríka áherslu á að fara inn í grunnskólana og kynna verkefnið fyrir börnum. Sú fræðsla verður sett upp á myndrænan og skemmtilegan hátt enda tilgangurinn alls ekki að hræða heldur ræða málin á uppbyggilegan máta. Börnin fá svo ýmiss konar upplýsingaefni með sér heim og geta haldið umræðunni áfram með fjölskyldunni.“

Hugmyndin er að sögn Hjálmars að fá fólk til að hugsa aðeins út í hvað ber að gera ef einhvers konar hamfarir verða en það er betra að vera búinn að því áður en eitthvað kemur upp á. Þetta snýst um hugarfarsbreytingu og er betra að gera þetta svona en að láta hlutina koma aftan að sér. Við munum hvetja fólk til að koma sér upp heimilisáætlun um hvernig eigi að bregðast við í tilteknum aðstæðum og einhvers konar íláti sem við höfum kosið að kalla viðlagakassa. Í hann eru settir hlutir sem eru til á flestum heimilum, þó mögulega þurfi að bæta einhverju við. Það er hins vegar lagt til að öllu sé safnað saman á einn stað og kassinn geymdur á aðgengilegum stað þar sem allir vita af honum.“

Í kassanum eru kerti, eldspýtur, viðgerðarlímband, fjölnota verkfæri, langbylgjuútvarp, leikföng og spil, teppi, matur með gott geymsluþol og vatn svo eitthvað sé nefnt en nánari útlistun er að finna á raudikrossinn.is.






**Hjálmar Karlsson**

**Aldur:** 29 ára
**Áhugamál:** Kvikmyndir, að spila fótbolta og ferðast
**Fjölskyldustaða:** Ég á kærustu, mömmu, pabba og bróður. Svo passa ég stundum hund
**Uppáhaldsmatur:** Lambalæri hjá mömmu
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Heima
**Hve lengi hefur þú starfað hjá Rauða krossinum?** Í fimm ár, þar af rúm þrjú og hálft sem verkefnastjóri

> **Með því að hafa vaðið fyrir neðan sig má komast hjá ýmsu tjóni auk þess sem góður undirbúningur minnkar álag á viðbragðsaðilum eins og björgunarsveitum þegar mikið liggur við.**
> *Hjálmar Karlsson verkefnastjóri*

# Bætt þjónusta við eldri borgara

Eldri borgarar fá fræðslu um öryggi á heimilum á námskeiðinu Öryggismál aldraðra. Það er Ísafjarðardeild Rauða krossins sem hefur unnið að verkefninu og þróað í samstarfi við fjölmarga aðila síðan 2008. Viðtökurnar hafa verið góðar hjá eldri borgurum fyrir vestan.

Öryggismál aldraðra er verkefni sem Rauði krossinn á Ísafirði hefur unnið að og þróað í samstarfi við fjölmarga aðila frá árinu 2008. Um er að ræða námskeið þar sem eldri borgarar fá fræðslu um öryggi á heimilum sínum en þar er farið yfir ýmis atriði sem mikilvægt er að huga að þegar árin færast yfir að sögn Hrefnu R. Magnúsdóttur, formanns Ísafjarðardeildar Rauða krossins.

Hún segir hugmyndina að verkefninu í sjálfu sér ekki flókna. „Ég er menntaður þroskaþjálfi og hef m.a. starfað sem ráðgjafi hjá skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar auk þess sem ég hef unnið að sjálfboðaliðastörfum hjá Rauða krossinum. Ég var heimsóknarvinur hjá eldri konu frá árinu 2001 og fannst að það mætti bæta þjónustu við eldri borgara á svæðinu og þá sérstaklega í tengslum við öryggismál. Einnig fannst mér vanta ýmsa fræðslu, bæði til þeirra sem eru komnir á efri ár en líka til aðstandenda og þjónustuaðila. Því vantaði að mínu mati meira samráð og samstarf á milli þjónustuaðila og stofnana og upplýsingar um hvert fólk á þessum aldri gæti leitað eftir aðstoð, ráðgjöf og fleiri þáttum.“



Hrefna Magnúsdóttir leiðbeinir eldri borgara á námskeiðinu. MYND/JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON

**Hrefna R. Magnúsdóttir**

**Aldur:** 49 ára
**Hversu lengi hefur þú starfað með Rauða krossinum?** Síðan 2001
**Helstu áhugamál:** Að njóta náttúrunnar á ýmsan hátt, ferðast og fleira
**Fjölskyldustaða:** Er gift og á tvö börn.
**Uppáhaldsmatur:** Lambakjöt og litrík salöt
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Hesteyri ( í Jökulfjörðum)

Meðal þeirra sem hafa komið að verkefninu eru starfsmenn á landsskrifstofu Rauða krossins, aðrar deildir á svæðinu, Félag eldri borgara í Ísafjarðarbæ, starfsfólk í heimahjúkrun og heimaþjónustu hjá Ísafjarðarbæ, slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, annað fagfólk og sjálfboðaliðar.

Námskeiðin eru byggð upp sem fjögur tveggja klukkustunda námskeið. „Á þeim er fjallað um bruna- og slysavarnir, öryggi innan sem utan heimilis, fyrstu viðbrögð, skyndihjálp, sálrænan stuðning, hjálpartæki og þá þjónustu sem er í boði fyrir eldri borgara á svæðinu. Kennslan byggir á verklegum æfingum, umræðum og fyrirlestrum. Þátttakendur mæta tvo daga í röð og síðan aðra tvo viku seinna. Þess á milli vinna þátttakendur ýmis heimaverkefni.“

Viðtökur hafa verið góðar að hennar sögn en leiðbeinendur hafa haldið námskeið á Ísafirði og í Bolungarvík auk þess sem hluti fræðsluefnisins var kynntur fyrir einstaka hópum, félögum eldri borgara á svæðinu, starfsfólki sem vinnur með öldruðum, aðstandendum og þátttakendum og fleirum á landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið var á Ísafirði í sumar.

# Tjúttað á harmóníkuballi

Reglulega eru haldin harmóníkuböll í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Þangað koma eldri borgarar víða að af Vestfjörðum til að dansa og skemmta sér. Sigrún J.G. Sigurðardóttir er ein af upphafskonum ballsins.

„Okkur Karen Ragnarsdóttur heitinni, vinkonu minni, fannst vanta ball enda höfðum við báðar sama áhugamálið, að valsa eftir harmóníku. Við ákváðum því einn daginn að redda þessu sjálfar,“ segir Sigrún, sem ávallt er kölluð Rúna. „Karen sagði við mig: ef þú reddar harmóníkuköllum þá redda ég húsi,“ lýsir Rúna hlæjandi. „Þetta var mjög skemmtilegt en kostaði peninga sem við vorum tilbúnar að borga úr eigin vasa. Svo frétti Rauði krossinn af þessum böllum og þar sem lítið var verið að gera fyrir eldri borgara á Ísafirði ákvað fólkið þar að koma með okkur í þessa skipulagningu.“

Fyrstu árin voru böllin haldin tvisvar í mánuði. „En í hittiðfyrra var veðráttan svoleiðis að sjaldan var hægt að halda ball og því voru aðeins tvö böll þann veturinn. En í fyrra vorum við með nokkur böll og svo erum við að fara af stað með þau aftur núna. Við höfum enga reglu á þessu, skellum bara upp balli þegar okkur dettur í hug,“ segir hún glaðlega.

Rúna segir mætinguna góða, yfirleitt mæti milli þrjátíu og fjörutíu manns en mest hafi mætt um sjötíu. „Við dönsum valsa, tangó, polka og tjúttum þegar okkur langar,“ segir Rúna en dansarar eru allt frá fimmtugu og upp í nírætt.

Tónlistarfólkið gefur allt vinnu sína við böllin. „Í nokkur ár voru það bræður á Núpi sem spiluðu mikið fyrir okkur og harmóníkusveit á Þingeyri. Nú erum við komin með sjálfan BG, Baldur Geirmundsson, og svo Árna stórbónda á Vöðlum.“

Fólk kemur víða að, frá Bolungarvík, Önundarfirði, Súgandafirði, Dýrafirði, Súðavík og Ísafirði. „Duglegastir eru Bolvíkingarnir sem eru alltaf vel dansandi,“ segir Rúna og bætir við að fólk láti vond veður sjaldan stoppa sig.

Harmóníkuböllin eru þekkt fyrir fínar veitingar. „Við Karen heitin vorum lengi vel með kleinur og ástarpunga. Nú erum við með einhverjar hnallþórur,“ segir Rúna en aðgangur að ballinu er ókeypis. „Svo höfum við bara Rauðakrossbaukinn á borðinu.“



Rúna og Dóri maðurinn hennar á harmónikuballi.

**Sigrún J. G. Sigurðardóttir**

**Aldur:** 75 ára
**Hve lengi hefur þú starfað með Rauða krossinum?** Allt frá 1996 þegar flóttamennirnir frá fyrrum Júgóslavíu komu til Ísafjarðar
**Áhugamál:** Dans og útivera
**Fjölskyldustaða:** Vel gift
**Uppáhaldsmatur:** Steinbítur
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Hraun í Hnífsdal

# Miklar framfarir þátttakenda

Verkefnið Tölum saman á Patreksfirði hefur gefist vel en á því er erlendum konum kennt daglegt íslenskt mál af íslenskum sjálfboðaliðum Rauða krossins.

Sjálfboðaliðar í verkefninu eru tveir, þær Ásdís Ásgeirsdóttir, sem hefur verið með frá upphafi og er verkefnastjóri, og Jónína Hjaltadóttir.

„Þátttakendurnir eru þrjár pólskar konur sem hafa búið hér á landi í tíu til fimmtán ár. Við hittumst einu sinni í viku í húsnæði sem heitir Selið sem Vesturbyggð leggur til verkefnisins. Sitjum bara við borðstofuborðið og höfum það huggulegt. Við ræðum um það sem er efst á baugi hér og æfum líka ákveðna þætti í íslenskri málfræði,“ útskýrir Ásdís.

Verkefnið hefur reynst mjög vel og mikill áhugi og árangur sem hefur náðst hjá þátttakendum. „Þessar konur eru komnar langt í íslenskunni og eru farnar að vera kröfuharðar á að tala rétt. Þær spyrja mikið, til dæmis um hvernig hitt og þetta er sagt og hvort eitthvert ákveðið orð sé í karlkyni eða kvenkyni. Við förum því líka töluvert út í erfiðari hluti og þær eru mjög nákvæmar, þessar konur,“ segir Ásdís brosandi.

Verkefnið hefur verið í gangi í rúma tvo vetur og gengur fyrst og fremst út á að kenna konunum daglegt íslenskt mál svo þær eigi auðveldara með að taka þátt í lífinu á Íslandi. „Við reynum að hjálpa þeim að samlagast okkur betur og markmiðið er að gera þær virkari í samfélaginu. Við útskýrum íslenska siði og menningu, og af hverju við gerum hitt og þetta. Það er líka okkar hlutverk að koma inn á það sem er að gerast hér í bæjarfélaginu.“

Ásdís segir konurnar hafa tekið miklum framförum á þessum tíma sem verkefnið hefur staðið yfir. „ Það var afskaplega gaman að heyra frá túlki sem kom að sunnan sem talaði sérstaklega um það hvað þær hefðu tekið miklum framförum á milli þess sem hann kom. Þegar við kláruðum námskeiðið á fyrsta árinu fórum við á kaffihús og sögðum í gríni að það væri skilyrði að þær pöntuðu sér sjálfar á íslensku. Ef þær gerðu það ekki þyrftu þær að borga sjálfar. Önnur okkar neyddist hins vegar til að borga fyrir þær af því þær voru orðnar svo flinkar,“ segir Ásdís og hlær.



**Ásdís Ásgeirsdóttir**

**Aldur:** 64 ára
**Hve lengi hefur þú starfað með Rauða krossinum?** Hef starfað við þetta verkefni frá upphafi þess, snemma árs 2014
**Áhugamál:** Hef áhuga á prjónaskap
**Fjölskyldustaða:** Ekkja
**Uppáhaldsmatur:** Fiskur
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Uppsveitir Borgarfjarðar

**Jónína Hallfríður Hjaltadóttir**

**Aldur:** 64 ára
**Hve lengi hefur þú starfað með Rauða krossinum?** Hef starfað við þetta verkefni síðan í september 2015
**Áhugamál:** Bóklestur
**Fjölskyldustaða:** Í sambúð
**Uppáhaldsmatur:** Sunnudagslærið hennar mömmu
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Kaldakinn í S-Þingeyjarsýslu

# Tónlistin það síðasta sem fer

Rauða kross bandið er skipað söngelskum sjálfboðaliðum á Ísafirði sem mæta alla fimmtudaga á hjúkrunarheimilið Eyri og syngja og spila. Guðrún Guðmundsdóttir segir sönginn lífsfyllingu.

„Ég var að vinna í afgreiðslunni á spítalanum og í föndrinu. Við fórum tvær að fara einn dag í viku upp á öldrunardeild og syngja og spila með fólkinu. Þegar söngurinn barst um bættist fólk í hópinn og tók undir. Okkur datt bara í hug að þetta gæti verið gott fyrir fólkið,“ segir Guðrún Guðmundsdóttir, ein meðlima Rauða kross bandsins svokallaða sem hefur undanfarin ár sungið og spilað einu sinni í viku, fyrst á öldrunardeild Sjúkrahúss Ísafjarðar og svo á hjúkrunarheimilinu Eyri.

„Það hefur bæst í hópinn, þetta eru allt konur sem eru hættar að vinna og við erum á bilinu 6 og 7 í Rauða kross bandinu,“ bætir hún við og segir nafnið hafa orðið óvænt til.

„Nafnið kom nú til þegar við vorum eitt sinn að syngja á Hlíð, sú sem kynnti okkur á svið sagði hátt og snjallt „næsti liður á dagskrá er The Red Cross band“, það kom alveg flatt upp á okkur en nafnið festist. Við erum enn að. Þetta er alveg orðinn fastur liður,“ segir Guðrún.

„Þetta eru allt lög sem fólkið hefur lært sem börn. Ég man sérstaklega eftir einni gamalli konu sem var alveg rúmföst en starfsfólkið kom með hana fram því hún hafði alltaf verið syngjandi áður en henni versnaði. Þegar við sungum Ef væri ég söngvari runnu tárin niður kinnarnar á henni. Þeir segja að tónlistin sé það síðasta til að fara. Þetta gefur fólkinu mikið og er ákveðin fylling í okkar líf einnig. Við erum tvær með gítara og svo syngur bara hver með sínu nefi. Við erum ekkert að stressa okkur á æfingum. Við syngjum ástarlög inn á milli og stundum lög með örlítið tvíræðum texta, það er mikið hlegið. Það syngja alltaf allir með.“



**Guðrún Guðmundsdóttir**

**Aldur:** 73
**Áhugamál:** Spilar á gítar og syngur í kór
**Fjölskyldustaða:** 4 uppkomin börn, 13 barnabörn, 6 langömmubörn
**Uppáhalds matur:** Appelsínuönd
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Ísafjörðurinn

# FASTEIGNIR.IS

39. tbl. Mánudagur 26. september 2016

vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ



heimili fasteignasala – á traustum grunni

Bogi Pétursson lögg.fasteignasali | Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali | Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali | Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali | Brynjólfur Snorrason | Gunnlaugur A. Björnsson | Ásdís Írena Sigurðardóttir | Finndu okkur á Facebook

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500



Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!

Bárður Tryggvason, Eigandi, Sölufulltrúi, 896 5221
Ingólfur Geir Gissurarson, Eigandi, Framkvæmdastjóri, Lögg.fasteignasali, 896 5222
Heiðar Friðjónsson, Sölustjóri, Löggiltur fasteignasali B.Sc, 693 3356
Erlendur Davíðsson, Lögg. fasteignasali, Forstöðumaður útibús Ólafsvík, 897 0199
Margrét Sigurgeirsdóttir, Skrifstofustjóri, margret@valholl.is, 588 4477
Pétur Steinar Jóhansson, sölufulltrúi, 893 4718
Kristján S. Bjarnason, 611 4870
Sturla Pétursson, Löggiltur fasteignasali, 899 9083
Herdís Valb., Lögfræðingur, 694 6166

FÉLAG FASTEIGNASALA

VALHÖLL FASTEIGNASALA

20 ára VALHÖLL FASTEIGNASALA 1995 - 2015

www.valholl.is · www.nybyggingar.is


# Hægt að skoða íbúðina í nýrri tækni á skjánum

**Fasteignasala Reykjavíkur kynnir glæsilega 4 herbergja, 112,5 fm endaíbúð við Berjavelli með miklu útsýni yfir Reykjanesið. Íbúðin er með sérinngangi af svölum og fylgja 2 bílastæði í lokaðri bílageymslu.**


Glæsileg íbúð við Berjavelli sem hægt er að skoða í þrívídd á tölvuskjá.

Ekkert er til sparað í hönnun á íbúðinni og er hún hin glæsilegasta. Lýsing frá Berker með þráðlausri fjarstýringu. Bogadregnir veggir, steinateppi, lýsing og glerhurðir gefa íbúðinni einstakan sjarma og sérstöðu. Gengið er inn í bjarta forstofu með steinateppi og hvítum háglans fataskápum. Stofan og borðstofan eru samliggjandi í stóru opnu og björtu rými ásamt eldhúsi.Glæsilegt hjónaherbergi, barnaherbergi og baðherbergi.

Fasteignasala Reykjavíkur hefur tekið upp þá nýjung að sýna íbúðir í 3D sýn á vef sínum. Hægt er að skoða eignir, hvern krók og kima íbúðarinnar á tölvuskjá. Þessi þjónusta hefur fengið frábærar viðtökur viðskiptavina. Gert er tölvumódel af íbúðum og síðan er hægt að skoða þær í sýndarveruleika. Þetta sparar kaupendum sporin og minnkar umstangið fyrir seljendur. Mjög flott tækni og skemmtilegt.

Eignin á Berjavöllum er með þessari skemmtilegu nýjung og er hægt að skoða hana á þessari slóð http://www.fr.is/eignaskra/eign/374795. Fasteignasala Reykjavíkur er fyrst til að bjóða þessa þjónustu.

***Frekari upplýsingar fást á Fasteignasölu Reykjavíkur sími 477 7777.***


Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS


## Efstaland 18 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús þriðjudaginn 27. september frá kl. 17:30 til 18:00**

Glæsilegt 165,2 m2 endaraðhús á tveimur hæðum með glæsilegu útsýni. Eignin er fullbúin með gólfefnum innnan íbúðar (ekki gólfefni á geymslu og bílskúr) Húsið stendur á góðum stað hátt í hverfinu. Á jarðhæð er forstofa, snyrting, eldhús, stofa, bílskúr og geymsla. Á efri hæðinni eru þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Stórar svalir eru yfir bílskúr. **V. 57,9 m.**

## Gerplustræti 27 - 270 Mosfellsbær




Falleg og rúmgóð 116,9 m2, 3ja herbergja íbúð með glæsilegu útsýni á efstu hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Fallegar innréttingar og gólfefni. Glæsilegt útsýni. Gólfhiti. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, eldhús stofu og borðstofu. Rúmgóð sérgeymsla í kjallara.

**V. 42,9 m**

## Þrastarhöfði 45 - 270 Mosfellsbær




Fallegt 240,0 m2 einbýlishús á einni hæð með stórum bílskúr á hornlóð við Þrastarhöfða 45 í Mosfellsbæ.

Fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi. Stór timburverönd með heitum potti og hellulagt bílastæði.

**V. 79,9 m.**

## Grenigrund 16 - 200 Kóp.




129,9 m2, 5-6 herbergja efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt 32 m2 bílskúr. **V. 45,9 m.**

## Kiðárbotnar – Húsafell




67,1 m2 sumarbústaður við Kiðárbotna 4 á 1.200 m2 eignarlóð. Eignin selst með öllu innbúi. **V. 16,5 m**

## Grenimelur 23 - 107 Rvk.




52,9 m2 kjallaraíbúð ásamt 28,2 m2 bílskúr. **V. 27,9 m.**

## Þrastarhöfði 4 - 270 Mos.




Falleg 88,4 fm, þriggja herbergja íbúð á annarri hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi, ásamt stæði í bílageymslu. **V. 37,9 m.**

## Bárugata 10 - 101 Reykjavík




Glæsileg 186,7 m2 íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi við Bárugötu 10 í Reykjavík. Efri hæðin skiptist í Forstofu, tvær stofur, eldhús, baðherbergi og eldhús. Kjallarinn skiptist í tvö herbergi, baðherbergi, þvottahús ogforstofu. Fallegar innréttingar og gólfefni. **V. 73,0 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

## Dvergabakki 34 - 111 Reykjavík



94,9 m2, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, hol, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla í kjallara. Eignin er skráð 94,9 m2, þar af íbúð 79,6 m2 og geymsla 15,3 m2. **V. 29,9 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

## Laxatunga - 270 Mosfellsbær



174.5 m2 einbýlishús - fullbúið að utan og fokhelt að innan - á einni hæð, í byggingu.

Húsið er timburhús, klætt að utan með járujárni og við að hluta.

**V. 43,9 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

## Völuteigur 7 - 270 Mosfellsbær



405 m2 atvinnuhúsnæði.

Húsið skiptist í 270,3 m2 jarðhæð og 95,3 m2 milliloft. **V. 69,0 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

## Grenibyggð 36 -270 Mosfellsbær




**Opið hús miðvikudaginn 28. sept. frá kl. 17:30 til 18:00**

Tvö rúmgóð svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Stórar samliggjandi stofur. Falleg aðkoma er að húsinu, bílaplan og gönguleið að húsi er hellulögð. Suður og vesturhluti lóðarinnar er mjög miklu skjóli og þar er stórar timburverandir og mikill trjágróður, rétt við veröndina rennur lækur með tilheyrandi stemningu. Þetta er afar glæsilegt og vel skipulagt einbýli á mjög sérstakri og fallegri lóð í Mosfellsbænum. **V. 89,5 m.**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.



**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

**Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.**
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

**Vegna mjög mikillar sölu vantar okkur 2ja – 4ra herbergja íbúðir í póstnúmerum 101, 104, 105, 107, 108, 200, 201 og 210. Skoðum og verðmetum samdægurs**

### Garðabær. Glæsilegt einbýlishús niður við lækinn



Glæsilegt og mjög mikið endurnýjuð um 500,0 fm. einbýlishús á frábærum stað niður við lækinn í Garðabæ.

Eignin er endurnýjuð á hlýlegan, vandaðan og smekklegan hátt. Garðurinn er endurhannaður og með harðviðarveröndum, heitum potti og lýsingu.

**Einstök staðsetning. Frábært útsýni.**

### Sævangur 42 – Hafnarfirði.




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel staðsett 269,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 47,4 fm. bílskúr. Tvennar svalir sem snúa annars vegar í suður og hins vegar til suðausturs. Garðurinn er ræktaður og mætir óspilltu mosavöxnu og grónu hrauninu til norðurs. Stórar stofur með arni. Þrjú rúmgóð herbergi. Sjónvarpsrými. Tvö baðherbergi. Íbúð á neðri hæð með sér inngangi. Húsið er mikið endurnýjað. **Verið velkomin.**

**Verð 79,9 millj.**

### Stafnasel. Glæsilegt einbýlishús.



Virkilega fallegt og mikið endurnýjað 254,4 fm. einbýlishús á 750,0 fm. glæsilegri lóð við Stafnasel. Mögulegt er að gera auka íbúð í bílskúr, sem er 69,4 fm. að stærð. Einnig er hægt að hafa 5 svefnherbergi í húsinu. Nýlegar og vandaðar innréttingar og tæki eru í eldhúsi. Baðherbergi er nýlega endurnýjað og gólfefni að stærstum hluta.

**Eignin er virkilega vel staðsett á fallegum og skjólsælum útsýnisstað. Örstutt frá Ölduselsskóla, tveimur leikskólum, ÍR-svæðinu og nokkurra mínútna gang í Salalaug í Kópavogi.**

**Verð 79,9 millj.**

### Hnoðravellir – Hafnarfirði. Raðhús.



Einstaklega vel skipulagt og vandað 202,0 fm. staðsteypt raðhús á einni hæð með innbyggðum 33,9 fm. bílskúr. Verulega aukin lofthæð er í stórum hluta hússins. Gólfsíðir gluggar í stórum hluta húss og gert er ráð fyrir extra háum innihurðum. Gólfhitakerfi er í öllu húsinu og 3 baðherbergi.

**Húsið skilast fullfrágengið að utan með fullfrágenginni lóð og að innan skilast húsið málað og tilbúið undir innréttingar.**

**Verð 57,9 millj.**

### Fellsás- Mosfellsbæ. Parhús. Tvær íbúðir.



267,7 fm. parhús á tveimur hæðum á glæsilegum útsýnisstað í Mosfellsbæ með innbyggðum 33,3 fm. bílskúr. Búið er að loka á milli efri og neðri hæðar og er nýtt í dag sem sitthvor hæðin. Auðvelt er að opna aftur á milli hæða. Auk þess er búið að útbúa 32,2 fermetra stúdíó íbúð undir bílskúr með baðherbergi og eldunaraðstöðu. Aukin lofthæð er á efri hæð eignarinnar og svalir til vesturs.

**Eignin er í enda botnlanga með óhindruðu útsýni yfir sundin, Snæfellsjökul og Esjuna.**

**Verð 64,9 millj.**

### Laxatunga – Mosfellsbæ



Vandað 259,8 fm. endraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum 47,1 fm. bílskúr á fallegum útsýnisstað í Mosfellsbæ.



## LANGALÍNA 28
- 210 Gbæ.
- 3ja herb. jarðhæð.
- Álkætt. Timburverönd.
- Stæði í bílageymslu.
- Vandaðar innréttingar.
- **Verð 54 millj**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**




## LÆKJARGATA 9
- 220 Hfj.
- 123,2 fm.
- Skemmtilegt einbýlishús.
- Frábær staðsetning.
- Mögul. að stækka húsið.
- **Verð 42.9 millj.**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**




## LUNDUR 23
- 200 Kóp.
- 3ja herb. 113 fm.
- Ný íbúð.
- Bílgeymsla.
- Timburverönd.
- **Verð 49,5 millj.**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**



## BÓLSTAÐARHLÍÐ 7
- 105 Rvk.
- 136 fm.
- Sérhæð.
- Bílskúr.
- Falleg íbúð.
- 3 til 4 svefnherbergi.
- Góð staðsetning.




## LANGALÍNA 28
- 210 Gbæ.
- 188 fm. 2ja hæða.
- Álklætt hús. Mikið útsýni
- Vandaðar innréttingar.
- 2 stæði í bílageymslu.
- **Verð 85 millj**

**Opið hús þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30**



## HAFRAÞING
- 203 Kóp.
- Parhús.
- 178,7 fm.
- Afhent fokhelt eða tilbúið til innréttinga.
- **Verð 49,9 millj.**

# GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN
GARÐATORGI 7, 210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800 | gardatorg@gardatorg.is | www.gardatorg.is


Sigurður Tyrfingsson
Framkvæmdastjóri
Lögg. fasteignasali
S: 898-3708
sigurdur@gardatorg.is


Þóroddur S. Skaptason
Skjalagerð - sala/leiga
Lögg. fasteignas./leigum.
S: 868-4508
thoroddur@gardatorg.is


Steinar S. Jónsson
Sölustjóri
Lögg. leigumiðlari
í námi til lögg.fast. sala
S: 898-5254
steinar@gardatorg.is


Elka Guðmundsdóttir
viðskiptafræðingur /
í námi til lögg.
fasteignasala
s. 863-8813
elka@simnet.is


Linda Björk Ingvadóttir
í námi til lögg.
fasteignasala.
S: 868-7048
linda@gardatorg.is

**HRAUNBÆR 44. Reykjavík.**




**OPIÐ HÚS MÁNUD. 26. SEPT. KL: 17:15 - 17:45.**
112,6 fermetra 5 herbergja íbúð á 3. hæð (efstu). Þarfnast endurbóta. **VERÐ: 29.9 millj.**
Uppl. veitir Elka, s. 886-8813 elka@gardatorg.is

**RAUÐAVAÐ 17. Reykjavík.**




**OPIÐ HÚS MÁNUD.26 SEPT.FRÁ KL: 17:15-17:45.**
Mjög góð og vel staðsett 92,4 fm. 2ja herb. íbúð á fyrstu hæð með sér inngangi. Stór suður-verönd. Stæði í bílgeymslu. **VERÐ: 36.5 millj.** Uppl. veitir Steinar, s. 898-5254 steinar@gardatorg.is

**ARNARSMÁRI 22 - Kópavogur.**




**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 27 SEPT. FRÁ KL: 17:15-17:45.**
Samtals 138,8 fm 4ra herbergja endaíbúð á 3. Hæð með sérinngangi. Þar af sérstæður 28 fm bílskúr. **VERÐ: 45.9 millj**. Uppl. veitir Steinar, s. 898-5254 steinar@gardatorg.is

**FUNALIND 9 - KÓPAVOGUR**




**OPIÐ HÚS MÁNUD. 26. SEPT KL. 17.15 - 17.45**
112,1 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi að einum vinsælasta stað í Lindahverfi Kópavogs. Eignin er laus til afhendingar.**VERÐ: 39.9 millj.**Uppl. veitir Þóroddur S: 868-4508 thoroddur@gardatorg.is

**HÁTÚN 45 - REYKJAVÍK.**




**OPIÐ HÚS MÁNUD. 26. SEPT. FRÁ KL 17:30 - 18:00.**
Snyrtileg 4ja herbergja 77,5 fm. ris-íbúð. Er að hluta til undir súð.**VERÐ: 34.9 millj**.Uppl. veitir Linda Björk S: 868-7048 linda@gardatorg.is

**STRANDGATA 43. HAFNARFJÖRÐUR.**




**OPIÐ HÚS MIÐVIKUD. 28. SEPT.FRÁ KL 17:15 - 17:45.**
Falleg 114,4 fm. 3ja herbergja íbúð á 2. hæð. Stór sólstofa og suður verönd.
**VERÐ: 49.9 millj.**Uppl. veitir Linda Björk S: 868-7048 linda@gardatorg.is

**KLUKKUHOLT 13 - GARÐABÆR**




**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 27. SEPT. FRÁ KL: 17:15-17:45.**
Gott 144,1 fm. einnar hæðar raðhús með innb. bílskúr. Húsið er bjart og skemmtilegt, býður uppá mikla möguleika en er ekki fullklárað.**Verð 42,5 millj.**
Uppl. veitir Elka, s. 886-8813 elka@gardatorg.is

**HEIÐMÖRK OG ÞELAMÖRK. HVERAGERÐI.**



Glæsileg raðhús á einni hæð við Heiðmörk 64-68 og Þelamörk 47-53.
**Verð frá 37 – 39 millj.**
Uppl. veitir Elka, s. 886-8813 elka@gardatorg.is

**REYNSLA - TRAUST - ÁRANGUR**

# GIMLI

Sími 570 4800



**VANTAR EIGNIR MIKIL EFTIRSPURN**

Fasteignasala / Grensásvegur 13
2. hæð 108 Rvk. / gimli.is

Sigþór 570 4800 Löggiltur fasteignasali · Ellert 661 1121 Löggiltur fasteignasali · Katrín 570 4800 · Hafrún 570 4800 · Árni 696 0901 Viðskiptafræðingur Löggiltur fasteignasali

---

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

**Holræsa og Stífluþjónusta Suðurlands. 800 Selfoss.**



## Tilboð óskast.

Öflugt og þekkt fyrirtæki sem hefur verið rekið af sömu aðilum síðan 1995. Fyrirtækið er vel tækjum búið til að sinna ýmiskonar starfsemi á sínu sviði s.s. til losunar á rotþróm, myndunar á lögnum, stíflulosunar o.fl. sambærilegra verkefna. Verkefnastaða er traust og góð velta. Samningar fyrirliggjandi við nokkur sveitarfélög um losun á rotþróm. Á ársgrundvelli eru fjórir starfsmenn. Fyrirtækið er í hentugu leiguhúsnæði á Selfossi. Mögulegt er að kaupa húsnæðið eða gera langtímaleigusamning. Um er að ræða sölu á félagi (ehf)

**Allar nánari upplýsingar, s.s. tækjalisti og ársreikningar eru fyrirliggjandi hjá fasteignasala. Snorri Sigurfinnsson s. 8648090 eða snorri@fasteignasalan.is**

FRUM

Fasteignasalan Bær • Austurvegur 26 • 800 Selfoss

---

## Freyvangur 11, Hellu



136,4 m2 einbýlishús á einni hæð, byggt 1969, ásamt 31,9 m2 bílskúr og 10 m2 geymslu. Í húsinu eru m.a. fjögur herbergi, stór stofa og borðstofa og viðbyggður glerskáli/gróðurhús. Vel viðhaldin eign á góðum stað. **Laust til afhendingar strax.**

**Allar frekari uppl. veitir Christiane L. Bahner hdl. og lögg. fasteignasali í s. 867 3440 eða christiane@simnet.is**

---

ÁSBYRGI ehf · Sími 568 2444

Ingileifur Einarsson, Lögg. fasteignasali.
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík
Ingileifur Einarsson - Löggiltur fasteignasali.

## HVALEYRARBRAUT 24 HAFNARFIRÐI




**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG 27. SEPTEMBER MILLI 17:00 OG 18:00**

Vorum að fá í einkasölu 10 glæsileg iðnaðar- geymslu - og lagerbil frá 155 fm uppí 260 fm öll bilin eru á einni hæð með góðum innkeyrsludyrum. Góð lofthæð. Kaffistofa og snyrting í hverju bili. Stór malbikuð lóð. Húsið er allt endur nýjað frá grunni á mjög vandaðan hátt og selst fullbúið til afhendingar fljótlega. Ekki er vsk-kvöð á húsnæðinu.

---

OPIÐ HÚS

## *Léttleikandi timburhús*
## *í hjarta Akureyrar*

Nýtt á skrá. Snyrtilegt og vel staðsett, fjögurra hæða timburhús í Brekkunni á Akureyri með glæsilegu útsýni yfir Eyjafjörð. Flott eign með mikla möguleika. Tilvalið fyrir laghenta. **Ísskápur og þvottavél fylgja.**

TILVALIN FYRSTU KAUP!




---

## ATVINNUFASTEIGN

Höfum til sölu atvinnufasteign
miðsvæðis í Reykjavík.

Langtímaleigusamningur fylgir eigninni.
Leigutekjur u.þ.b. 10,5 millj. á mánuði.

Viðhaldslítið hús, traustur leigjandi.

**Nánari upplýsingar gefur**
**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins



**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
Lögg. fasteignasali
sími 864 5464

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is





**Runólfur Gunnlaugsson** lögg. fast.
**Ásmundur Skeggjason** lögg. fast.
**Brynjar Baldursson** sölufulltrúi
**Jóhann Friðgeir Valdimarsson** sölufulltrúi
**Kristinn Tómasson** lögg. fast.


## Fyrir fólk á fasteignamarkaði

### Fossagata 2 – Lóð.

Til sölu byggingarlóð sem er 346,6 fm. eignalóð við Fossagötu 2 í Skerjafirði.

Á lóðinni er ónýtt hús sem þarf að rífa. Meðfylgjandi eru teikningar fyrir steinsteypt einbýlishús sem er skráð c.a. 230-240 fm.

**Verð: 29,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir Runólfur á Höfða s: 892 7798 eða runolfur@hofdi.is



### Lækjasmári 4 Kóp.  4ra herb.

**Opið hús í dag kl. 17-18.**
Einstaklega falleg og snyrtileg 4ra herb. íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi, ásamt stæði í bílakjallara. Íbúðin er skráð 104,2 fm. og sér geymsla í kjallara 4,7 fm. alls skráð 108,9 fm. skv. Þjóðskrá. (að auki er stæði í bílakjallara skráð 11,5 fm. ). Þvottahús er innan íbúðar og glerlokun á svölum. Einstaklega snyrtileg sameign.

**Verð kr.  43,9 millj.**

**Til sýnis í dag kl. 17-18 (bjalla 501)**

Uppl.  veitir Runólfur viðsk.fr. lögg.fast. á Höfða s. 892 7798.  runolfur@hofdi.is




**BERG FASTEIGNASALA**



Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali



Stefán Bjarki Ólafsson
lögg. fasteignasali


Háholt 14, Mosfellsbær • Sími: 588 5530 • berg@berg.is www.berg.is • GSM 897 0047




### Þorrasalir.
Afar vönduð 112 fm. íbúð á 3. hæð í nýju og lyftuhúsi við Þorrasali. 3 svefnherbergi. Vandaðar innréttingar. Parket og flísar. Stórar svalir, ca. 20 fm. sem eru yfirbyggðar með parket mottum á gólfi. Allt fyrsta flokks. Stæði í bílageymsluhúsi. **Verð. 44,8 m.**



### Hamratún.
Vandað raðhús við Hamratún. 173.8 fm. þar af er bílskúr 35 fm. Góðar innréttingar. 2 svefnherbergi. Allt fyrsta flokks. Hellulagt bílaplan fram við hús með snjóbræðslu. Eignin er laus við kaupsamning. Starfsmenn Berg fasteignasölu sýna eignina. **Verð: 54,5 m.**



### Jaðarsbraut á Akranesi.
Flott 97,7 fm. íbúð á jarðhæð í góðu fjölbýli á vinsælum stað á Akranesi. Stæði í bílastæðahúsi fylgir. 2 svefnherbergi. Flottar innréttingar, gólfefni og skápar. Allt fyrsta flokks.
**Verð: 27,9 m.**



### Eyjatún við Meðalfellsvatn.
Vel staðsettur 46 fm. sumarbústaður sem er í smíðum, á eftir að innrétta að hluta og ganga frá sólpalli. Falleg lóð að mestu frágengin. Laus strax. Ekkert áhvílandi.
**Verð: 11,9 m.**



### Flétturimi.
Vönduð 98 fm. íbúð á 3. og efstu hæð í góðu fjölbýli auk stæðis í bílakjallara. Góð gólfefni. Góðir skápar. Björt stofa og svalir í suður. **Verð: 34,9 m.** Laus fljótlega.



### Lómasalir.
Vönduð og vel staðsett 105 fm. íbuð á jarðhæð í góðu fjölbýli við Lómasali. Sólpallur. 2 rúmgóð svefnherbergi. Sér inngangur. Góðar innréttingar. **Verð: 38,6 m.**



### Litlikriki.
Glæsilegt 203 fm. endaraðhús, þar af er bílskúr 39 fm. 4 rúmgóð svefnherbergi. Glæsilegar innréttingar. Upptekin loft. Vandað og vel byggt hús. Sólpallur á baklóð. Skógivaxið svæði á baklóð. Allt fyrsta flokks. **Verð; 64,3 m.**



### Esjugrund.
Afar snyrtilegt og vel byggt 151,7 fm. einbýlishús við Esjugrund á Kjalarnesi. Gott skipulag. 3 góð svefnherbergi. Flottur pallur og garður afar vel hirtur. Góður nílaskúr.
**Verð: 44,9 m.**




Hera Björk
Ilmur af jólum
Jólatónleikar í Grafarvogskirkju
26. nóvember kl. 20.00
Hera Björk • Lisa Angell • Kristinn Sigmundsson • Greta Salóme • Friðrik Dór
Karlakór Kjalnesinga og sönghópurinn Harmonia ásamt hljómsveit
undir stjórn Óskars Einarssonar
Miðasala á midi.is



Frá fyrsta kvennahittingnum í febrúar. Þá mættu 18 konur frá fimm löndum.

# Hjálpað inn í samfélagið

Kvennahittingur í Ólafsvík er skemmtilegt verkefni sem Rauði krossinn í Snæfellsbæ stendur fyrir ásamt Soroptimistaklúbbnum, kvenfélaginu í Ólafsvík og Svæðisgarðinum á Snæfellsnesi. „Við fórum af stað með þetta verkefni í lok febrúar en það snýst um að leyfa konum af erlendum uppruna að koma saman og spjalla á íslensku,“ útskýrir Guðrún Kristinsdóttir. „Okkur í stjórn Rauða krossins langaði að finna eitthvað sem gæti gert konum af erlendum uppruna auðveldara að verða virkar í samfélaginu en oft eru það tungumálaörðugleikar sem koma í veg fyrir það. Við höfðum oft heyrt að þessum konum fyndist þær ekki hafa tækifæri til að æfa sig í íslenskunni og því var blásið til þessa kvennahittings.“

Kvöldið er haldið einu sinni í mánuði. „Fyrsta kvöldið mættu átján konur frá fimm löndum og næsta kvöld mættu 25,“ segir Guðrún, en íslenskar konur eru líka velkomnar á hittinginn. Hún segir mikla ánægju með framtakið. „Við spurðum konurnar sjálfar hvað þær vildu og niðurstaðan varð sú að hafa enga skipulagða dagskrá heldur bjóða fremur upp á þennan möguleika að koma og spjalla saman á stað þar sem þær eru öruggar og ekki stressaðar þó þær finni ekki réttu orðin á íslensku.“

En um hvað er spjallað? „Um allt og ekki neitt,“ svarar Guðrún glaðlega en bætir við að þessi hittingur sé ekki bara mikilvægur fyrir konurnar til að læra íslensku heldur sé hann einnig leið fyrir þær til að komast inn í samfélagið, kynnast öðrum konum, og hafa tækifæri til að spyrja um hagnýta hluti.

Engir fundir voru í sumar en verkefnið fer af stað á ný nú í lok september.



**Guðrún Kristinsdóttir**

**Aldur:** 47
**Hve lengi hefur þú starfað með Rauða krossinum?** Í um 4 ár
**Áhugamál:** Kórsöngur og félagsstörf
**Fjölskyldustaða:** Gift og á fimm börn
**Uppáhaldsmatur:** Hvítlauksristaður humar
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Ólafsvík



Notaleg stund í Vinahúsinu.

# Hópurinn heldur utan um sitt fólk

Á Grundarfirði heldur Rauði krossinn úti Vinahúsi og Karlakaffi. Sævör Þorvarðardóttir, formaður Rauðakrossdeildar Grundarfjarðar segir vettvanginn gegna hlutverki öryggisnets og styrkja vináttubönd.

„Fólk kemur tvisvar í viku í Vinahús til okkar og yfirleitt telur hópurinn í kringum 16 manns. Vinahúsið er undir handleiðslu Steinunnar Hansen. Upphaflega var þetta mikið fólk sem hafði misst vinnuna, einstæðingar og fólk sem var einhverra hluta vegna einangrað í samfélaginu. Það er það að hluta til enn þá. Nokkurri dagskrá er haldið úti og hópurinn vinnur gjarnan saman að verkefnum og þá eru haldnir fræðslufyrirlestrar. Fólk notar einnig tímann til að spjalla saman og fá sér kaffi,“ útskýrir Sævör Þorvarðardóttir, formaður Rauðakrossdeildar Grundarfjarðar.

Hún segir vinahúsið hafa reynst afar vel og gegni ekki síður hlutverki öryggisnets. „Ef einhver úr hópnum mætir ekki og hefur ekki látið vita er athugað með hann.“ Hópurinn haldi þannig utan um sitt fólk og skapast hafa vinasambönd. „Fólk er farið að hittast utan skipulagðrar dagskrár,“ segir Sævör.

„Karlakaffið okkar er annar vettvangur en undir sama hatti. Gunnar Kristjánsson heldur utan um það. Karlakaffið sækja eingöngu karlmenn en sá vettvangur kom til þegar karlarnir voru að keyra konurnar á einhvern hitting, en voru svo sjálfir á hrakhólum á meðan. Karlakaffið er líka vel sótt, þarna hittast menn á öllum aldri tvisvar í viku og koma jafnvel úr öðrum bæjarfélögum. Það er verið að rifja upp gamla daga og segja sögur og lesa framhaldssögur. Þar er ekki haldið úti neinni áveðinni dagskrá á Karlakaffinu. Þetta er frekar frjálslegt. Menn eru ánægðir með þetta og taka daginn frá.“



**Sævör Þorvarðardóttir**

**Aldur:** 53 ára
**Áhugamál:** Að skíða og hjóla, garðurinn minn og félagsstörf
**Fjölskyldustaða:** Gift (og allir fluttir að heiman, nema kallinn)
**Uppáhaldsmatur:** Nautakjöt með gráðostasósu
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Siglufjörður

# Alltaf tilhlökkun að mæta í matarklúbb

Matarklúbbur Rauða krossins á Akranesi hefur verið starfræktur um nokkurra ára skeið. Hann er í grunninn ætlaður fólki af erlendum uppruna en er þó opinn öllum. Þar mætist fólk af ýmsu þjóðerni, eldar og nýtur samvista.

Þær Katina Gislason sem er frá Bandaríkjunum og Tuyet Anh Thi Nguyen sem er frá Víetnam eru báðar í matarklúbbi RKA og segja það gefa sér mikið. „Við hittumst í Rauðakrosshúsinu að Skólabraut 25 einu sinni í mánuði og tekur einn þátttakandi að sér að velja uppskrift og kaupa inn. Hinir hjálpa svo til við að elda,“ útskýrir Katina. Stundum verður eitthvað þjóðlegt frá heimalandinu fyrir valinu og þá fylgir jafnvel fróðleikur með en svo má bara velja það sem hvern lystir. Hver veit nema við gerum einhvern tíma íslenska kjötsúpu,“ segir Katina sem hefur verið búsett á Akranesi síðastliðin tvö ár. Henni var boðið í matarklúbbinn fyrir ári og hefur haft mjög gaman af. „Hugmyndin er að fólk komi saman, kynnist, eigi samræður og njóti matar en allt er þetta hluti af því að aðlagast samfélaginu. Yfirleitt eru einhverjir þátttakendur frá Íslandi og við fáum því tækifæri til að æfa okkur í íslensku í leiðinni.“

Katina á íslenskan mann. Þau hjónin voru búsett í Bandaríkjunum en ákváðu að snúa til Íslands fyrir tveimur árum. „Það er á margan hátt auðveldara og öruggara að vera hér með börn. Skólarnir á Akranesi eru mjög góðir og börnin fá góðan stuðning.“

Tuyet, sem starfar hjá HB Granda, hefur verið búsett á Akranesi í fimm ár og leitaði strax í upphafi til Rauða krossins. Hún hefur unun af því að elda og baka og þurfti því ekki að hugsa sig lengi um þegar kom að því að ganga til liðs við matarklúbb RKA. „Það er gaman að kynnast fólki frá ólíkum menningarheimum og ég hef eignast fullt af vinum,“ segir Tuyet sem hefur boðið þátttakendum upp á ýmsar krásir frá heimalandi sínu. „Það er alltaf tilhlökkun að mæta í klúbbinn og bragða ólíkan mat.“

Tuyet sem á tvær dætur er afar ánægð á Akranesi. Hún hefur auk eldamennsku unun af ljósmyndun og hefur tekið margar fallegar myndir af bænum.



**Tuyet Anh Thi Nguyen**

**Aldur:** 41
**Hve lengi hefur þú starfað með Rauða krossinum?** 5 ár
**Fjölskylduhagir:** Bý með tveimur dætrum
**Áhugamál:** Að elda og baka og taka ljósmyndir
**Uppáhaldsstaður á Ísland:** Mér finnst Ísland allt mjög fallegt en elska að búa á Akranesi. Ég hef mjög gaman af því að taka ljósmyndir bæði dag og nótt en er sérstaklega heilluð af norðurljósunum



**Katina Gíslason**

**Aldur:** 43
**Hve lengi hefur þú starfað með Rauða krossinum?** Eitt ár
**Fjölskylduhagir:** Er gift, á 14 ára son og 8 ára dóttur
**Áhugamál:** Fjölskyldan mín og börnin tvö. Þá hef ég mjög gaman af prjónaskap og er auk matarklúbbs RKA meðlimur í skemmtilegum prjónaklúbbi
**Uppáhaldsmatur:** Ég er yfirleitt til í flest en held ég verði að segja íslenskar pönnukökur
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Langisandur



Hjartastopp gerir ekki boð á undan sér

**BÓKAÐU UPPLÍFGANDI SKYNDIHJÁLPARNÁMSKEIÐ**

www.skyndihjalp.is

RAUÐI KROSSINN ICELANDIC RED CROSS

# Partur af samfélagslegri ábyrgð

Birna Pétursdóttir tók að sér að verða stuðningsfulltrúi ungrar sýrlenskrar fjölskyldu í janúar ásamt unnusta sínum, Árna Þór Theodórssyni. Þau fylgdust náið með fréttum af flóttafólki frá Sýrlandi. Þau langaði til að hjálpa og bjóða fólkið velkomið til Íslands.

Birna segir að það séu fimm íslenskar stuðningsfjölskyldur fyrir hverja eina sýrlenska. „Strax í upphafi unnum við markvisst að því að skipta með okkur verkum og ákveða hvernig best væri að aðstoða fólkið. Smám saman varð til vináttusamband á milli okkar stuðningsfjölskyldnanna og sýrlensku flóttafjölskyldunnar. Starfið hefur gengið einstaklega vel. Við búum að því hér á landi að taka á móti kvótaflóttafólki sem er með viðurkenndan rétt og það er búið að ákveða að veita ákveðna peningaupphæð til aðstoðar því. Vandamál sem koma upp hjá okkur eru lúxusvandamál miðað við á mörgum stöðum í heiminum þar sem fólk er í hræðilegri stöðu sem flóttamenn,“ segir Birna.



Hér er Birna með Safaa og Hussein sem eru flóttamenn frá Sýrlandi en hafa nú komið sér fyrir á Akureyri.



Íslensku börnin og þau sýrlensku ná vel saman.



Birna og Árni með dóttur sinni. Þau gerðust stuðningsfulltrúar sýrlenskrar fjölskyldu í byrjun ársins.

**Birna Pétursdóttir**
**Aldur:** 27 ára
**Hve lengi hefur þú verið starfandi með Rauða krossinum?** Í tæpt ár
**Áhugamál:** Heimildarmyndir, leiklist, tónlist, ljósmyndun, ljóð, ferðalög, matargerð, útivist, samvera með vinum og fjölskyldu og margt fleira
**Fjölskyldustaða:** Í sambúð með Árna Þór Theodórssyni og á eina tæplega 4 ára stjúpdóttur sem heitir Astrid
**Uppáhaldsmatur:** Lamba-tagine, eldað að marokkóskum sið



Á leið út í Hrísey. Stuðningsfulltrúar gera ýmislegt skemmtilegt með flóttamönnunum.

## Mikilvægt brauð

Áður en flóttamennirnir komu til Akureyrar fóru sjálfboðaliðarnir á námskeið til að kynnast þeim aðstæðum sem flóttafólkið kom úr og menningarheimi þess. „Við undirbjuggum komu þeirra með því að útvega húsnæði og húsgögn í samstarfi við Akureyrarbæ. Síðan þurfti að gera húsnæðið klárt fyrir komuna, redda borðbúnaði, barnavögnum og -kerrum, leikföngum og fleiru,“ segir Birna og bætir við að hópurinn hafi síðan þurft að vera vakandi yfir hvað vantaði eftir að þau voru flutt inn. „Þá þurfti að sinna þörfum þeirra og venjum. Til dæmis sýndum við þeim verslanir, heilsugæslu, skóla, leikskóla, strætóleiðir og þess háttar. Í Sýrlandi voru þau vön að borða ákveðið brauð daglega og við þurftum að finna út hvar væri hægt að fá efni í þann bakstur,“ segir Birna.

Brauðið er mjög mikilvægt í daglegum máltíðum Sýrlendinga, það líkist helst pítubrauði. Brauðið var hægt að kaupa á hverju götuhorni í heimabyggð þeirra.

## Sterk vinátta

Birna segir að fljótlega hafi skapast sterkt vináttusamband. „Við grillum saman, bjóðum þeim í pönnukökur, förum í bíltúra, sigldum út í Hrísey í sumar og gerum margt skemmtilegt saman. Oft er þetta líka bara að hittast og spjalla,“ segir hún. „Hversdagslegir atburðir geta reynst mikilvægir en annars eru þau mjög sjálfstæð.“

Þegar Birna er spurð hvort þetta hafi verið mikil vinna neitar hún því. „Maður fær þetta starf svo margfalt til baka í ánægju svo ég get ekki kallað þetta vinnu. Mér finnst þetta partur af samfélagslegri ábyrgð. Við viljum vera til staðar fyrir náungann, hvort sem hann er Íslendingur eða annarra menningarheima. Þetta er fólk eins og við, hefur sömu þarfir þótt þau koma úr öðru samfélagi. Þau hafa verið ótrúlega fljót að aðlagast umhverfinu, eiginmaðurinn, Hussein, fór strax út á vinnumarkaðinn og eiginkonan, Safaa, er orðin góð í íslensku. Hún er tungumálasnillingur. Þau eiga ársgamalt barn, Omar, og eiga von á öðru barni innan tíðar. Öll sýrlensku börnin sem komu í vetur hafa fallið vel inn í hópinn hér í bænum, krakkarnir leika sér saman, spila fótbolta og þess háttar. Með því móti draga þau foreldra sína inn í samfélagið hér á Akureyri. Þau hafa sömuleiðis aðlagast veðrinu fljótt en þeim fannst ansi kalt og dimmt í vetur. Veðrið er samt mun skárri kostur en stríðið í Sýrlandi.“

## Syrgjendur

Birna segir að þótt fólkið sé ákaflega þakklátt fyrir þá aðstoð sem það fær er það líka syrgjendur. „Heimili þeirra í Sýrlandi er loganди rúst. Þau koma frá Aleppo þar sem hræðilegt stríð geisar. Þau sakna ættlandsins og vita að ef þau snúa einhvern tíma heim aftur verður allt breytt,“ segir Birna sem sótti nýlega námskeið í Búdapest á vegum AFS fyrir sjálfboðaliða flóttamanna um allan heim. „Þetta námskeið opnaði augu mín fyrir því hversu fáum flóttamönnum við tökum á móti hér á landi og að við kveinkum okkur yfir flóttamannavanda sem er ekki til staðar. Við gerum vel við þá fáu flóttamenn sem við handveljum en þegar kemur að hælisleitendum sýnum við á okkur allt aðra hlið.“

# Sjálfboðaliðar með risastórt hjarta

Ingibjörg Halldórsdóttir er verkefnastjóri hjá Eyjafjarðardeild Rauða krossins og heldur utan um stuðningsfjölskyldur fyrir flóttafólk. Ingibjörg segir að það hafi gengið mjög vel að fá stuðningsfjölskyldur fyrir þær sýrlensku fjölskyldur sem komu til Akureyrar í janúar á þessu ári.

Ingibjörg segir að fleiri hafi sýnt áhuga en þörf var á. „Við vorum í ákveðinni lúxusstöðu að þurfa ekki að auglýsa eftir sjálfboðaliðum í þetta verkefni og má meðal annars rekja það til þess að eftir tilkomu Facebook-síðunnar Kæra Eygló voru yfir 100 manns sem skráðu sig sem sjálfboðaliða hjá Eyjafjarðardeildinni og höfðu áhuga á að taka þátt í móttöku fjölskyldnanna með einum eða öðrum hætti. Af þeim hópi voru um 70 sem höfðu áhuga á að gerast stuðningsfjölskylda,“ segir hún.

„Upphaflega byrjuðu 24 fjölskyldur í verkefninu, eða sex fjölskyldur fyrir hverja eina flóttafjölskyldu. Eftir að verkefnið fór af stað hefur ein fjölskylda þurft að hætta, það eru því starfandi 23 fjölskyldur í verkefninu,“ segir hún.

## Mikil fræðsla

Ingibjörg segir að ýmis fræðsla eigi sér stað á undirbúningstímabilinu. „Það má segja að við höldum áfram að fræða sjálfboðaliðana okkar jafnt og þétt en þeir skrá sig í verkefni í eitt ár. Fyrir komu Sýrlendinganna vorum við með fræðslu um Sýrland, landið, menninguna og fólkið. Ásamt því fengu sjálfboðaliðar fræðslu um sálrænan stuðning og lögðum við mikið upp úr góðum undirbúningi.

Við vorum með öflugustu fræðsluna samhliða komu fjölskyldnanna. Síðan vorum við með áframhaldandi námskeið í sálrænum stuðningi, fengum fyrirlestra frá fagfólki sem hefur reynslu af því að vinna með flóttafólki bæði erlendis og hér heima ásamt því að vera með námskeið í almennri skyndihjálp. Við erum hvergi nærri hætt með fræðsluna og mun hún standa út árið. Ástæðan fyrir því er að verkefnið breytist þó nokkuð á þessu eina ári og það hefur reynst okkur vel að vera með fræðslu á sama tíma og sjálfboðaliðarnir geta sett í samhengi það sem er verið að ræða um hverju sinni,“ útskýrir Ingibjörg.

## Gott samstarf

„Eyjafjarðardeildin tók þátt í móttöku á fjölskyldum frá fyrrum Júgóslavíu árið 2003,“ greinir hún frá. „Það var fyrir minn tíma í starfi en almennt fara mjög jákvæðar umsagnir af þeirri móttöku heilt yfir. Sama má segja um móttöku Sýrlendinganna sem komu í janúar sl., sem fram að þessu hefur heilt yfir gengið mjög vel. Einn stærsti lykilþátturinn í velgengninni er hversu öflugt og gott samstarf hefur verið á milli allra aðila sem að verkefninu koma og þá sérstaklega milli Rauða krossins og sveitarfélagsins. Allt frá upphafi höfum við unnið náið með starfsmönnum Akureyrarbæjar í verkefninu. Þannig hefur verkefnastjóri og túlkur Akureyrarbæjar fundað reglulega með bæði starfsmönnum Rauða krossins og sjálfboðaliðunum. Allir eru í góðri tenginu við alla en á sama tíma eru hlutverk og boðleiðir skýrar.

**Ingibjörg Halldórsdóttir**
**Aldur:** 36 ára
**Áhugamál:** Fótbolti, útihlaup, ferðalög og samvera með vinum og fjölskyldu
**Fjölskyldustaða:** Gift með tvö börn, 17 og 11 ára
**Uppáhaldsmatur:** Pitsa og Pepsi Max klikkar aldrei, svo finnst mér lambakótilettur í raspi með nýjum kartöflum og grænum baunum alveg eðal
**Uppáhaldsstaður á Íslandi:** Eftir að ég flutti í nýja húsið mitt við Kvistagerði á Akureyri þá hefur sá staður orðið algjörlega að mínum uppáhaldsstað. Svo finnst mér frábært að fara í bústað í Þórðarstaðarskógi



## Lykill flóttafólksins

Stuðningsfjölskyldurnar eru gríðarlega mikilvægur partur af starfinu. Þarna er samankomin hópur af fólki með risastórt hjarta sem er tilbúið til að gefa af tíma sínum til að hjálpa flóttafólki við að aðlagast nýjum heimkynnum. Þessar stuðningsfjölskyldur eru lykill flóttafólksins að samfélaginu og ég get ekki dásamað sjálfboðaliðana okkar í núverandi verkefni nógu mikið. Undanfarið hef ég unnið að samantekt starfsins síðustu mánuði og fyllist óendanlegu miklu stolti yfir hversu miklu þau hafa áorkað. Ekki síður lærum við starfsmennirnir alveg heilmikið af þeim. Þetta er fólkið sem vinnur inni á heimilum Sýrlendinganna, tekst á við tungumálaáskoranir, eignast nýja vini, aðstoðar með ýmiss konar mál og fer fyrst og fremst að þykja alveg vænt um sína fjölskyldu. Og eins og sýrlensku fjölskyldurnar sjálfar hafa orðað það, þá verða sjálfboðaliðarnir að fjölskyldu þeirra í nýju landi þar sem þau koma ein, án vina og ættingja. Það er óendanlega dýrmæt og falleg gjöf að einhver skuli vera tilbúinn til að gefa svona mikinn tíma og leggja svona mikið á sig við að hjálpa öðrum.“

# Kunnátta er hvati til athafna

Skyndihjálp hefur verið einn af hornsteinum Rauða krossins á Íslandi allt frá stofnun 1924. Rauði krossinn er enn í dag helsti kennsluaðili skyndihjálpar á Íslandi. Innan neyðarvarnarsviðs er einnig starfræktur skyndihjálparhópur sem er eingöngu skipaður sjálfboðaliðum.

Hópurinn kemur saman á ýmsum neyðarvarnaræfingum og er oftar en ekki til taks þegar stórir viðburðir eru skipulagðir, þá sérstaklega íþróttaviðburðir þar sem slys og hnjask geta komið upp á. Valdís Steinarsdóttir, sem er ávallt kölluð Addý, er meðlimur skyndihjálparhópsins.

„Ég held ég hafi byrjað sem sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum árið 2008,“ segir Addý, sem hefur tekið þátt í fjölmörgum verkefnum auk skyndihjálparhópsins. „Ég hef verið í skaðaminnkunarverkefnum, tekið að mér stjórnarstörf í Mosfellsbæjardeild og er í fjölmörgum verkefnum á Neyðarvarnarmiðstöð. Þar skiptist starfið í smærri einingar en fyrir utan skyndihjálparhópinn má minnast á viðbragðshóp fyrir sálfélagslegan stuðning, búnaðarhóp og bakvaktateymi. Ég hef tekið þátt í fjölmörgum skammtímaverkefnum sem tekur varla að nefna, svo mörg eru þau, en í dag sinni ég nánast eingöngu neyðarvarnarverkefnum. Þar er líka nóg um að vera og verkefnin eru í stöðugri þróun.“

En hversu mikilvægt er það að kunna að beita skyndihjálp?

„Í fyrsta lagi er gríðarlega mikilvægt að kunna skyndihjálp. Kunnátta er hvati til athafna þegar á reynir og því ættu allir að setja það í forgang að fara á skyndihjálparnámskeið. Að vera undirbúin er mikilvægt, slys gera ekki boð á undan sér og það er góð tilfinning að geta aðstoðað,“ segir Addý. „Verkefni hópsins geta verið margvísleg en snúa yfirleitt að viðburðum, kennslu eða kynningum. Þar á meðal má nefna viðveru við tendrun Óslóartrés eða við ýmsar bæjarhátíðir. Við erum stundum fengin til að vera reiðubúin við tökur á kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum, bæði fyrir innlenda og erlenda framleiðslu. Svo má ekki gleyma íþróttaviðburðunum. Við höfum verið til taks þegar fjöldi fólks tekur þá ákvörðun að synda í sjónum af fúsum og frjálsum vilja. Svo vorum við um daginn reiðubúin á hliðarlínunni á rúgbýleik.“



Valdís Steinarsdóttir er meðlimur í skyndihjálparhópi Rauða krossins.

En myndi Addý mæla með því að fólk skrái sig sem sjálfboðaliða?

„Tvímælalaust! Sjálfboðaliðastarfið hjá Rauða krossinum er einstaklega gefandi. Öll verkefni sem ég hef tekið þátt í hafa bætt mig sem manneskju. Síðan skiptir félagslega hliðin líka máli. Ég hef kynnst ótalmörgu góðu fólki. Einn af styrkleikum félagsins er breiddin í verkefnunum og þar eru til verkefni fyrir alla.“

## Rauði krossinn þakkar eftirfarandi aðilum fyrir að styrkja útgáfu Hjálparinnar

- AB varahlutir ehf
- ALARK arkitektar ehf
- Allianz Ísland hf. söluumboð
- Aurum ehf
- Áltak ehf
- Árvirkinn ehf
- B.Markan-Pípulagnir ehf
- Batik ehf.
- Betra líf - Borgarhóll ehf.
- Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
- Bílamálunin Varmi ehf
- Bílasmiðurinn hf
- Blaðamannafélag Íslands
- BLUE Car Rental ehf
- Bókhaldsstofa Haraldar slf
- Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf
- Brauðhúsið ehf
- Breiðavík ehf
- Brimborg ehf.
- Bústólpi ehf.
- Dalabyggð
- Danica sjávarafurðir ehf (Danica
- Seafood Ltd.)
- DMM Lausnir ehf
- Dýrabær ehf.
- Dýralæknirinn á Breiðdalsvík
- Efling stéttarfélag
- Eignamiðlunin ehf
- Elías Óskarsson
- Elísa Guðrún ehf
- ESJ Vörubílar ehf.
- Fakta ehf
- Faxaflóahafnir sf
- Ferro Zink hf.
- Fiskmarkaðurinn ehf.
- Fjallalamb hf
- Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf
- Fljótsdalshérað
- Flóahreppur
- Framhaldsskólinn í A-Skaftaf
- G. Ben
- Garðabær
- Garðmenn ehf
- Geirland ehf
- Gjögur hf.
- Glaður ehf
- Grafía-stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum
- Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf
- Grófargil ehf
- Hamraborg ehf
- HBTB ehf
- Herrafataverslun Birgis ehf
- Héraðsbókasafn Rangæinga
- Hilmar Bjarnason ehf., rafverktaki
- Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.
- Hjallastefnan ehf
- Hjá Guðjónó ehf
- Hjúkr-/dvalarh Klausturhólar
- Hótel Laki ehf.
- Hreint ehf.
- Húnavatnshreppur
- Húnaþing vestra
- Hvalur ehf
- Hveragerðiskirkja
- Hvestuveita ehf
- Höfðakaffi ehf.
- Iceland Excursions Allrahanda ehf.
- Icelandair Cargo ehf.
- Ísfix ehf
- Íslensk endurskoðun ehf
- Íslensk erfðagreining ehf.
- Íslensk sálgreining - sálgreiningarstofnun Íslands ehf.
- Ísold ehf
- Ístak hf.
- JÁVERK ehf
- JSÓ ehf
- Kambur ehf.
- Karl Kristmanns umboðs- og heildv ehf
- Kjöthöllin ehf
- Klausturkaffi ehf
- Klettur - sala og þjónusta ehf.
- Kokka ehf
- Kraftlagnir ehf
- Krossborg ehf
- Kvika ehf
- Landsnet hf.
- Landssamband lögreglumanna
- Landssamtök lífeyrissjóða LL
- Láshúsið ehf
- Libra ehf
- Litli Tindur ehf
- Loftorka Reykjavík ehf
- Loftstokkahreinsun.is
- Lyfja hf.
- Læknisfræðileg myndgreining ehf
- Lögmannafélag Íslands
- Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.
- Lögskil ehf
- Löndun ehf
- Marver ehf
- Málarameistarar ehf
- Menntaskólinn á Akureyri
- Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf
- Múlaradíó ehf.
- Múr- og málningarþjónustan Höfn ehf
- Múr og meira ehf
- Nesskip hf.
- Nínukot ehf
- Nobex ehf
- Nonni litli ehf
- Nýja bílasmiðjan hf
- Orkubú Vestfjarða ohf.
- ORKUVIRKI ehf
- Ottó B. Arnar ehf.
- Ósal ehf
- Pétursbúð ehf.
- Rafmiðlun hf.
- Rafpólering ehf.
- Rafsvið sf
- Raftákn ehf
- Raftíðni ehf
- Reykjaprent ehf
- Reynir bakari ehf
- Réttingaþjónustan ehf
- Réttur-Aðalsteinsson & Partners ehf
- Samhentir Kassagerð hf.
- Samiðn, samband iðnfélaga
- Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja,SSF
- Samvirkni ehf
- Seðlabanki Íslands
- SFR Stéttarfélag í almannaþjónustu
- Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
- Síldarvinnslan hf.
- Sjáland ehf
- Sjóklæðagerðin
- Sjúkrahúsið á Akureyri
- Skilaborg ehf
- Skútustaðahreppur
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
- Smith & Norland hf.
- Snæland Grímsson ehf.
- Solo hársnyrtistofa sf
- Sólskógar ehf
- Steypustöðin Hvammstanga ehf
- Stéttarfélagið Samstaða
- Straumnes ehf. rafverktakar
- Suzuki-bílar hf
- Sveitarfélagið Garður
- Sveitarfélagið Skagaströnd
- Sæplast Iceland ehf
- T.ark Arkitektar ehf.
- Tannálfur sf
- Tannlæknastofa A.B. slf
- Tannlæknas. Árna Páls Halldórss.
- Tannlæknaþjónustan slf
- Tannréttingar sf
- Tarzan ehf
- Tempra ehf
- TS vélaleiga ehf
- Tækniskólinn ehf.
- Tölvar ehf
- Urðarköttur ehf
- Úti og inni sf
- VA arkitektar ehf
- VAL-ÁS ehf.
- Veiðisport ehf
- Veitingastaðurinn Fljótið ehf
- Verkalýðs/sjómannafélag Keflavíkur
- Verkfærasalan ehf
- Verkstæðið ehf
- Verslunarmannafélag Suðurnesja
- Vetrarsól ehf
- Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
- Vélaverkstæði Skagastrandar ehf
- Vélaverkstæðið Kistufell ehf
- Vélaverkstæðið Þór ehf
- Vélvirkinn sf
- Við og Við sf
- Vilhjálmsson sf
- Villi Valli ehf
- Vísir hf
- Welcome Apartments ehf.
- Wurth á Íslandi ehf
- Yndisauki ehf
- Yrki arkitektar ehf
- Þ.S. Verktakar ehf.
- Þekking - Tristan hf
- Þorsteinn Bergmann ehf
- Þór félag stjórnenda
- Ævintýradalurinn ehf



Björgunarvestum er kastað til flóttamanna. Enginn var með björgunarvesti og fæstir kunnu að synda.



Lítill drengur er færður yfir í björgunarbát.

# Rúmlega 2000 mannslífum hefur þegar verið bjargað

Frá því í sumar hefur Rauði krossinn staðið fyrir metnaðarfullu björgunarstarfi á Miðjarðarhafi, nánar tiltekið við sjóleiðina frá Líbíu til Ítalíu. Á fyrstu sjö mánuðum ársins höfðu, þá þegar, um 3.000 flóttamenn drukknað á þessari leið.

Ítalski Rauði krossinn, ásamt Alþjóðasambandi landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans, ákvað að hefja rekstur á tveimur björgunarskipum í samstarfi við samtökin MOAS (Migrant Off-Shore Aid Station). Hið fyrra, Phoenix, hóf störf í júlí og þann 10. ágúst síðastliðinn bættist björgunarskipið Responder í hópinn. Árangur björgunarstarfsins hefur síðan þá verið ótrúlegur.

## Meiri hætta á leið til Ítalíu

Allt frá því að landamærum Grikklands til Makedóníu var lokað hefur straumur flóttafólks snúist til Ítalíu. Sjóleiðin sem áður var farin um Grikklandshaf var ekki lengur fýsileg. En þrátt fyrir síendurtekinn sjóskaða setti flóttafólk sig í lífshættu með því að stíga upp í illa útbúna og ofhlaðna báta, hvort heldur úr gúmmíi eða tré. Það sama á við um sjóleiðina frá Líbíu til Ítalíu, flóttafólk leggur sig í lífshættu með þá von í brjósti að komast á öruggar slóðir fjarri vopnuðum átökum. Hættan er þó talsvert meiri á þessum slóðum. Hafstraumar eru þyngri og leiðin er lengri. Sjóförum er ýtt á haf út um miðja nótt, oftast með lítið annað en stjörnurnar til að vísa veginn. Engin ljós, engin neyðarblys. Fá, ef nokkur, björgunarvesti.

## Mikill árangur á skömmum tíma

Björgunaraðgerðir Phoenix og Responder hafa borið ótrúlegan árangur. Áður en verkefnið hófst var búist við að mögulega væri hægt að bjarga um 1.100 mannslífum á mánuði. En verkefnið hefur gengið enn betur. Þegar þetta er skrifað hefur tekist að bjarga meira en 2.000 mannslífum og oftar en ekki úr bátum sem var við að hvolfa eða voru hreinlega sokknir. Þar að baki liggur gífurleg vinna sem má þakka reynslumiklu liði MOAS sem nýtir sér nýjustu tækni við björgunarstörf, þar á meðal við flygildi (dróna) sem vakta stór svæði og leita að óöruggum sjóförum.

## Neyðarsöfnun í fullum gangi

Rauði krossinn á Íslandi ákvað að svara neyðarkalli ítalska Rauða krossins og Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans í sumar og tekur þátt í að fjármagna björgunaraðgerðir. Nú þegar hafa 12,3 milljónir króna verið veittar til aðgerðanna auk þess sem Rauði krossinn á Íslandi hóf neyðarsöfnun sem er enn í fullum gangi. Björgunaraðgerðirnar standa yfir til 1. ágúst 2017 hið minnsta og enn á eftir að fjármagna hluta þeirra. Því skiptir hvert einasta framlag máli. Björgunaraðgerðir Rauða krossins í Miðjarðarhafi bjarga mannslífum á hverjum einasta sólarhring.



Hjúkrunarkona Rauða krossins, Nicole Rähle frá Sviss, hugar að ungum skjólstæðingi.



Þessi faðir var ánægður með að vera kominn í skjól með son sinn.



# Starf Rauða krossins er hryggjarstykkið

Árborg, Hveragerði og Reykjavík taka á móti næsta hópi sýrlensks kvótaflóttafólks sem nú er í Líbanon.

Það vakti mikla athygli þegar Ísland tók á móti hópi kvótaflóttafólks frá Sýrlandi í ársbyrjun 2016. Sá hópur settist að á Akureyri og í Kópavogi. Nú er undirbúningur hafinn fyrir komu næsta hóps en vonast er til þess að hægt verði að taka á móti honum fyrir árslok. Í þetta sinn eru það Reykjavíkurborg og sveitarfélögin fyrir austan fjall, Árborg og Hveragerði, sem verða gestgjafar að þessu sinni.


Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri bæjarstjórnar Árborgar.


Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

**Vildum rétta fram hjálparhönd**

Þetta er í fyrsta sinn sem Árborg og Hveragerði taka á móti kvótaflóttafólki. Ásta Stefánsdóttir er framkvæmdastjóri bæjarstjórnar Árborgar. Hún segir að sveitarfélögin hafi ákveðið að rétta fram hjálparhönd eftir umræðuna sem átakið Kæra Eygló hafði í för með sér. „Áhugi var fyrir því að rétta fram hjálparhönd og sveitarfélögin tóku sig saman um að bjóða upp á að taka á móti flóttamönnum og sáu fram á að geta sameinast um ýmsa þætti, eins og verkefnisstjóra, íslenskunámskeið og fleira. Síðan hafði velferðarráðuneytið samband við Árborg og Hveragerði í vor og óskaði eftir þátttöku sveitarfélaganna tveggja að þessu sinni. Sveitarfélögin munu hafa með sér mikið samstarf og samráð um þetta verkefni og ég tel að það muni nýtast þeim flóttamönnum sem hingað koma. Á þessu svæði eru góðar samgöngur og innviðir sem geta tekist á við áskoranir af þessu tagi, svo sem skólar, heilsugæsla og ýmis þjónusta."

**Fólki á að líða vel**

Reykjavík hefur öllu meiri reynslu af móttöku kvótaflóttafólks. Fyrsti hópur flóttafólks sem kom hingað til lands frá Ungverjalandi árið 1956 dvaldi að mestu í Reykjavík en síðan hefur hópurinn stækkað. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, er metnaðarfullur fyrir verkefninu. „Fyrir liggur að Reykjavík mun taka á móti flóttafólki frá Sýrlandi á næstu misserum, við munum gera allt sem stendur í okkar valdi til þess að því líði vel, fái alla þá þjónustu sem það þarf og geti lifað hér góðu lífi og jafnvel sest hér að til langframa. Reykjavíkurborg hefur mesta reynslu allra sveitarfélaga af því að taka á móti flóttafólki en frá árinu 1956 höfum við tekið á móti 274 kvótaflóttamönnum."

**Rauði krossinn alltaf í lykilhlutverki**

Þau Ásta og Dagur eru sammála um veigamikið hlutverk Rauða krossins við móttöku flóttafólks og binda miklar vonir við farsælt samstarf. „Ég á þó ekki von á öðru en að það eigi eftir að ganga mjög vel, það hefur venjulega verið þannig þegar leiðir sveitarfélagsins og Rauða krossins hafa legið saman. Aðkoma RKÍ er mjög mikilvæg og þar er að fá stuðning fyrir flóttamenn sem sveitarfélagið á erfiðara með að veita, svo sem stuðningsfjölskyldur og ýmislegt sem snýr að aðlögun," segir Ásta og Dagur tekur í sama streng. „Rauði krossinn mun alltaf gegna lykilhlutverki í móttöku flóttafólks enda er starfsemi Rauða krossins og sjálfboðaliðar hans hryggjarstykkið í þessu stóra og mikilvæga verkefni."

# Erfitt að vera áhorfandi

Hrefna Björg Gylfadóttir hefur starfað sem sjálfboðaliði með hælisleitendum og flóttafólki í eitt ár. Hún mætir reglulega á opið hús þar sem sjálfboðaliðar reyna eftir megni að aðstoða við hvers kyns gagnleg atriði og reynt er að leysa úr vandamálum sem upp geta komið, hvort sem þau eru stór eða agnarsmá.

Hrefna stundar nám í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands og starfar jafnframt sem ljósmyndari og blaðamaður hjá Reykjavík Grapevine.


Hrefna hjálpar flóttafólki og hælisleitendum við hagnýta hluti.

**Hvernig kom það til að þú skráðir þig sem sjálfboðaliða Rauða krossins?**

Ég var búin að fylgjast með málum flóttamanna í einhvern tíma og fannst erfitt að vera áhorfandi og langaði að hjálpa á einhvern hátt. Ég ákvað að sýna vilja í verki og skrá mig sem sjálfboðaliða í Rauða krossinum. Ég fékk símhringingu stuttu eftir að ég skráði mig og var boðið að taka þátt í þessu flotta verkefni, Open House. Ég byrjaði á því að hjálpa til við undirbúning verkefnisins í nóvember í fyrra og hef verið sjálfboðaliði síðan.

**Í hverju felst starfið?**

Starfið felst í því að hjálpa flóttafólki og hælisleitendum við hluti sem þau gætu átt í erfileikum með. Þetta felur í sér aðstoð við íbúðaleit, útfyllingu á umsóknum, gerð ferilskrár, starfsumsóknir, hjálp við íslenskunám og fleira.

**Finnst þér starfið skipta máli? Væri eitthvað sem betur mætti fara?**

Já, starfið skiptir sko máli. Fyrir utan Open House eru það nánast eingöngu félagsráðgjafar sem flóttafólk og hælisleitendur geta leitað til með spurningar og ráðgjöf og það getur verið bið eftir tíma þar. Hjá Rauða krossinum getur fólk komið án þess að panta tíma og fengið aðstoð heimamanna við lausn á vandamálum sínum, sama hversu lítilvæg þau eru. Þar hittir fólk líka annað fólk í svipaðri aðstöðu og það sjálft. Svo er líka alltaf kaffi og með því. Það fer því miður mikill tími sjálfboðaliða í íbúðaleit með skjólstæðingum. Þetta er tími sem mætti betur nýta í annað, en eins og flestir vita er leigumarkaðurinn strembinn og tímafrekur.

**Myndirðu mæla með því að gerast sjálfboðaliði Rauða krossins?**

Já, ég myndi hiklaust mæla með því. Það fer ekki mikill tími vikunnar í þetta verkefni fyrir hvern og einn sjálfboðaliða en það er gífurlegur afrakstur þegar margir þeirra koma saman. Sjálfboðaliðar og skjólstæðingar mynda góðan félagsskap og það er góð tilfinning að geta hjálpað.

# Hælisleitendur njóta góðs af starfi sjálfboðaliða

Allir sem sækja um hæli hér á landi eiga þess kost að fá lögfræðing frá Rauða krossinum. Nú starfa átta lögfræðingar og þrír laganemar í réttindagæslunni hjá félaginu. Verkefni þeirra eru fjölbreytt en felast í stuttu máli í því að tryggja að hælisleitendur fái réttláta málsmeðferð, að aðstoða þá við að koma máli sínu á framfæri við stjórnvöld og að gæta hagsmuna þeirra í hvívetna þegar kemur að umsókn um vernd. En hælisleitendur geta einnig sótt aðra þjónustu til Rauða krossins, þjónustu sem má alls ekki vanmeta en hún er veitt af fórnfúsum sjálfboðaliðum.

**Snýst um lífið sjálft**

„Mál hælisleitenda snúast ekki bara um lögfræðina heldur í raun um lífið sjálft. Tíminn stöðvast ekki þegar fólk sækir um hæli. Það kemur svo margt upp sem þarf að taka á, bæði góðir hlutir og ekki eins góðir hlutir," segir Áshildur Linnet, verkefnisstjóri á hjálpar- og mannúðarsviði Rauða krossins. „Andleg líðan hælisleitenda er einkar mikilvæg því að ef fólki líður illa þá er erfiðara að vinna í hælismálinu. Allir þurfa að finna að á þá sé hlustað og komið fram við þá af virðingu. Þess vegna höfum við lagt mikla áherslu á að samhliða talsmannaþjónustunni starfi öflugt teymi sem sinnir öllu því sem ekki snýr beint að hælismálinu. Þar vinna saman starfsmenn og fjöldi sjálfboðaliða auk þess sem fólkið sjálft leggur sitt af mörkum til að styðja hvert annað."

**Það má laða fram bros og hlátur hjá öllum**

Hjá Rauða krossinum er boðið upp á reglulega viðtalstíma til að leysa úr ýmsum málum, leitarþjónustu fyrir þá sem hafa á flóttanum orðið viðskila við nákomna ættingja og stað til að leita upplýsinga og ræða það sem fólki liggur á hjarta hverju sinni. „Virkni hælisleitenda á meðan þeir eru að bíða niðurstöðu í máli sínu er mjög mikilvæg," segir Áshildur. „Að sitja með hendur í skauti og gera ekki neitt hefur slæm áhrif á jafnt andlega sem líkamlega líðan. Sjálfboðaliðar bera uppi það félagsstarf sem við bjóðum upp á fyrir hælisleitendur. Þeir starfa undir styrkri stjórn nokkurra atorkukvenna hjá Rauða krossinum í Hafnarfirði og Garðabæ. Starf sjálfboðaliðanna er gríðarlega mikilvægt. Félagsstarfið er nefnilega það sem oft heldur í fólki lífinu, bjargar því frá að falla í depurð og kemur í veg fyrir að fólk einangrist. Við spyrjum einskis, öllum er velkomið að taka þátt. Það má laða fram bros og hlátur hjá öllum og við vitum að vinátta og hlýtt viðmót er fólki í þessari stöðu mjög mikilvægt."


Áshildur Linnet

**Hælisleitendur þróa eigin verkefni**

Félagsstarf Rauða krossins byggir á samstarfi á milli þeirra sem þess njóta og sjálfboðaliðanna. „Í vetur verður lögð aukin áhersla á að virkja hælisleitendur sjálfa til að skipuleggja og bera ábyrgð á dagskrá félagsstarfsins. Þeir, líkt og aðrir sjálfboðaliðar, munu fá mikilvæga þjálfun áður en tekist er á við verkefnin. Þannig er hvatt til gagnvirkrar þátttöku hælisleitenda sem hafa sjálfir bein áhrif á þróun félagsstarfsins." Þessi tilraun hefur gefið góð fyrirheit og vonast er til þess að hún muni auka skilning og brjóta niður múra – hjálpa fólki að kynnast og líða betur saman.


„Virkni hælisleitenda á meðan þeir eru að bíða niðurstöðu í máli sínu er mjög mikilvæg," segir Áshildur.

# Konur hvattar til að koma „Útmeð'a“ hjá Hjálparsímanum 1717

**Hjálparsími Rauða krossins 1717 og Geðhjálp leiddu saman hesta sína undir merkjum Útmeð'a haustið 2015. Efnt var til vitundarvakningar til að hvetja unga karlmenn til að tjá sig um tilfinningar sínar og/eða leita sér aðstoðar til að takast á við andlega erfiðleika og draga þar með úr líkum á sjálfsvígum. Í öðrum áfanga Útmeð'a er áhersla lögð á að fá ungar konur til tjá sig um vanlíðan sína.**

Sjálfsvíg eru algengasta dánarorsök íslenskra karlmanna á aldrinum 18 til 25 ára. Á bilinu sjö til níu karlar falla fyrir eigin hendi á þessum aldri á Íslandi á hverju ári.

### Átak sem bar árangur

Vitundarvakning Útmeð'a vakti mikla athygli og var forvarnarmyndbandi undir merkjum þess dreift oftar en nokkru öðru fræðslumyndbandi á samfélagsmiðlum, nálægt 15.000 sinnum, á árinu 2015. Vitundarvakningin skilaði sér í 18% fjölgun erinda vegna sjálfsvíga til Hjálparsímans frá árinu 2014 til 2015. Um 20% fjölgun varð á erindum af sama tagi til Geðhjálpar haustið 2015 miðað við haustið á undan.

### Nýtt ár, nýr fókus

Í öðrum áfanga Útmeð'a er áhersla lögð á að fá ungar konur til að tjá sig um vanlíðan sína og/eða leita sér sérhæfðrar aðstoðar til að koma í veg fyrir sjálfsskaða og sjálfsvíg. Alls leita á bilinu 500 til 600 manns með sjálfsskaða á slysa- og göngudeildir á Íslandi á hverju ári. Af þeim leggjast um 120 inn á sjúkrahús og eru ungar konur þar í meirihluta. Með gagnvirku forvarnarmyndbandi og heimasíðu með upplýsingaefni fyrir ungt fólk, aðstandendur og fræðara hvetja félögin ungt fólk og veita því aðstoð við að leita sér ráðgjafar áður en öll sund virðast lokuð.



Hjálparsíminn er opinn allan sólarhringinn og sjálfboðaliðar Rauða krossins eru ávallt reiðubúnir að hlusta.

> **Verkefnið hefur fengið frábærar viðtökur en þannig hafa þúsundir deilt nýju forvarnarmyndbandi á samfélagsmiðlum. Á vefnum, undir slóðinni utmeda.is, má finna gríðarlega mikið efni, sett upp á myndrænan og notendavænan hátt.**

### Umfjöllun hvetur fólk til að leita sér hjálpar

Gagnvirka myndbandið og heimasíðan voru opnuð á málþingi samráðshóps um Alþjóðlegan forvarnardag sjálfsskaða og sjálfsvíga en fullt var út úr húsi og færri komust að en vildu. Í kjölfarið var efninu dreift til almennings í því skyni að ná til sem flestra sem eiga við vanda að stríða. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að umfjöllun um sjálfsskaða og sjálfsvíg veldur því að fleiri leita sér hjálpar með þeim afleiðingum að líðan fólks batnar og sjálfsskaða og sjálfsvígum fækkar. Verkefnið hefur fengið frábærar viðtökur en þannig hafa þúsundir deilt nýju forvarnarmyndbandi á samfélagsmiðlum á borð við Facebook og Twitter. Á vefnum, undir slóðinni utmeda.is, má finna gríðarlega mikið efni, sett upp á myndrænan og notendavænan hátt. Á honum má finna upplýsingar fyrir þau sem standa í þessum sporum, aðstandendur þeirra og almennar upplýsingar um þennan málaflokk. Vefurinn er fyrir alla enda ítarlegar upplýsingar um sjálfsvígs- og sjálfskaðahugsanir, af hverju þær stafa, hvaða skref sé hægt að taka til leita bata og hvert hægt sé að snúa sér, ásamt svo miklu meira efni. Hjálparsíminn 1717 hvetur allt fólk sem á við vandamál að stríða til að koma Útmeð'a!






# Heilsaðu hamingjunni

Solaray er hágæða vítamín– og bætiefnalína sem unnin er úr jurtum. Á hverjum degi vinnum við með náttúruleg hráefni sem geislar sólarinnar hafa skapað og fyllt orku. Þannig tryggjum við þér hrein vítamín og bætiefni með mikla virkni.

**Finndu þinn sólargeisla í næstu heilsuvöruverslun eða apóteki.**




## BÍLAR & FARARTÆKI



MAZDA 3 sport crazy red. Árgerð 2007, ekinn 141 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.107067. Á staðnum. Allt að 100% lán mögulegt.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

100bílar.is bílasala



Nissan E-NV200, 10/2014, ek 5 þús km, verð 2.950 þús, ( nývirði 4.690. þús ), sjsk, hraðhleðslutengi.



MMC Outlander Instyle Hybrid, 9/2019, sjsk, bensín/rafmagn, nýr og ónotaður bíll, leðuráklæði, leiðsögukerfi ogfl, áesett verð 5.750 þús, er á staðnum, raðnr 230133.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



**TILBOÐ 2.2 STGR. !**

Reneult Scenic III 2013 ssk, dísel, ekinn 58 þús, 5 manna frábær fjölskyldubíll. Hagkvæmur í rekstri, bifreiðagj. 11 þús á ári, eyðsla ca 4,3-7. Ásett 2,9 - fæst á 2,2 stgr. Hjördís 896-0753



ROVER 75, luxusbíll, árg. 2001 disel, dökkblár,Ljós leðurklæðning, fallegt eintak og vel með farin.Verð 880þús. Sparneytinn. Bein sala eða skipti. Uppl. í síma 776-4446

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

**Bókhald - Bókhald**
**Laun - skattframtöl.**
Stjornun.is - Ármúla 38
Sími 566-5555 & 868-5555

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**LITASKIL EHF**

Við hjá Litaskil ehf getum bætt við okkur innivekum fyrir veturinn. Lökkun, spörtlun eða endurmálun. Vanir öllu. S. 8410490- Jón málari

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**



**Smíðum eftir máli**
Hurðir & Gluggar
www.hurdiroggluggar.is
Kaplahrauni 17 - Hafnarfirði
S:565 4123 - eljo@internet.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
SPÁMIÐILL
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Önnur þjónusta



Borgarafl ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

## KEYPT & SELT

### Til sölu




**STUBBASTANDAR - STUBBAHÓLKAR**
Bæði frístandandi og á vegg S:842-2535

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

# Ertu að leita að talent?

Talent er nútímaleg ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega þjónustu.

Að ráða í störf er krefjandi viðfangsefni þar sem vönduð úrvinnsla upplýsinga um starfið og umsækjandann eru lykilatriði.

Mannauðurinn er lykilauðlind flestra fyrirtækja. Þau fyrirtæki sem huga vel og faglega að mannauðsmálum sínum skara oftar en ekki fram úr. Við kappkostum við að veita fyrsta flokks ráðgjöf og þjónustu í þessum málum.

**Við höfum:**

- Reynslu og menntun
- Öflugan gagnagrunn
- Gott tengslanet
- Þolinmæði
- Auga fyrir hæfileikum





lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is | s: 552-1600

**Hafðu samband og við finnum starfsmanninn fyrir þig**



## Hljóðfæri



**HYUNDAI PÍANÓ + LEÐUR STÓLL**

HYUNDAI píanó til sölu, ásamt bólstruðum leður stól. Verð 220þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313 / 863 4291

## Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**ÓSKUM EFTIR ÍBÚÐ**

Hjón á besta aldri (fædd 1955 og 1963) óska eftir stórri stúdíó eða 2ja herb. íbúð á höfuðb.svæðinu á sanngjörnu verði. Eru reglusöm, róleg, skilvís og í öruggri vinnu. Hægt að útvega meðmæli sé þess óskað.

Nánari uppl. í síma 866-0418

Verktakafyrirtæki óskar eftir íbúðum fyrir starfsmenn á Suðurnesjum. Leigutími 15/10-31/3 2017. Tryggar greiðslur. Uppl. í s. 840-0609

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

SÓLAR

**SÓLAR EHF**

Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu. Nánari uppl í síma 787-1060, Jolanta. We are looking for people for cleaning jobs in Reykjavík. More info at tel 787-1060 Jolanta.

## Atvinna óskast

Hraustur, pólskur maður, 30 ára, talar góða ensku, óskar eftir verkamannavinnu, t.d. í byggingaiðnaði. Pawel S. 692-9002










## Merkisatburðir

**1161** Guðmundur góði Arason Hólabiskup fæddist.



**1915** Afhjúpaður minnisvarði við Stjórnarráðshúsið um Kristján 9. konung á afmælisdegi Kristjáns 10.
**1942** Ríkið leggur niður einkasölu sína á bílum, sem það hafði haft í sjö ár.
**1948** Olivia Newton-John, leik- og söngkona, í heiminn borin.
**1959** Metúrkoma mælist á einum sólarhring í Reykjavík, 49,2 millimetrar.
**1960** Harold Macmillan, forsætisráðherra Breta, kemur við á Keflavíkurflugvelli og ræðir við Ólaf Thors um landhelgismálið.



**1962** Ólafur Jóhann Ólafsson rithöfundur fæðist.
**2006** Á bilinu 10-15 þúsund manns fara í mótmælagöngu niður Laugaveg til þess að mótmæla stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.
**2008** Gengisvísitala íslensku krónunnar fer upp í 183,91 stig og krónan hafði aldrei verið lægri.
**2008** Bandaríski leikarinn Paul Newman deyr.



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Kristinn Sighvatsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi 17. september 2016. Útförin fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 28. september kl. 13.30.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Kumbaravogs fyrir frábæra umönnun.

**Guðbjörg Sigurðardóttir** **Kristinn Ólafsson**
**Hilmar Þór Sigurðsson** **Hulda Guðmundsdóttir**
**Hjalti Sigurðsson** **Ragnheiður Jóna Högnadóttir**
**Helgi Þröstur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Auður Hauksdóttir er forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Stofnunin er á meðal þeirra sem standa að evrópska tungumáladeginum sem fagnað er með hátíðardagskrá í Háskóla Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Prófessor telur verulega þrengt að þriðja málinu

**Haldið verður upp á evrópska tungumáladaginn með hátíðardagskrá í Háskóla Íslands í dag. Forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur segir að tungumál skipti verulegu máli fyrir viðskipti og menntun. Verulega sé búið að þrengja að þriðja tungumálinu.**

Evrópski tungumáladagurinn er haldinn hátíðlegur í dag. Af því tilefni mun Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, og fleiri aðilar efna til dagskrár í Hátíðarsal Háskóla Íslands klukkan fjögur.

Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og prófessor í dönsku, segir að tilganginn sé að minna á mikilvægi tungumála og fyrir menningarlegan fjölbreytileika.

„Þetta er árlegur viðburður og stofnunin hefur alltaf minnst hans með dagskrá,“ segir Auður. Sjónarhornið hafi þó ekki alltaf verið það sama. „Stundum hefur verið fjallað um tungumálakennsluna og stöðu hennar í skólakerfinu. Það var gert í fyrra og þá var verið að fjalla um hvaða áhrif stytting framhaldsskólans myndi hafa á tungumálakennslu í framtíðinni,“ segir Auður. Núna sé sjónum beint sérstaklega að þýðingum. Guðmundur Andri Thorsson muni fjalla um þýðingar Thors Vilhjálmssonar, föður síns, og Guðbergur Bergsson mun fjalla um eigin þýðingar.

> **Ég er til dæmis nokkuð viss um það að hafi ekki komið til dönskukunnátta, þótt hún mætti gjarnan vera meiri, þá hafi ekki verið eins álitlegur kostur fyrir þessa fjölmörgu Íslendinga sem sóttu sér lífsviðurværi til Noregs í hruninu að fara þangað**

Auður segir að tungumálakunnátta skipti verulegu máli og nefnir Vigdísi Finnbogadóttur sjálfa sem dæmi um það. „Hún lærir fimm erlend tungumál í skóla og verulega sér til gagns. Hún fer í nám í frönsku í Háskólanum,“ segir Auður en bendir líka á að þýskukunnátta hafi hér á árum áður skipt miklu máli fyrir marga. Til dæmis fyrir verkfræðinga. „Það var alveg alvöru undirbúningur til þess að fara í nám til Þýskalands í verkfræði eins og margir gerðu.“

Auður segir að staða þriðja málsins, þýsku, frönsku eða spænsku, sé gjörbreytt og búið að þrengja að því. „Þetta breytir menningarmynd okkar algjörlega til lengri tíma litið. Þetta er svolítið að færast í sama horf aftur og var fyrir 1800 þegar latínan ein réð ríkjum. Núna er það eiginlega enskan sem ræður ríkjum,“ segir Auður. Þetta hafi gífurlega mikil áhrif á það hvað við vitum um önnur lönd og menningu annarra þjóða og hvaða tækifæri við höfum til þess að sækja okkur menntun og eiga viðskipti við aðrar þjóðir.

„Ég er til dæmis nokkuð viss um það að hafi ekki komið til dönskukunnátta, þótt hún mætti gjarnan vera meiri, þá hafi ekki verið eins álitlegur kostur fyrir þessa fjölmörgu Íslendinga sem sóttu sér lífsviðurværi til Noregs í hruninu að fara þangað.“ **jonhakon@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 26. SEPTEMBER 1969

## Bítlarnir gefa út Abbey Road

Abbey Road, breiðskífa Bítlanna, kom út þennan dag árið 1969. Platan var sú síðasta sem Bítlarnir tóku upp en hún kom þó út á undan plötunni Let It Be. Fyrsta lag plötunnar er lag sem John Lennon samdi og heitir Come Togehter. Á alfræðivefnum Wikipedia segir að hann hafi samið lagið upphaflega til að styðja framboð Timothy Leary til ríkisstjóra Kaliforníu, en ekkert hafi orðið af því framboði og Lennon hafi því endurunnið lagið fyrir plötuna

Wikipedia segir að jafnvel þótt Abbey Road hafi strax notið mikilla vinsælda meðal almennings hafi gagnrýnin verið misjöfn. Í dag telja hins vegar margir gagnrýnendur að þetta sé besta plata Bítlanna.

Platan seldist í fjórum milljónum eintaka fyrstu tvo mánuðina eftir að hún kom út. Hún fór strax í fyrsta sæti á lista yfir söluhæstu plötur í Bretlandi og var þar í ellefu vikur þangað til að plata Rolling Stones, Let It Bleed, kom út. Hún skaust síðan aftur upp á toppinn og var í fyrsta sæti í sautján vikur samanlagt. Platan fékk einnig mjög góðar viðtökur utan Bretlands, í Bandaríkjunum og víðar.






PIPAR\TBWA · SÍA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Norðvestan 10-15 m/s á annesjum norðanlands í dag, annars hægari vindur. Rigning eða slydda norðvestan til og einnig við norðausturströndina, en þurrt og bjart veður á Suður- og Austurlandi. Hiti 3 til 10 stig, hlýjast við suðurströndina.

## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 4° | 4° |
| ↙ 5 | ← 5 | ↓ 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 8° | 2° |
| ↓ 3 | ← 1 | ↙ 6 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 5° | 6° |
| ← 9 | ↖ 1 | ↑ 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 6° | 6° | 2° |
| ↗ 2 | ← 8 | ↑ 3 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. berjast
6. rún
8. vefnaðarvara
9. arr
11. tveir eins
12. mikilleiki
14. vínblanda
16. tveir eins
17. samstæða
18. frjó
20. bókstafur
21. innyfla

**LÓÐRÉTT**
1. teikniblek
3. tveir eins
4. eldsneyti
5. eyrir
7. ritsmíð
10. síðasti dagur
13. fuglahljóð
15. felldi tár
16. vafi
19. óð



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** etja, **6.** úr, **8.** tau, **9.** sig, **11.** rr, **12.** stærð, **14.** grogg, **16.** ee, **17.** par, **18.** fræ, **20.** sé, **21.** iðra.
**LÓÐRÉTT: 1.** túss, **3.** tt, **4.** jarðgas, **5.** aur, **7.** ritgerð, **10.** gær, **13.** rop, **15.** grét, **16.** efi, **19.** ær.

## Skák Gunnar Björnsson

Portisch átti leik gegn Hort í Madrid árið 1973.

**1. Hg4+! fxg4 2. Dg5+ Kh8 3. Dh6 1-0.** Hjörvar Steinn Grétarsson sigraði á minningarmóti Guðmundar Arnlaugssonar í gær í MH. Helgi Áss Grétarsson varð annar og Þröstur Þórhallsson þriðji.
**www.skak.is:** Allt um minningarmótið.

Hvítur á leik



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | 6 | 9 |
| 9 | | | 2 | 6 | | 5 | | |
| 2 | | 7 | | 9 | | | 1 | 4 |
| | | | | | 8 | | | 3 |
| | 9 | | | 7 | 4 | | 8 | 1 |
| | 4 | 3 | | | | 7 | | |
| 4 | | 9 | 5 | | | | | |
| | 5 | | | 8 | 2 | | | |
| | 2 | | 7 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 3 | 4 | | 2 | 6 | 8 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 5 | | | 1 | | 7 | | |
| | | | | | 4 | 8 | 2 | |
| 8 | 1 | 4 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | | 6 | | | |
| 4 | | | | 7 | | 5 | 1 | |
| | 3 | | | | | | | 2 |
| 6 | | 9 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | 7 | |
| | 5 | | 7 | | 6 | | 8 | 2 |
| 4 | | | | | | | | |
| 9 | 7 | | 4 | | | | 3 | |
| 5 | 4 | 6 | | | | | 9 | |
| | | | | 9 | | 1 | | |
| 1 | | 4 | | | 8 | | | |
| | 3 | | 9 | | | | | 7 |
| | 8 | | | | | | 5 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 5 | | | | | 3 |
| 9 | 8 | | 3 | | | 2 | | 7 |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| | | | | 1 | | 8 | | 2 |
| 6 | 2 | | 9 | 3 | | | | |
| | 3 | 5 | 8 | | | | | 4 |
| 3 | | | | | 9 | 1 | | |
| | 9 | | | | | 7 | 6 | 5 |
| | | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 2 | | | 3 | | | |
| 1 | 9 | | | 4 | | | | |
| | 5 | | 2 | 8 | | | 9 | |
| | | 7 | | | 4 | 5 | | |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 2 | 3 | 9 | | | 7 | | | 6 |
| | | | | 3 | 8 | | | 1 |
| 9 | 4 | | | | | | 7 | |
| | 2 | | 9 | | 5 | | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 5 | | 6 |
| 4 | | 8 | 2 | | | 9 | 3 | |
| | 7 | | 8 | | | 1 | | |
| | | 1 | | | | 7 | | 3 |
| | | | 9 | | 8 | | | |
| | | 6 | | 4 | 7 | | | |
| 3 | 6 | | | | | | | 2 |
| | | | 4 | 6 | | | 5 | |
| | 4 | | | 3 | | | | |




# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SAMBÍÓIN SAMbio.is




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| SKIPTRACE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| SULLY | KL. 5:40 - 8 - 10:10 | 12 |
| SULLY VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| BLAIR WITCH | KL. 10:10 | 16 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 8 | 16 |
| KUBO OG STRENGIRNIR TVEIR ÍSLTAL | KL. 5:40 | |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 | L |
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 | 16 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 | L |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 | 12 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 6 | L |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| SKIPTRACE | KL. 10:10 | 12 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| SULLY | KL. 8 | 12 |

**EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| SKIPTRACE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 5:50 - 10:30 | 16 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| BEN-HUR | KL. 8 | 12 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:30 | L |

**KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| SULLY | KL. 6:50 - 8 - 9 | 12 |
| WAR DOGS | KL. 10:10 | 16 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 | 12 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| SKIPTRACE | KL. 8 | 12 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BLAIR WITCH | KL. 10:20 | 16 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 | L |






SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is



LAUGARÁS BÍÓ

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| BRIDGET JONES'S BABY | 5:20, 8, 10:30 |
| EIÐURINN | 6, 9, 10:30 |
| KUBO 2D ÍSL.TAL | 5:50 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 26. SEPTEMBER

### Tónlist

**Hvað?** Trúbadorinn Ellert
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American Bar, Austurstræti
Ellert mætir með gítarinn á American Bar og syngur nokkur lög sem allir þekkja.

**Hvað?** Djass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Á Húrra er alltaf geggjuð djassstemming á mánudögum og kvöldið í kvöld er engin undantekning. Alltaf hressandi að fá djass í æð inn í vikuna.

**Hvað?** Kikagaku Moyo og Gunnar Jónsson Collider
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Hinn japanski og sækadelíski kvartett Kikagaku Moyo verður í góðum gír á Kex hosteli þetta fallega mánudagskvöld. Gunnar Jónsson Collider verður líka á svæðinu. Aðgangur er ókeypis og því um að gera að hlusta á smá sýrða tóna.

**Hvað?** Alfons X
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn, Bergstaðastræti
Alfons X hefur marga fjöruna sopið og staðið vaktina á Kaffibarnum í fjöldamörg skipti. Hann sérhæfir sig í house-tónlist og því má búast við mjög vel völdu úrvali af slíkri tónlist frá honum núna í kvöld.

**Hvað?** DJ Gísli Veltan
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Lebowski bar, Laugavegi
Diskar munu snúast þegar Gísli Veltan mætir inn á Lebowski bar. Það er vonandi að fólkið muni taka snúninginn við hljómana frá þessum snúandi diskum.

**Hvað?** Kris Kristofferson
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Harpa
Kántríhetjan, leikarinn og goðsögnin Kris Kristofferson verður hvorki meira né minna en áttatíu ára á næsta ári og því fer hver að verða síðastur að sjá þennan mikla meistara kántrísins á sviði. Miðaverð er frá 5.990 krónur.



Ýmislegt er um að vera í Norræna húsinu á þessum mánudegi.

**Hvað?** Tangó Milonga Tangóævintýrafélagsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sólon, Bankastræti
Frír kynningartími í argentínskum tangó kl. 20-21, síðan er dansað áfram til kl. 23 við gullaldartangótónlist í bland við „nuevo“. Engin danskunnátta nauðsynleg og ekki þarf að mæta með dansfélaga.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Rakel Tómasdóttir fjallar um lyndistákn
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Menningarhús, Spönginni
Rakel Tómasdóttir er grafískur hönnuður sem hefur rannsakað svokölluð lyndistákn eða emojis. Rakel ætlar að tala um þessi tákn í máli og myndum og hvernig þau eru í raun ný tjáningaraðferð sem auðveldi samskipti fólks.

**Hvað?** Umræðuþræðir: Douglas Gordon
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhús, Tryggvagötu
Listamaðurinn Douglas Gordon er um þessar mundir gestakennari við myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Af því tilefni mun hann halda fyrsta erindi vetrarins í fyrirlestraröðinni Umræðuþræðir. Fyrirlestrar fara fram á ensku og eru öllum opnir án endurgjalds.

**Hvað?** Þýðingar, tungumálakunnátta og heimsmynd okkar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hátíðasalur Háskóla Íslands
Í tilefni af Evrópska tungumáladeginum stendur Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir hátíðardagskrá í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi.

### Sýningar

**Hvað?** Frá örbirgð til allsnægta
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Sjóminjasafnið, Grandagarði
Sýningin lýsir þeim miklu breytingum sem áttu sér stað um og eftir aldamótin 1900 í fiskveiðum Íslendinga og vinnslu aflans.

**Hvað?** Sjókonur
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Sjóminjasafnið, Grandagarði
Í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt og kjörgengi var opnuð sýning á Sjóminjasafninu í Reykjavík um íslenskar konur sem sóttu sjóinn, í fortíð og nútíð.

**Hvað?** Öld barnsins: Norræn hönnun fyrir börn frá 1900 til dagsins í dag
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu
Sýningin höfðar til gesta á öllum aldri og á sýningartímanum verður hægt að fræðast um og upplifa margbreytilega hönnun fyrir börn, bæði innan- og utandyra. Sýningin inniheldur mörg þekktustu verk norrænnar hönnunar, þar með talið marga einstaka safngripi. Aðgangseyrir 1.000 krónur.


OSRAM LIGHTIFY™

Stjórnaðu lýsingunni heima með appi í símanum!

ANDROID APP ON Google play
Download on the App Store




OSRAM www.osram.com/lightify

byko.is BYKO






BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Neon Demon | 17:30, 20:00, 22:30 |
| Viva ENG SUB | 18:00 |
| Sigur Rós: Heima ENG SUB | 18:00 |
| Yarn ENG SUB | 20:00 |
| Hross Í oss ENG SUB | 20:00 |
| Me Before You | 22:00 |
| 101 Reykjavík ENG SUB | 22:00 |






FRÁBÆRT
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



GULLI BYGGIR

Gulli Helga aðstoðar fólk við ýmsar endurbætur á híbýlum þess og ekkert verkefni er of stórt þannig að það sé ekki leyst á frumlegan og skapandi hátt. Stórskemmtilegir þættir!

HEIMILI HBO

QUARRY

Max Collins á erfitt uppdráttar eftir erfiðan tíma í Víetnam-stríðinu og upplifir sig utangátta í þjóðfélaginu. Hann lendir í slæmum félagsskap í undirheimunum þegar heim er komið og tilveran fer á hvolf.



JOSIE: THE MOST HATED WOMAN IN BRITAIN?

Heimildarþáttur um hina bresku Josie Cunningham sem er þekkt í heimalandi sínu fyrir að koma sér í fjölmiðla og aðallega á neikvæðan hátt.



SPORT

MESSAN

Ekki missa af uppgjörinu og umræðunni með Gumma Ben. og félögum í Messunni. Kl. 21:00 á Stöð 2 Sport.




365.is


# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** The Middle
**08.10** 2 Broke Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are
**11.00** My Dream Home
**11.45** Sullivan & Son
**12.10** Eldhúsið hans Eyþórs
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**14.00** Britain's Got Talent
**15.00** Falcon Crest
**15.50** A to Z
**16.10** Tommi og Jenni
**16.30** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The Goldbergs
**19.45** Grand Designs. Australia Frábærir þættir þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum þar sem oftar en ekki er einblínt á nútímahönnun, orkunýtni, hvernig á að hámarka nýtingu á plássi og útsýni. Hér sjáum við fjölskyldur og einstaklinga leggja allt í sölurnar til þess að eignast sitt fullkomna draumaheimili.
**20.35** Gulli byggir Önnur syrpa þessara frábæru þátta í umsjón Gulla Helga sem aðstoðar nú fólk við ýmsar endurbætur á híbýlum sínum. Ekkert verkefni er of stórt og hér eru litið til lausna á frumlegan og skapandi hátt. Verkefnin eru af ýmsum toga, hér verður meðal annars ráðist í endurbætur á baðherbergi, eldhúsi, barnaherbergi og jafnvel einbýlishúsum.
**21.00** The Night Shift
**21.45** Quarry
**22.40** Josie. The Most Hated Woman In Britain? (1.0)
**23.30** Major Crimes
**00.15** The Path
**01.10** Underground
**01.55** Murder in the First
**02.40** Flesh and Bone
**03.40** Flesh and Bone
**04.40** The Mysteries of Laura
**05.20** The Art of More
**06.00** The Art of More

## STÖÐ 2 SPORT

**07.55** NFL
**10.15** Pepsi-deildin
**12.05** Pepsi-deildin
**13.55** Pepsi-deildin
**15.45** Pepsi-mörkin
**17.25** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**17.50** Football League Show
**18.20** Spænsku mörkin
**18.50** Premier League
**21.00** Messan
**22.30** Markaþáttur Pepsi-deildar kvenna
**23.20** Premier League
**01.00** Messan

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.20** Pepsímörkin
**10.00** Premier League
**11.40** Premier League
**13.20** Premier League
**15.00** Premier League
**16.40** Premier League
**18.20** Pepsi deild kvenna
**20.00** Markaþáttur Pepsi-deildar kvenna
**20.50** Þýski boltinn
**22.30** Þýski boltinn

## STÖÐ 3

**15.15** Project Runway
**16.35** The Last Man on Earth
**17.00** Cristela
**17.20** Selfie
**17.45** Raising Hope
**18.10** The Big Bang Theory Níunda þáttaröðin um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.
**18.30** Modern Family
**18.55** Fóstbræður
**19.25** Sjálfstætt fólk
**20.00** Um land allt
**20.25** Bob's Burgers
**20.50** American Dad
**21.15** South Park
**21.40** Cold Case
**22.25** Réttur
**23.10** Pretty Little Liars
**23.50** Fóstbræður
**00.20** Sjálfstætt fólk
**00.55** Um land allt
**01.15** Bob's Burgers
**01.40** American Dad
**02.00** South Park
**02.25** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Strumparnir
**07.25** Gulla og grænjaxlarnir
**07.37** Stóri og Litli
**07.49** Hvellur keppnisbíll
**08.00** Latibær
**08.25** Brunabílarnir
**08.47** Mæja býfluga
**09.00** Könnuðurinn Dóra
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson g
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Strumparnir
**11.25** Gulla og grænjaxlarnir
**11.37** Stóri og Litli
**11.49** Hvellur keppnisbíll
**12.00** Latibær
**12.25** Brunabílarnir
**12.47** Mæja býfluga
**13.00** Könnuðurinn Dóra
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Strumparnir
**15.25** Gulla og grænjaxlarnir
**15.37** Stóri og Litli
**15.49** Hvellur keppnisbíll
**16.00** Latibær
**16.25** Brunabílarnir
**16.47** Mæja býfluga
**17.00** Könnuðurinn Dóra
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur og félagar
**19.00** Lukku-Láki

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Tour Championship
**14.00** Countdown to the Ryder Cup
**14.25** Tour Championship
**20.25** PGA Tour
**21.20** Golfing World
**22.10** Champions Tour Highlights
**23.05** PGA Tour

## BÍÓSTÖÐIN

**11.45** Belle
**13.30** Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant
**15.10** Teenage Mutant Ninja Turtles
**16.50** Belle
**18.35** Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant
**20.15** Teenage Mutant Ninja Turtles Spennandi mynd frá 2014 með Megan Fox og Will Arnett í aðalhlutverkum. Þegar ógn steðjar að íbúum New York borgar er aðeins einn hópur sem getur tekist á við eins stóra ógn og nú blasir við, það eru skjaldbökurnar fimu, Leonardo, Donatello, Raphael og Michelangelo. Framleiðandi myndarinnar er Jonathan Liebesman og leikstjóri er Michael Bay.
**22.00** Our Idiot Brother
**23.35** Kill Your Darlings Sagan gerist árið 1944 og fjallar um upphafsár beat-kynslóðarinnar í Bandaríkjunum. Tvö ungskáld, leikin af Daniel Radcliffe og Ben Foster, flækjast í alræmt morðmál þegar æskuvinur annars er myrtur af manninum sem hann elskaði.
**01.20** Homesman
**03.20** Our Idiot Brother

## RÚV

**14.55** Augnablik – úr 50 ára sögu sjónvarpsins
**16.20** Óskalög þjóðarinnar
**17.20** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hvolpasveitin
**18.24** Unnar og vinur
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Eldhúsdagsumræður á Alþingi
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Frumherjar sjónvarpsins – Ofurhetjur
**23.15** Hamingjudalur
**00.10** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Black-ish
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Rachel Allen's Everyday Kitchen
**13.55** The Voice
**15.25** The Odd Couple
**15.50** Crazy Ex-Girlfriend
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Superstore
**20.15** Hotel Hell
**21.00** Limitless
**21.45** Shades of Blue
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Scandal
**00.35** Sex & the City
**01.00** Rosewood
**01.45** Mr. Robot
**02.30** Limitless
**03.15** Shades of Blue
**04.00** The Tonight Show
**04.40** The Late Late Show
**05.20** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


LEXUS
BORGUN
Golfers
SKEMMTILEGASTA GOLFMÓT ÁRSINS
30. september - 2. október
RYDER CUP
2016
Tryggðu þér áskrift
RYDER CUP 2016
Golfstöðin
Þá er komið að því! Ryder Cup 2016 fer fram á Hazeltine National Golf Club í Bandaríkjunum. Heimamenn eru staðráðnir í því að hefna ófara undanfarinna ára. Skemmtilegasta golfmót heims í beinni á Golfstöðinni 30. september til 2. október.
365.is | Sími 1817
365

# Snýst um að skapa tónlist

Grammy- og Brit-verðlaunahafinn **Joss Stone** er væntanleg til Íslands í næsta mánuði þar sem hún mun halda tónleika í Hörpu.



> ÉG ER MIKIÐ FYRIR SÁLARTÓNLIST, OG TÓNLIST SEM KALLAR FRAM TILFINNINGAR, PLATAN ER FREKAR FRÁBRUGÐIN ÞVÍ SEM ÉG HEF VERIÐ AÐ GERA, HÚN INNIHELDUR REGGÍ, SEM ÉG ELSKA.

**Á tónleikunum í Hörpu 30. október mun Joss Stone flytja lög af nýju plötunni í bland við helstu smelli.** MYND/GETTY.

Söngkonan Joss Stone er væntanleg til Íslands í október, þar sem hún mun koma fram á tónleikum í Eldborgarsal Hörpu. Söngkonan á langan feril að baki en hún hefur meðal annars hlotið Grammy-verðlaun og tvenn BRIT-verðlaun á ferli sínum. Aðeins þrettán ára gömul vann hún hæfileikakeppni á BBC-sjónvarpsstöðinni og í kjölfarið fór boltinn að rúlla hjá þessari ungu söngkonu.

„Þetta gerðist allt mjög hratt, ég tók þátt í hæfileikakeppni á sjónvarpsstöðinni BBC þegar ég var þrettán ára gömul. Umboðsmaðurinn minn hafði samband við mig stuttu eftir þetta kvöld og það var þá sem ég fór að vinna að minni fyrstu plötu,“ segir Joss Stone í viðtali við Fréttablaðið.

Nýjasta plata hennar, Water for Your Soul, kom út 2015 og sýnir vel hvernig unglingsstúlkan með undraröddina hefur blómstrað og þroskast sem listamaður „Ég er mikið fyrir sálartónlist, og tónlist sem kallar fram tilfinningar, platan er frekar frábrugðin því sem ég hef verið að gera, hún inniheldur reggí, sem ég elska. Reggí gerir fólk hamingjusamt og fær fólk til þess að líða vel og frjálst,“ segir hún í léttum tóni.

Á löngum og farsælum tónlistarferli sínum hefur Joss komið fram með fjölmörgum goðsögnum úr tónlistarheiminum, svo sem Rod Stewart, James Brown, Van Morrison, Jeff Beck, Lauryn Hill, LeAnn Rimes, Ricky Martin og Robbie Williams. Joss segir að það hafi verið gott að fá tækifæri til þess að vinna með fólki sem hún ber virðingu fyrir og lítur upp til í faginu „Það er erfitt að segja hverjum var best að vinna með, þau eru öll mjög ólík og ég vann með þeim á ólíkum tímum í lífinu, en það var frábært að vinna með þeim, það skiptir ekki máli hvort þau eru heimsfrægir tónlistarmenn, heldur snýst þetta um hvernig það er að skapa tónlist með góðu fólki og öllum í kring um þig, það eru allir partur af sköpuninni.“

Sem stendur er Joss á tónleikaferðalagi þar sem stendur til að spila í öllum löndum heimsins. „Við erum að spila á stöðum sem ég hef aldrei heyrt um áður, mig hefur alltaf langað til þess að koma í frí til Íslands, eftir að vinafólk mitt heimsótti landið og sagði það virkilega fallegt. Mig grunaði aldrei að ég ætti eftir að fá tækifæri til þess að spila hérna, svo það er óhætt að segja að ég hlakka mikið til,“ segir hún glöð.

Þetta mun því verða í fyrsta sinn sem Joss Stone heimsækir Ísland og kveðst hún spennt fyrir landi og þjóð. Hún mun aðeins dvelja hér í fáeina daga en vonar að það dugi til þess að skoða sig um. „Ég verð að muna eftir því að ég er í vinnunni en markmiðið mitt er að búa til tónlist með einhverjum frá Íslandi, ég mun þó vonandi koma aftur til Íslands seinna, þegar ég er ekki að vinna, og skoða mig um.“

Hvað mega gestir Hörpu eiga vona á að heyra þegar þú kemur til landsins, verður lagið „You Had Me“ á lagalistanum, en það lag sló rækilega í gegn á útvarpsstöðvum landsins á sínum tíma? „Ég kem fram ásamt stórri hljómsveit og aðalmálið er að hafa gaman með gestum tónleikanna. Venjulega tek ég ekki þetta tiltekna lag, en ætli ég geri það ekki núna fyrst ég veit að fólk fílaði það,“ segir hún hlæjandi og bætir við að hún muni líka syngja lög af nýju plötunni sinni í bland við gamalt og gott efni. **gudrunjona@frettabladid.is**

## LANGUR FERILL AÐ BAKI

Joss Stone vann hæfileikakeppni á BBC aðeins **þrettán ára gömul** og samdi við eitt stærsta útgáfufyrirtæki heims **fimmtán ára**.

Hún hefur selt yfir **tólf milljónir platna** á heimsvísu.

Hún hefur komið fram með fjölmörgum goðsögnum og súperstjörnum, svo sem **Rod Stewart**, **James Brown**, **Van Morrison**, **Jeff Beck**, **Lauryn Hill**, **Leann Rimes**, **Ricky Martin** og **Robbie Williams**.

Hún var í hljómsveitinni Superheavy með **Mick Jagger**.

Hún var yngsti kvenkyns listamaður allra tíma sem komst á **topp metsölulista** yfir hljómplötur í Bretlandi.



**Nýja platan, Water for Your Soul, sýnir hún hefur blómstrað og orðið að veigamiklum listamanni.** MYND/GETTY




# Tilboðsvika í Hafinu

**26. - 30. september**

HAFIÐ 10 ára FISKVERSLUN

★ Ýsuréttir í sósum
**1.690 kr. kg.**



★ Þorskur í basil & hvítlauk
**1.690 kr. kg.**





★ Plokkfiskur
**1.490 kr. kg.**

## Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



Hafið Fiskverslun fagnar nú 10 ára afmæli, af því tilefni ætlum við að vera með tilboðsviku dagana 26. til 30. september í öllum verslunum Hafsins.

Við viljum minna á verslun okkar í Skipholti 70 þar sem fiskbúðin Hafrún var áður til húsa.

Opið frá 10 - 18:30 alla virka daga.

Verið hjartanlega velkomin!

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | www.hafid.is | við erum á facebook

HAFIÐ FISKVERSLUN








Norsku hreystimennin öll á Þingvöllum. MYNDIR/TV3

# Norsk hreystimenni þreyttu aflraunir í íslenskri náttúru

**Tólf norskir afreksíþróttamenn og þátttakendur í raunveruleikaþættinum Råskap dvöldu á Íslandi í 20 daga og þreyttu erfiðar aflraunir.**

Í norska raunveruleikaþættinum Råskap sem nýverið var tekinn til sýninga í TV3 í Noregi keppa tólf norskir afreksíþróttamenn til sigurs. Þættirnir voru teknir upp á Íslandi í sumar, nánar tiltekið á Þingvöllum og á Nesjavöllum.

Í hverjum þætti fellur einn úr keppni og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.

Aflraunirnar sem þátttakendur reyna við eru svo erfiðar að sumum tekst ekki að ljúka við þær vegna sársauka.

Íslensk náttúra hefur mikla þýðingu í þættinum og eru þátttakendur sagðir þurfa að beita grimmd og styrk í óþekktu landslagi, finna í sér dýrið til að lifa af. Sex konur og sex karlar keppa. Á meðal þeirra eru ólympíufarar og fólk sem skarar fram úr í sinni íþrótt, skíðum, handbolta og bardagalistum svo eitthvað sé nefnt.

Emil Meek er á meðal keppenda, hann mætti kalla Gunnar Nelson Noregs. Hans helsta afrek var að slá út brasilíska bardagkakappann Rousimir Palhares en þannig fékk hann samning hjá UFC. Emil æfði í bardagaklúbbnum Mjölni á meðan hann dvaldi á Íslandi til að halda sér í góðu formi.

Trine Hattestad hefur unnið gullverðlaun á heimsmeistaramótum, Evrópumótum og Ólympíuleikunum í spjótkasti. Hún er elsti þátttakandi í Råskap.

Fam Elgan er kickboxstjarna í Noregi og hefur unnið til fjölda verðlauna. Hún ætlaði sér á Ólympíuleikana í Ríó en vegna meiðsla ákvað hún að halda sér til hlés og settist á námsbekk í vetur. Hún ákvað að taka þátt í baráttunni á Íslandi sér til gamans.

Frank Loke hefur keppt í 167 handboltaleikjum á Evrópu- og heimsmeistaramótum. Hann er algjör stjarna í handboltaheiminum sem nýverið settist í helgan stein.

kristjanabjorg@frettabladid.is



Fam Elgan er kickboxstjarna í Noregi.



Trine er elst keppenda, gullverðlaunahafi á Ólympíuleikum og margreynd íþróttakona.



Frank hefur keppti 167 handboltaleikjum á Evrópu- og heimsmeistaramótum.



Emil Meek er nokkurs konar Gunnar Nelson þeirra Norðmanna.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Mannakorn

## í Eldborg, 1. október

Mannakorn er ein ástsælasta hljómsveit landsins og kemur nú fram í Eldborgarsal Hörpu í fyrsta sinn.

Sveitinni til halds og trausts er fantagóð strengja– og blásturssveit sem mun gæða öll bestu lög sveitarinnar einstökum blæ.

Miðasala er á tix.is, harpa.is og í miðasölu Hörpu.

DÆGURFLUGAN HARPA

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar

Berglindar Pétursdóttur



# Þögn á vegum

Ég er ekki þátttakandi í bíllausa lífsstílnum, þvert á móti reyni ég að keyra sem mest. Aðalástæðan fyrir því er sú að vinir mínir eru svo margir bíllausir þannig að ef ég væri ekki á bíl gætum við aldrei farið saman í bílalúgur.

Ég bruna um á Jimny-smájeppa sem minnir um margt á hraðskreiðan kuldaskó í útliti. Hann er mín fyrsta sjálfrennireið og mér þykir ægilega vænt um þetta óumhverfisvæna krútt. Frá því að við hittumst fyrst hefur ýmislegt gengið á, ég er búin að klessa á einu sinni og fá stöðumælasekt eða tvær. Það hrikalegasta sem við höfum upplifað saman gerðist þó nýlega og annað eins hef ég aldrei upplifað. Útvarpið bilaði.

Þegar hljóðið byrjaði að gefa sig öðru hvoru dugaði vel að dangla í gripinn, svo urðu þagnirnar lengri. Eftir nokkrir prófanir komst ég að því að ef ég keyrði harkalega yfir hraðahindrun datt græjan aftur í gang. En Adam var ekki lengi í Paradís og nú er hún alveg dauð. Í smájeppanum ríkir nú eilíf þögn.

Það er fátt jafn deprímerandi og að keyra í þögn. Ég veigra mér við að bjóða fólki far, það er einfaldlega of vandræðalegt að vera fastur inni í svona litlum kuldaskó með engan hressan morgunþátt í gangi. En það er líka vont að vera þar einn. Nýlega þurfti ég að keyra úr miðborginni sem leið lá langt út á land, í Mosfellsdal. Með engan í bílnum til að tala við og ekkert að hlusta á fann ég hvernig ég sökk dýpra í innstu fylgsni huga míns. Þegar ég var við það að bugast og sveigja í veg fyrir hrossastóð datt mér í hug að rífa upp stuðið með því að æfa mig að syngja.

Það reyndist langtum meira niðurdrepandi en þögnin sjálf.







